


Hörður Ágústsson

Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta

Listasafn Reykjavíkur Reykjavík Art Museum





---

Forstöðumaður Listasafns  
Reykjavíkur  
Director of the Reykjavík  
Art Museum  
Eiríkur Þorláksson

---

Sýningarnefnd  
Exhibition Committee  
Eiríkur Þorláksson  
Guðmundur Oddur Magnússon  
Pétur H. Ármannsson

---

Verkefnistjórn sýningar  
Exhibition coordination  
Ágústa Kristófersdóttir  
Pétur H. Ármannsson  
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

---

Rannsóknir, heimildaöflun  
og skráning  
Research and documentation  
Arndís S. Árnadóttir

---

Kynningarstjóri  
Public Relations  
Soffia Karlisdóttir

---

Fraðsludeild  
Educational Department  
Ólöf K. Sigurðardóttir

Hörður Ágústsson

---

Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta

---

Listasafn Reykjavíkur Reykjavík Art Museum

---

Ritstjóri Editor  
Pétur H. Ármansson

---

Þýðing Translation  
Alda Sigmundsdóttir

---

Yfirlestur Proofreading  
Páll Bjarnason

---

Ljósmyndun Photography  
Christopher Lund  
et al., and others

---

Hönnun Design  
Atli Hilmarsson

---

Prentun og bókband  
Printing and binding  
Gutenberg hf.

---

Leturgerð Typeface  
Akzidenz Grotesk Linotype

---

Pappír Paper  
Munken Lynx 150 g

---

Sérstakar þakkir fá  
Special thanks to

Hörður Ágústsson  
og fjölskylda hans  
and his family

Aðalsteinn Ingólfsson

Aldis Sigurðardóttir  
Alma Guðmundsdóttir

Auður Ólafsdóttir

Björn Ástrmundsson

Byggðasafn Árnesinga

Byggðasafn Snæfellinga og  
Hnappdæla

Hið íslenska bókmenntafélag

Hönnunarsafn Íslands

Jón Reykdal

Jóhanna V. Þórðardóttir

Kristin G. Guðnadóttir

Listaháskóli Íslands

Listasafn A.S.Í.

Listasafn Íslands

Listasafn Háskóla Íslands

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Lýður Pálsson

Pétur Arason

Reykjalundur  
endurhæfingamiðstöð

Safn, Laugavegi 37

Sigriður Kristín Birnudóttir

Sögusetríð Hvolsvelli

Þorbjörg Þórðardóttir

Þorsteinn Gunnarsson



	6 <b>Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta</b> The Renaissance Man in Icelandic Visual Art
<b>Greinar</b>	10 <b>Könnuður forms og lita</b> Myndlistarmaðurinn Hörður Ágústsson Eiríkur Þorláksson
	28 <b>Að byggja klaustur úr orðstráum</b> Kennarinn og skólamaðurinn Hörður Ágústsson Hildur Hákonardóttir
	32 <b>Að opna augu þjóðar</b> Framlag Harðar Ágústssonar til byggingarlistar Pétur H. Ármannsson
	50 <b>Til almennings</b> Framlag Harðar Ágústssonar til grafiskrar hönnunar Guðmundur Oddur Magnússon
<b>Endurbirt efni</b>	62 <b>„Listaverk er eins og prentmynd af mannlegum huga“</b> Viðtal við Hörð Ágústsson, listmálara
	63   Við álitum að form og litur búi yfir sérstökum seið eða andlegum kraft Kynningarræða 1953
	68   Byggingarlist [1], Birtingur 1. hefti, 1955
	74   Byggingarlist [2], Birtingur 2. hefti, 1955
	81   Mótunarmennt
	82   Íslenzk mótnarmennt
	83   Á áfangaskilum Félag íslenskra auglýsingateiknara
<b>Æviatriði og verk</b>	93 <b>Æviatriði</b>
	93 <b>Sérsýningar</b>
	94 <b>Samsýningar</b>
	95   Viðtöl og afmælisgreinar
	95   Ritaskrá 1952 – 2004
	98   Helstu heimildir um sýningar og störf
	100   Útvarps- og sjónvarpsefni
	101   Bóka- og prenthönnun Drög að skrá
	102   Húsakannanir og endurgervingarverkefni
	102   Hús og innréttigar

# Endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta

Eiríkur Þorláksson

Guðmundur Oddur Magnússon

Pétur H. Ármannsson

Hörður Ágústsson er tyri löngu orðinn kunnur sem einn af fremstu og fjölhæfustu listamönnum þjóðarinnar. Á ferli sem spannar meira en hálfu öld hefur hann skilað margföldu lífsstarfi sem myndlistarmaður, hönnuður, kennari, gagnrýnandi, rithöfundur, fræðimaður á sviði sjónvisinda og brautryðjandi í rannsóknarum á íslenskri húsagerðarsögu. Síðast en ekki síst er hann einn helsti baráttu- og hugsjónamaður á sviði íslenskra sjónlista, talsmaður þess að umbúnaðurinn sem slikur eigi sér innihald og að mennt og menningararfur forms og lita sé engu síðri en orðsins list.

Hörður Ágústsson nýtur nú óskoraðrar virðingar og hefur hlotið margvislegar viðurkenningar fyrir verk sín, en þrátt fyrir það er sýn flestra á fjölbætt ævistarflans nokkuð brotakernd. Peir sem vel þekkja fræðimanninn Hörð veita listsþópun hans litla athygli, og áhugafólk um myndlist Harðar þekkir störf hans á sviði fræða og rannsókna mest af afspurn. Enn færri vita um verk Harðar á sviði hönnunar og bókagerðar, en þau störf skapa þó mikilvæga tengingu milli fræðimannsins og myndlistarmannsins.

Það hefur löngum verið talinn aðall góðra verkmannar, að þeir hafi verið heillir og óskiptir í áhuga sinum á þeim sviðum, sem þeir helguðu lif sitt. En slik skilgreining er ekki einhlít, og það kemur ef til vill hvergi betur fram en í ferli Harðar Ágústssonar. Sá maður, sem vinnur í senn að list og könnun á heiminum, leitar þekkingar á fjölmögum sviðum, kynnir sér þau í þaula og heldur síðan fram skoðunum sinum án tillits til tiðarandans, hefur á erlendum málum oft verið nefndur „Renaissance Man“. Vist er að Hörður Ágústsson bér með sóma nafngiftina endurreisnarmaður íslenskra sjónmennta.

Hörður Ágústsson er endurreisnarmaður í fleiri en einum skilningi. Í listsþópun sinni hefur hann sött meir í sjónmenntaarf itólsku endurreisnarinnar og grunnrannsóknir forms og lita en fliestir íslenskir samtiðarmenn hans. Jafnframt hefur hann leitast við að sameina þekkingu klassisku meistaranna og

móderniska hugsun 20. aldar. Í rannsóknunum sinum og kennslu hefur hann verið knúinn áfram af hugsjóninni um að endurreisn sé nauðsynleg á sviði íslenskra sjón- og mótnararmennta. Og líkt og þeir Alberti og Pacioli hefur Hörður verið óþreytandi að veikja athygli á gleymdum menningararfí fyrrti tíðar, draga fram í dagsljósið forna þekkingu, nýta hana í eigin listsþópun og setja fram á skipulegan hátt í ræðu og riti.

Á sýningunni í vestursal Kjarvalsstaða er leitast við að varpa ljósi á framlag Harðar Ágústssonar á sviði myndlistar, hönnunar og byggingarlistar og hvernig hinir óliu þættir fléttast saman í einstæðu lífsverki, þar sem enginn þeirra verður skilinn án vitundar um hina. Það er trú okkar að ævistarfl Harðar sé þörf áminning um það erindi sem heildraen sýn endurreisnarmannsins á við samtíma okkar.

Við undirbúnung sýningarárinnar hefur Listasafn Reykjavíkur notið velvilda fjölmargra er hafa veitt upplýsingar og aðstoðað við rannsóknir á ferli Harðar Ágústssonar með einum eða öðrum hætti, sem ber að þakka. Viljum við sérstaklega nefna mikilvægt framlag Arndisar S. Árnadóttur listfræðings, sem hefur tekið saman ritaskrá, yfirlit yfir sýningar listamannsins og æviferil, auk annarrar rannsóknarvinnu.

Það er að lokum von okkar að með sýningunni takist að veita örliða innsýn í hið margbætta lífsstarfl Harðar Ágústssonar. Einnig vonum við að með þessari sýningarskrá sé orðinn til fyrsti visir að eins konar „handbók í Herði“, er geti orðið áhugafólk um feril þessa merka listamanns að gagni við frekari skoðun á listsþópun hans og rannsóknum.

For a long time, Hörður Ágústsson has been regarded as one of Iceland's most prominent and multi-talented artists. Over a period spanning more than half a century he has delivered a multi-faceted career as a visual artist, designer, teacher, critic, writer, academic in the field of visual art, and pioneer in researching Iceland's architectural heritage. Last but not least, he is one of the primary activists and ideologists in the field of Icelandic visual art, a champion of the notion that the packaging of the thing itself contains some kind of substance and that education and the cultural heritage of form and colour are no less valuable than the art of the written word.

Hörður Ágústsson enjoys uncontested respect and has received diverse recognition for his work. Nonetheless, the vision most people have of his varied career is rather fragmented. Those who are well acquainted with Hörður the academic pay little attention to his works of art, and those interested in Hörður's art are only remotely familiar with his work in the fields of theory and research. Fewer still know about Hörður's work in design and bookbinding, which nevertheless form an important tie between the academic and the artist.

It has long been considered a sign of a good craftsman that he give his whole and undivided attention to his life's work. But this concept does not always apply, as aptly demonstrated by Hörður Ágústsson's career. A man who works both at his art and at exploring his understanding of the world, who seeks knowledge in many fields, investigates them thoroughly and then presents his views irrespective of the Zeitgeist – such a man is often referred to as a Renaissance man. And one thing is certain: Hörður Ágústsson can carry the title Renaissance Man in Icelandic Visual Art with pride.

Yet Hörður Ágústsson is a Renaissance man in more than one respect. In his art he has borrowed more from the artistic heritage of the Italian Renaissance and the basic study of form and colour

than most of his Icelandic contemporaries. He has also endeavoured to unite the understanding of the classic masters with modernistic thinking. In his research he has been driven by the ideal that reconstruction is necessary in Icelandic visual and form training. And like Alberti and Pacioli he has tirelessly called attention to the forgotten cultural heritage of former times, brought to light ancient knowledge, used it in his own art and presented it systematically both verbally and in writing.

The exhibition in the west hall of the Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir attempts to shed light on Hörður Ágústsson's contribution to the fields of art, design and architecture, and how these different concepts are woven together into a unique career where none can be fully understood without the others. It is our conviction that Hörður's life's work is a necessary reminder of the value of the all-incorporating vision of the Renaissance man in our modern times.

In constructing the exhibition, the Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir has enjoyed the good assistance of many people who have provided information and helped with research into Hörður Ágústsson's career in one way or another. Thanks go out to each and every one of them. We would particularly like to cite the important contribution made by art historian Arndís S. Árnadóttir, who has worked on creating a bibliography, as well as an overview of exhibitions by the artist and of the main events in his life and work, in addition to conducting other research.

Finally, it is our hope that this exhibition may give some small insight into the multi-faceted career of Hörður Ágústsson. We also hope that this exhibition programme may be viewed as the precursor to a 'Hörður-handbook' and may be useful to those interested in the career of this important artist, and those who wish to further delve into his art or research work.



## Greinar

- 
- 10. **Könnuður forms og lita**  
Myndlistarmaðurinn Hörður Ágústsson  
Eiríkur Þorláksson

---

  - 28. **Að byggja klaustur úr orðstráum**  
Kennarinn og skólamáðurinn Hörður Ágústsson  
Hildur Hákonardóttir

---

  - 32. **Að opna augu þjóðar**  
Framlag Harðar Ágústssonar til byggingarlistar  
Pétur H. Ármannsson

---

  - 50. **Til almennings**  
Framlag Harðar Ágústssonar til grafiskrar hönnunar  
Guðmundur Oddur Magnússon

# Könnuður forms og lita

## Myndlistarmaðurinn Hörður Ágústsson

Eirikur Þorláksson

Hörður Ágústsson var snemma ákveðinn í hvað hann ætlaði að taka sér fyrir hendur í lífinu: Hann ætlaði að verða bæði listmálar og arkitekt, málá formiðdaginn og byggja eftirmiðdaginn – en viðurkennir strax að betta hafi honum þó aldrei tekist.<sup>1</sup> En þessi ásetningur vék aldrei frá honum, og varð lykillinn að þeim fjölfraðamanni, sem Hörður átti eftir að reynast á löngum og farsælum ferli sinum.

Hörður fékk sína fyrstu teiknikennslu í Ingimars-skóla hjá Birni Björnssyni, en stundaði síðan nám við Menntaskólan í Reykjavík með þann ásetning í huga að fara síðan utan til náms í arkitektur; þar kenndi hins vegar Finnur Jónsson listmálar teikningu í 3. bekk, og varð fyrsti maðurinn til að hvetja Hörð til að verða listamaður. Þegar hann útskrifaðist úr Menntaskólanum vorið 1941 var síðari heimsstyrjöldin hins vegar skollin á, Ísland hernumið land og Evrópa lok-uð.<sup>2</sup>

Ýmsir jafnaldrar hans fóru á striðsárunum til Bandaríkjanna til að læra – Kristján Daviðsson, Kjartan Guðjónsson, Jóhannes Jóhannesson og Valtýr Pétursson. Sjálfum kom Herði ekki til hugar að leita þangað til mennta; var þar hvort tveggja, sósialisk hugsun hins unga hugsjónamanns sem vildi sem minnst hafa með hið kapitalísku störveldi að gera, og sú staðreynsd að hugurinn stefndi á þeim tíma að listnámi á klassískum grunni, sem honum fannst eingöngu hægt að sækja til Evrópu.

Hann settist því á skólabekk í verkfræðideild Há-skóla Íslands einn vetur og sótti einkatíma til Einars Sveinssonar arkitekts, hvort tveggja til undirbúnings námi í arkitektur. Samhliða gekk Hörður two vetur í Handiðaskólan, þar sem hann naut leiðsagnar manna eins og Kurt Zier, Þorvaldar Skúlasonar og Gunnlaugs Scheving. Má ætla að í því námi hafi myndlistin náð yfirhöndinni – þar var grunnurinn að framtíðinni lagður, því eftir að striðinu lauk sótti Hörður sér einkum nám í myndlist til ýmissa Evrópulanda.

Hörður hefur sagt að námtíminn í Handiðaskólanum hafi verið hans besti skóli í myndlistinni;

síðara nám á erlendri grundu hafi verið hjóm eitt við hlið þeirrar markvissu fræðslu og tilsvagnar, sem hann naut hjá kennurum skólans, og hann hafi búið að því alla tið. Gildi þess náms sem hann átti eftir að stunda síðar í Kaupmannahöfn, London, Paris og á Ítalíu hafi í raun falist í tækifærinu til að vinna sjálfstætt og læra af eigin reynslu á þeim grunni sem hafði verið lagður í skólanum við Grundarstíginn í Reykjavík.

En það var annað sem fylgdi hernámi Íslands og átti eftir að reynast Herði mikilvægt til framtíðar: Með auknum samskiptum við Bandaríkin á striðsárunum barst hingað til lands umtalsvert af listaverkabókum, sem Hörður drakk í sig af mikilli áfergu. Má segja að aðdáun hans á móderneismanum hafi orðið til að þessum árum fyrir tilstilli slikra bóka, þannig að Hörður hafi í raun náð vopnum sinum í myndlistinni áður en hann lagði af stað í nám sitt í Evrópu.<sup>3</sup> Í hugmyndum hans á þessum tíma renna saman í eitt áhugi hans á eldri myndlist, mikilvægi nýrra hreyfinga, og ekki síst bjóðfélagsleg viðhorf, þar sem koma saman jafnaðarhugmyndir sósialismans og miskunnsemi kristindómsins. Hörður lýsti þessum grunni sinum ágætlega í viðtali í tilefni yfirlitssýningar sem haldin var í Listasafni Íslands 1983:

„Ég vildi gjarna læra sem flest um gömlu meistarana og hafði ekki síst hugann við endurreisnartímann, þegar menn unnu í senn að list og rannsókn á heiminum. Peim klassísku hugmyndum vildi ég koma á framfæri í myndum ásamt með módernískum hugmyndum sem við höfðum frá Þorvaldi og Scheving. Við vorum lika mjög upptendraðir af frelsi og framtíð kornungs lýðveldis á Íslandi á þessum árum. Mér var mikið í mun að taka íslenskan veruleika með okkur inn í málverkið. Og hjá mér runnu lika saman rót-tækar réttlætishugmyndir sósialismans og bræðralagshugmyndir kristindómsins.“<sup>4</sup> Þessar hugmyndir mótuðu mjög fyrsta skeið hans í myndlistinni.

Haustið 1945 sigldi Hörður til Kaupmannahafnar og settist þar í hina konunglegu listaakademiu um veturinn, en fannst lítið til námsins koma, sem var

<sup>1</sup> Dagblaðið, 9. okt. 1976.

<sup>2</sup> Þjóðviljinn, 5.–6. nóvember 1983; viðtal Árna Bergmann við listamanninn.

<sup>3</sup> Samtal höfundar við listamanninn 24. mars 2004.

<sup>4</sup> Þjóðviljinn, 5.–6. nóv. 1983; viðtal Árna Bergmann við listamanninn.

kirfilega bundið á klafa gammala kennsluaðferða. Í bókasafni akademíunnar kynntist hann þó ýmsu áhugaverðu, m.a. verkum Pauls Klee, sem hann hafði ekki séð áður. Vorði 1946 fór hann hins vegar til London, þar sem hann fékk að sækja tíma hjá Court-auld-listastofnuninni auk þess sem hann fékk að kópiera myndir á National Gallery. Þar minnist Hörður sérstaklega verka Titian, sem síðar áttu m.a. eftir að verða honum fyrirmund nýrra verka.

Um sumarið fékk Hörður afnot af vinnustofu Karls Kvaran í Skerjafirði, þar sem hann vann að myndum úr íslenskum sjávarþorþum, sem var mikilvægur vottur um hugmyndir hans um hlut alþýðunnar í listinni. Hörður dvaldi síðan í Reykjavík og vann að list sinni um sinn og stofnaði m.a. skóla í kjallara á Laufásveginum. Þennan veturn málaði hann m.a. portrett af Kristjáni Júliussyni, sem er nú á safni á Húsavík.

Vorði 1947 hélt Hörður til Parísar, þar sem hann átti eftir að dvelja lengstum allt til 1952 við nám í akademíum, en lærdi þó mest í formi sjálfsnáms (t.d. leigðu hann og Hjörleifur Sigurðsson saman módel til að vinna eftir). Í París var saman kominn hópur íslenskra listamanna, sem átti eftir að gera sig gildandi í menningarlfínu heima á Íslandi á næstu áratugum, en auk þeirra Hjörleifs má nefna þá Valtý Pétursson og Thor Vilhjálmsson. Í borginni var mikil listrængerjun, þar sem fór saman að listamenn streymdu viðs vegar að til Parísar eftir lok heimsstyrjaldarinnar, og tilfinningin fyrir nauðsyn listrænnar uppbyggingar í kjölfar stríðsins sveif yfir vötnum. 1948 fór Hörður í afar mikilvæga ferð til Flórens (þar sem hann m.a. hitti fyrir Gerði Helgadóttur) þar sem honum gafst tækifæri til að sjá með eigin augum verk meistara endurreisnarinnar og kópiera þau. Þessi ferð átti eftir að reynast honum mikilvægur grunnur fyrir framtíðina, því i henni gerði hann sér betur ljóst en nokkrum sinni fyrr mikilvægi teikningarinnar og formfræðinnar í sköpun listaverksins.

Hörður hélt sína fyrstu einkasýningu í Galerie Raymond Duncan í París sumarið 1949, en kom síðan með hana heim, þar sem sömu verk voru sýnd í Listamannaskálanum í september sama ár. Á sýningunni voru 63 málverk, en auk þess nokkur fjöldi teikninga, sem segir til um áhuga listamannsins á að minna á gildi þessa undirstöðuþáttar myndlistarinnar.

Segja má, að á þessari fyrstu sýningu Harðar opinberist öðru fremur fyrsta tímabilið í myndlist hans, sem má kenna við hinn íslenska, kristna ættjarðarvin. Flestar myndanna voru helgaðar íslenskum alþýðuminnum með kristilegu ívafi, eins og titlarnir bera margir með sér, en meðal þeirra má finna nöfn eins og „Skip leggur að“, „Saga um sild“, „Uppskipun“, „Síldarstúlkur“, „Skip mitt kom af hafi í gær“ og

,Stúlka, barn, fugl og sól“; þetta voru myndefni, sem listamaðurinn hafði byrjað að vinna með tveimur árum fyrir. Þó má frekar tala um hugsýnir en raunveruleika, og bent var á að káldir littónar myndanna gefi þeim ákveðinn blæ dulúðar, sem nálgist ef til vill myndblæ surrealismu.<sup>5</sup> Í þessum verkum var einnig að finna sterka geometriska myndbyggingu, sem var auðsærrí en örðið var hjá öðrum samtímmamönnum hans í listinni á þessum tíma. Stærstu verkin á sýningunni voru „Fyrsti sonur Mariu“ og „Vinnuhlé“, þar sem segja má að kristni og kommúnismi sameinist í íslensku umhverfi Bibliusagna, þar sem fjallræðan er færð inn í íslenskt umhverfi.

Viðbrögð við sýningunni voru einkar jákvæð í Þjóðviljanum, enda fell myndefnið vel að því viðhorfi vinstrímanns, að alþýðan ætti að vera upphaf alls í listinni, ekki síður en á öðrum svíðum. Í frétt blaðsins af sýningunni var bent á, að verkin beri þess merki að listamaðurinn hafi haft góð tækifæri til að mennta sig í listinni, enda dvalið síðustu tvö ár í París:

„Það er auðséð að höfundur þeirra hefur fengið tækifæri til að ganga uppá hólinn þar sem vindar heimsmenningarinnar leika um mann. En hann hefur haft lag á að samræma það, sem hann lærir í útlandinu, því, sem hann þekkir heima; – og þar er fólgjó höfuðgildi verka hans. Þau eru íslensk: þjóðleg. Höfundurinn siglir til útlanda að temja sér sem fullkomust vinnubrögð, en hann gleymir samt ekki þeim gamla sannleik, að góður listamaður getur enginn örðið nema hann yrki samkvæmt uppruna sínum.“<sup>6</sup>

Aðrir voru ekki eins velviljaðir í ummælum um sýninguna, en í tilefni sýningar hans tveimur árum síðar rifjaði einn ummælandi upp þessa sýningu: „Hörður hefur sýnt hér sjálfstætt einu sinni áður, haustið 1949. Myndir hans frá því tímabili voru vægast sagt áhrifalitlar, þó að þær sýndu mikinn vilja, nánast sagt einlæga viðleitni í þá átt að tjá einhvern trúraðan yl, en hráleiki lita og tvístraðar og óákveðnar línum kæfðu í fæðingunni flest, sem vakti fyrir hinum góðhuga málara.“<sup>7</sup>

Pessi fyrsta sýning markaði hins vegar einnig endir þessa tímabils í listsköpun Harðar, því að list hans tók nokkrum breytingum á þessum síðustu árum í París (en hann flutti loks heim til Íslands 1952). Má með nokkrum rétti rekja þær til myndraðarinnar um Monsieur Maitre, en sú röð samanstendur bæði af olíumálverkum og teikningum. Umræddur herramaður var óreglumaður sem bjó í sama húsi og Hörður í París og var alltaf að betla af honum fé, og ákvað listaðurinn þá að fá hann til að sitja fyrir gegn þóknun í stað þess að standa í þessu betli. Hörður notaði betta tækifæri til mikillar greiningar á myndefninu, auk markvissrar notkunar á litum og formum, þann-

<sup>5</sup> Morgunblaðið, 23. sept. 1949.

<sup>6</sup> Þjóðviljinn, 17. sept. 1949.

<sup>7</sup> Lif og list, ágúst/okt. 1951.

ig að úr verður áhrifamikil myndröð. Upp frá þessu tók að bera meira á áhuga hans á abstraktlistinni, sem þá var að ryðja sér til rúms með afgerandi hætti í listheiminum, og varð nú helsti farvegur íslenskrar myndistar næsta áratuginn og gott betur.

Sjálfur fór Hörður varlega af stað á þessum vettvangi, forðaðist yfirborðsmennsku en vann litlar myndir, þar sem formin voru allsráðandi, en lítill litatnotkun; hann leit aðeins til náttúrunnar sem fordæmis, því að þar væri að finna allt sem til þurfti, form og liti. Þetta kom skýrt fram í forsíðuviðtali sem tekið var við listamanninn í vikublaðinu *Gandi*, sem kom út í fyrsta sinn í lok október 1951, en þar var Hörður spurður hvort hann væri að málá abstrakt: „Ég tel mig ekki vera abstraktmálarar. Abstrakt eru aðeins þeir málarar, sem reyna að gefa útrás hugmyndum og tilfinningum, sem ekki hafa neinn aftvaka í hinni ytri náttúru, heldur koma beint úr þeirra eigin sálarlifi, án tengsلا við umhverfið. Orðið abstrakt þýðir raunverulega allt það, sem hvorki verður séð né þreifað á, og þess vegna má til sanns vegar færa að í allri list sé eitthvað abstrakt.“<sup>8</sup>

Listferill Harðar Ágústssonar var hafinn með þessum fyrstu einkasýningum, en hann tók einnig þátt í samsýningum hér á landi og erlendis. Pannig átti hann verk á *Salon d'Automne* í París um haustið, og einnig í *Salon de Mai* og *Salon des Indépendants* í París bæði 1950 og 1951; einkasýning sem haldin var í Listamannaskálanum í október 1951 var áður í *Galerie Breteau* í París um sumarið 1951.

Með þeiri sýningu henti Hörður sér af fullum krafti inn í hrungiðu umræðunnar um abstraktlistina, sem varð ríkjandi í myndlistinni hér á landi á 6. áratugnum. Vegna þessa er rétt að benda á, að viðbrögðin við sýningunni í París voru þó nokkuð ólik; franski gagnrýnandinn Robert Vrinat skrifaði um sýninguna í *Arts-Beaux-Arts* í júlí 1951:

„Hörður Ágústsson, sem um nokkurt árabil hefur starfað í París og sökkt sér ofan í vinnu sína, ber íslenskri list vitni. Hér hefur hann þroskað með sér endurminninguna um land sitt, hér hefur hann fundið sér réttan stil til þess að túlka hana, hér hefur hann göfgað hæfileika sína og fundið þeim form. Í málverkum hans er byggingin ströng, örugg og þríð (plastisk), og enda þótt hann hafi ekki horfið frá því að tjá náttúruna, hefur hann gert form hennar einfaldari og ummyndað þau. Yfir myndum hans hvílir saknaðarblær. Hann á yfir miklu litavalli að ráða og getur því málað gagnsætt vatn, blátt eða grænblátt haf með hvitu löðri, ásamt hrynjandi báta og segla með litum menguðum salti. Hann málar hina rólegu krafta landslagsins, og loks fólkid sjálf, sterkelega sjómenn undir ljósum himni, þar sem rökkrið verður

aldrei að veruleika.“<sup>9</sup>

Viðbrögðin hér heima voru að þessu sinni ekki jafn jákvæð og tveimur árum fyrr, svo vægt sé til orða tekið, enda átti hinn nýi still sér fáa formælendur fyrsta kastið. Í *Morgunblaðinu* lýsti „Orri“ vonbrigðum sínum með sýninguna, því hann saknaði hins hlutbundna og sagði í raun nóg komið: „Það veldur nokkrum vonbrigðum að hann [Hörður] hefur að mestu lagt á hilluna að mála mannamyndir, og samstæður með fólk og húsum, eða hliðstæðu efni, sem íslensk list er alls ekki ofhlaðin af. Hins vegar er bráðum nóg komið af hugmynda samsetningum al-óhlutræns viðhorfs, sem hinir ungu menn virðast keppast við að taka hver eftir öðrum, og er náttúrulega framandi áhrif, og þá fyrst og fremst frönsk áhrif, sem samrýmist varla íslenskum hugsunarhætti, enda oft nauða ósjálfstætt eða beinlinis tekið eftir öðrum listamönnum.“<sup>10</sup> Í timaritinu *Lif* og list er tekið enn sterkar til orða: „Því miður hefur málaranum tæpast tekist að finna þá túlkunar-áðferð, sem hæfir honum; að minnsta kosti fer þessi abstrakt-neo-expressionismi málaranum illa. Litirnir í flestum þessum hugmyndum (fantasium) eru þungir, falla illa saman, einhver grútarkeimur af samsetningu þeirra, lítur og litir margra oliumyndanna skortir sveiflur og iðandi hreyfing, léttan samleik; það er eins og málarinn skeytti ekki um að byggja margar þessara mynda úr andstæðuáhrifum (kontrast) litanna, svo að maður fer að fá hugboð um, að málarinn athugi tæplega áhrif ljóss og skugga í náttúrunni ellegar vinni myndir sínar við lélega birtu, hálfgerða grútartýru – jafnvell!“<sup>11</sup> – Ummæli sem þessi voru aðeins meðal fyrstu skotanna í umræddu striði, sem ekki verður rakið frekar hér, enda hafa því verið gerð góð skil í ýmsum sýningarskráum á undanförnum árum.<sup>12</sup>

Hörður tók þátt í baráttu abstraktlistamanna sem skapandi listamaður, sem hélt einkasýningar og tók þátt í mikilvægum samsýningum (sjá lista yfir sýningar Harðar annars staðar í skránni), bæði hér á landi og erlendis; þannig tók hann t.d. þátt í *Salon d'Octobre* í París haustið 1952, en þar var um að ræða eins konar sýningu mótmælenda, sem stefnt var gegn ofurvaldi *Salon de Mai* í frönsku listalífi. En Hörður tók ekki síðri þátt í baráttunni með því að leitast við að fræða, einkum eftir að hann flutti heim til Íslands það sama ár; hann skrifaði greinar, hélt fyrilestra og kennni, sem leiddi til þess að hann var á þessum tíma gjarna talinn „mestur ‚theoretiker‘ ... okkar ungu myndlistarmanna, enda hefur hann bæði skrifað mikið um myndlist og flutt fyrilestra.“<sup>13</sup>

Slikar tilraunir listamanna til að fræða hinn allmenna listunnanda voru nýlunda á þessum tíma, og gátu af sér fjarlegt listalíf, þó andstæðingarnir væru oftar en ekki ósveigjanlegir og orðljótir í garð ,klessu-

<sup>8</sup> *Gandur*, 1. tbl. I. árg., 29. okt. 1951.

<sup>9</sup> *Arts-Beaux-Arts*, 6. júlí 1951.

<sup>10</sup> *Morgunblaðið*, 23. okt. 1951.

<sup>11</sup> *Lif* og list, ágúst/okt. 1951.

<sup>12</sup> Til frekari fröðleiks má m.a. benda á sýningarnar „Íslensk abstraktlist“ á Kjarvalsstöðum 1987 (sýningarskrá) og „Draumurinn um hreint form – Íslensk abstraktlist 1950 – 1960“ í Listasafni Íslands 1998 (sýningarskrá).

<sup>13</sup> *Gandur*, 1.tbl. I. árg., 29. okt. 1951.

málaranna'. Eitt merkasta framlagið í þessari umræðu var stutt ræða sem Hörður flutti við opnum haustsýningarárinna í Listamannaskálunum árið 1953, en þar sýndi hann verk sín ásamt þeim Eiríki Smith, Karli Kvaran, Svavari Guðnasyni og Sverri Haraldssyni, en þetta var að líkendum í fyrsta sinn sem haldin var fræðileg umfjöllun í ræðu við opnum myndlistarsýningar hér á landi. Í upphafi máls síns segir Hörður að tilefni orða sinna væru kvartanir í seinni tið um að listin væri að fjarlægjast fólkio, og bilið sifellt að stækka. Eftir að hafa vísað til orða Halldórs Laxness og Jóns Stefánssonar um dæmi varðandi ólik viðbrögð við hinu þekktu og hinu ókunna, visar hann til tónlistar til stuðnings þeirri skoðun sinni, að hið óhlutbundna hljóti ætið að vera verðugt viðfangsefni: „Óhátiðlegar mætti orða þetta svo: Við álitum að form og litar búi eins og hljómurinn og tónfallið yfir sérstökum seið eða andlegum krafti. Í viðjum eftirmynadar eru þau að einhverju leyti dreppin í dróma. Það er eins og hún tefti leikinn eða samspilið. Þess vegna er henni sleppt. Þið skuluð því ekki reyna að sjá eftirlíkingu í þessum myndum. Hún er þar blátt áfram ekki til.“<sup>14</sup>

Viðtökurnar við sýningu Harðar 1954 voru mun betri en þremur árum fyrr, enda fór skilningur vaxandi á abstraktlist, og komnir voru til starfa tveir skribentar, sem skildu hvað um var að vera, og studdu það af heilum hug.<sup>15</sup> Báðir tóku til þess með hvaða hætti verk hans höfðu breyst, en nú útfærði hann með litum verk sem áður (t.d. á haustsýningunni 1953) höfðu aðeins verið í gráskalanum; jafnvægi lita og forma þykir mun betra en áður, eða eins og Valþýr Pétursson segir: „Hann hefur fundið litastiga, sem honum hefur tekist að gera að sinu eigin tjáningarförm, og verk hans verða persónulegri fyrir bragðið.“<sup>16</sup> — Þetta kemur vel fram í myndum eins og ‚Minniborg‘ og ‚Borgarland‘ sem báðar eru frá 1954, en þau verk eru góð dæmi um það jafnvægi forma og lita, sem listamaðurinn hefur náð að skapa.

Nú liðu fimm ár fram að næstu einkasýningu Harðar, en á þessum tíma var margt að gerjast í lífi listamannsins. Hann var orðinn fjölskyldumaður, og hafði tekið að sér kennslu við Myndlistarskólanum í Reykjavík, þar sem hann kenndi formfræði og litfræði. Hörður hellti sér út í rannsóknir á þessum svíðum í eigin listsíðun samhliða kennslunni, og þar með endurskoðun á allri sinni eigin hugmyndafræði í myndlistinni, m.a. með tilvisun til optískra mynda, sem Hörður kynntist þegar hann dvaldi um tíma í París 1955 – 56. Hann átti síðan eftir að halda áfram þessum rannsóknum um langt árabil samhliða öðrum verkefnum, en þær leiddu hann um síðir til notkunar litlimbanda í stað olíu í málverkum sinum nær fimmtán árum síðar.

<sup>14</sup> Kynningaræða flutt við opnum Haustsýningarárinna í Listamannaskálunum 17. sept. 1953; ræðan er birt í heild sinni annars staðar í þessari sýningarskrá.

<sup>15</sup> Þetta voru þeir Valþýr Pétursson, sem skrifaði um myndlist í Morgunblaðið, og Björn Th. Björnsson, sem skrifaði í Þjóðviljann.

Athyglisverður þáttur í listsíðunum Harðar á sjötta áratugnum eru nokkrar veggmyndir sem hann vann inn í opinberar byggingar. Sú fyrsta var í afgreiðslusal útibús Búnaðarbanksins að Laugavegi 118, gerð árið 1953 í samráði við arkitektinn Gunnlaug Halldórsson. Ónnur var í kaffistofu Arnarhváls, unnin úr korki, og sú þriðja í tengigangi Samvinnuskólans að Bifröst, báðar frá árinu 1957; loks var veggmynd í vinnuskála á Reykjalandi, gerð 1958 – 59.

Einnig varð hann ein af drifffjöðrunum við útgáfu timaritsins Birtings og einn helsti hönnuður þess, en það hóf göngu sína 1955. Birtingur var einn helsti vettvangur umfjöllunar um nýjar listir á öllum sviðum hér á landi allan þann tíma sem það var gefið út, allt til 1968, og á þeim vettvangi fjallaði Hörður öðrum fremur um annað helsta áhugasvið sitt, byggingarlistina, auk þess sem hann fjallaði einnig um myndlist í timaritinu.

Það fyrsta sem menn tóku eftir á sýningunni 1959 var að hér var Hörður enn kominn á nýjar slóðir, enda verkin afrakstur rannsókna hans og tilrauna á undangengnum árum, þar sem sameinuðust áhugi hans á myndlist og byggingarlist. Sýningin var opnuð 29. ágúst í Listamannaskálunum, og er líklegt að listamaðurinn hafi verið einkar ánægður með kynningu á sýningunni í Morgunblaðinu þann sama dag, en þar sagði m.a.: „Skiptast verkin eiginlega alveg í two flokka og eru hengd þannig upp. Annars vegar eru lyriskar stemmningsmyndir, sem listamaðurinn sjálfur kallar hreinar landslagsmyndir. Hins vegar er rytmískur leikur með form í svörtu og hvítu. Annað minnir á vinnubrögð ljóðskálða, hitt á verk arkitekta.“<sup>17</sup> Ekki voru allir fyrri félagar meðal listamanna jafnhrifnir af breytingunni, en Valþýr Pétursson viðurkenndi þó, að breytingarnar bæru kjark listamannsins vitni: „Alltaf er það gleðilegt, þegar listamenn hafa kjark til að fara nýjar leiðir, og ég virði það sannarlega við Hörð Ágústsson að vilja hasla sér völl í ferskum stil. Raunverulega er ekkert eðlilegra en að menn leiti fyrir sér, og eitt er víst, að einmitt þannig hefur margur góður hlutur orðið til.“<sup>18</sup>

Það má með nokkrum rétti segja, að sjöundi áratugurinn hafi orðið eins konar millikafli í myndlistinni hjá Herði, enda verkefnum hlaðinn á öðrum sviðum. Frá 1961 eyddi hann flestum sumrum í ferðalög um landið við rannsóknir á gömlum húsum fyrir tilstilli styrkja úr Vísindasjóði. Árið 1962 tók hann að kenna við Myndlista- og handíðaskólanum, þar sem hann kenndi formfræði, en kennsla hans reyndist flestum nemendum þar mikil opinberun. Samhliða þessum störfum hélt Hörður þó áfram að koma á óvart í myndlistinni; á sýningu í Ásmundarsal við Freyjugötu vorið 1960 sýndi hann kolateikningar sem hann hafði gert

<sup>16</sup> Morgunblaðið, 2. nóvember 1954.

<sup>17</sup> Morgunblaðið, 29. ágúst 1959.

<sup>18</sup> Morgunblaðið, 8. sept. 1959.

i Paris 1949 – 51 og ekki sýnt áður, andlitsmyndir og stúdiur. Að sögn ákvað hann að sýna þessar myndir „ekki sist vegna þess að dráttlistin er orðin að hornreku hér, litilsmetin í öllu því flóði af málverkasýningum sem nú er á ferð, en hún er undirstöðugrein myndlistar.“<sup>19</sup> Gunnlaugur Scheving þakkaði Herði sérstaklega fyrir þetta framtak, því að „teikningin ein og útaf fyrir sig hefir ávallt verið í miklum heiðri höfð meðal listamanna, bæði fyrr og síðar. Hún hefir verið undirstaðan og síðferði í listsþópun margra stærstu myndlistarmanna sögunnar.“<sup>20</sup>

Enn kom Hörður á óvart með litill sýningu á Mokka vorið 1962, sem síðan fór einnig til Akureyrar. Þar sýndi hann eingöngu vatnslitamyndir, eins konar náttúrustemmur sem hann sagði unnar í framhaldi af þeim expressionísku myndum sem hann hafði málað 1949 – 51.

1965 sýndi hann svo tæplega fjörutíu teikningar á ný í Bogasal Þjóðminjasafnsins, undir yfirskriftinni „Svart – Hvitt“, allar unnar með svörtum vatnslit. Myndunum skipti hann í two hluta, annars vegar „píslarvotta og postula“, og hins vegar „hugspeglanir og geðhrif“. Geir Kristjánsson rithöfundur fylgdi sýningunni úr hlaði með stuttri grein undir yfirskriftinni „Myndir sem lífa hugsanalifi“, en þar sagði hann m.a.: „Þessar myndir flytja ekki ræður, lýsa engu á ytra borði, en maður sér þær hugsa. Peirra lif er hugsanalif, og kannski er það þetta sem gerir Hörð að þeim góða portrettmálara sem hann er. Svona myndir verða alltaf skemmtilegar og spennandi félagsskapur. Með þeim er óhætt að stofna til langra kynna.“<sup>21</sup>

Þessi sýning vakti mikla athygli og hlaut almennt lof gagnrýnenda, einkum fyrir þá næmu túlkun, sem þar var að finna frá hendi listamannsins í látleysi verkanna. Það segir sitt, að Kurt Zier fann hjá sér þörf til að skrifa um sýningu þessa gamla nemanda síns: „Þó að þessi sýning hafi ekki verið áberandi og varla til þess fallin að fullnægja þeirri eftirspurn eftir hávaða og trúðabréögðum, sem virðast nú orðið vera ómissandi við listsýningar – bar hún vitni listrænni afstöðu sem er orðin næsta sjaldgæf. Mér var sönn ánægja að fá tækifæri að skoða þessi látausu og hógværu verk Harðar. Þau komu mér fyrir sjónir sem dagbók manns, er tekizt hefur að samstilla hug og hjarta í þágu listar sinnar.“<sup>22</sup>

Síðari hluta sjöunda áratugarins vék myndlistin fyrir öðru í lifi Harðar Ágústssonar; húsarannsóknirnar voru mikilvægt verkefni, og 1968 tók hann að sér stöðu skólastjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Báðum þessum verksviðum sinnti Hörður af miklum þrótti og dugnaði, og myndlistin mátti biða um sinn.

Brátt kom í ljós, að Hörður hafði samhliða þessu allan undangenginn áratug haldið áfram rannsókn-

arstarfi sínu í myndlistinni á sviði formfræðinnar. Afraksturinn kom í ljós í sýningu sem hann gaf yfirskriftina „Úr formsmiðju 1961 – 71“ og hélt í Galleri SÚM síðla vetrar 1972. Með sýningunni hannaði lista-máðurinn afar sérstakt fylgirit, margbrotið og einfalt í senn á þunnum pappi, þar sem hann birti einfaldar myndir af nokkrum þeirra formteikninga sem hann sýndi, og setti með örliðlar athugasemdir úr riti Guðmundar Finnbogasonar, Frá sjónarheimi: „Ég get ímyndað mér, að sumum finnist það undarleg fagurfræði, að tala mest um einfaldar línum eða strik, um stellingu þeirra, stefnur, skiptingu og hlutföll sín á milli, eða þá um einfaldar myndir klipptar úr pappi. En það er um riki fegurðarinnar eins og himnariki, að nema menn verði eins og barn, fá þeir þar ekki inn-göngu.“<sup>23</sup> Í verkunum á sýningunni voru kannaðir og sundurgreindir þeir frumpættir sem myndist grund-vallast á, lína og form, og reynt á þanþol þeirra með ýmsu móti.<sup>24</sup>

En til að sýna hvert ólikindatól Hörður var í list sinni, hélt hann á nákvæmlega sama tíma (25. mars til 9. apríl) aðra sýningu í Listasafni ASÍ; þar voru hins vegar uppi littlar myndir, afar lýriskar abstraktsjónir, þar sem liturinn réð ríkjum og endurspeglæði sem fyrir þau áhrif sem listamaðurinn hafði orðið fyrir af náttúru landsins, og hann skilaði síðan í form óhlut-bundinna listaverka.<sup>25</sup>

Þær ólikt hliðar á sama listamanni sem birtist í þessum tveimur sýningum árið 1972 eru góður vitnis-burður þess einkennis Harðar sem persónu og lista-manns, að hann var ætið tilbúinn að takast á við ólika hluti, rannsaka andstæður og fylgdist vel með því sem kom fram í listinni á hverjum tíma. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur benti á þetta í grein um lista-manninn nokkrum árum síðar: „Ferskleika sínum sem listamaður hefur Hörður haldið, ekki eingöngu með sjálfsgagnrýni heldur einnig með stöðugu sambandi, „dialóg“, við yngri listamenn og með því að hafa aug-un opin fyrir því sem er að gerast í myndlist hverju sinni, bæði utanlands og innan. Þetta gerir að verk-um að málverk hans virðast aldrei minjar frá horfinni tið, heldur höfða þau ávallt beint til samtímans, og algengt er að finna verk hans hangandi bæði meðal FÍMara og SÚMara.“<sup>26</sup>

Næsta sýning Harðar var haldin í Norræna húsinu 1975, og enn kom listamaðurinn á óvart. Verkin á sýningunni skiptust í átta seríur, flest unnin með olíulitum, tüssi eða vatnslitum á pappi, en veigamest voru þó sex olíumálverk á striga, sem saman báru yfirskriftina „Myndflokkur um mannsson“ en þessi verk hafði Hörður unnið 1972 – 73. Hér kemur hið trúar-lega stef listamannsins aftur fram, því verkin byggja öll á klassískum viðfangsefnum úr Bibliunni og bera

<sup>19</sup> Timinn, 14. maí 1960.

<sup>20</sup> Morgunblaðið, 24. maí 1960.

<sup>21</sup> Sýningarskrá „Svart-Hvitt“, sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins 5. – 14. nóv. 1965.

<sup>22</sup> Visir, 22. nóv. 1965.

<sup>23</sup> „Úr formsmiðju 1961 – 71“, Galleri SÚM 25. mars – 9. apríl 1972, sýningarskrá.

<sup>24</sup> Ólafur Jóhann Sigurðsson, formálsorð sýningar Harðar í Norræna húsinu 8. – 18. maí 1975.

<sup>25</sup> Sama heimild

<sup>26</sup> Visir, 12. maí 1975.

heiti eins og „Boðun lifs“, „Skírsla“, „Fagnaðarerindi“ og „Mariubæn“. Í þessum myndaflokkni má segja að endurómi viðfangsefni frá fyrstu sýningu hans 1949, þar sem kristileg myndefni voru færð upp á íslenska tilveru alþýðufólks; hins vegar er sá munurinn á, að hér byggir myndmálið á allri þeiri reynslu sem Hörður hafði öðlast sem skapandi listamaður, fræðimaður, kennari og persóna á þessum rúmu tveimur áratugum sem liðu á milli, og þess sér vissulega stað í mögnuðu myndmálinu.

Þessi verk vöktu mikla athygli á sýningunni 1975, og einnig þegar þau voru sýnd aftur sem sjálfstæð heild í Hallgrímskirkju 2004. Ummæli í fjölmöldum voru almennt lofsamleg, og Niels Hafstein bendir sérstaklega á úr hvaða tilfinningum þessi verk virðast sprottin: „Sumir telja þjáningu listamannsins undirrót verkanna, samsláttur andstæðnanna og togstreita sálarlifsins séu þau öfl sem björgin hreyfa úr stað. – En því ekki gleðin líka? Er ekki líf mannsins tengt endanlegum unaði, eru ekki sköpunarverk lífsandans sá unaður með öðrum formerkjum? Hinn agaði tónn listarinna verður í verkum Harðar Ágústssonar sjálfstæð músík, ekki hávaðasöm hljómkviða með pákum og lúðrum og málmgjöllum, heldur lifna hér hinir þýðari tónar, yfirlætislausir og hreinir. Og þessir tónar fylgja oss eftir er vér yfirgefum salinn.“<sup>27</sup>

Hörður hefur sjálfur haldið því fram að „Myndflokkur um mannsson“ hafi verið eins konar millispil í sinum listferli, hvíld frá þeim rannsóknnum á eiginleikum forma og lita, sem annars áttu hug hans allan. Hann kennir hér áhrifum t.d. frá verkum bandarískra listamannsins Marks Tobey í þeirri „blettatækni“ sem hann beitir í myndunum og hann hafði ekki notað áður. Hörður segir að þessar myndir hafi komið mjög auðveldlega fram þegar hann var að vinna þær, nánast flætt á strigann af sjálfum sér, og hann hafi verið eins og í öðrum heimi við strigann.<sup>28</sup>

Tilvisunin í þessi tilteknu verk sem millispil eða hvíld i listsþópurinn Harðar á með vissum hætti rétt á sér, því að um svipað leyti gerir listamaðurinn uppgötvun, sem átti eftir að breyta hans myndlist það sem eftir var: Hann uppgötvaði möguleika lítaðra límbanda fyrir sínar rannsóknir í myndlistinni. Þessi uppgötvum varð honum mikil hvatning til vinna á næstu árum, en málverk unnin með þessum hætti sýndi hann fyrst opinberlega á sýningu á Kjarvalsstöðum haustið 1976. Sýningunni gaf hann hina mjög svo viðeigandi yfirlætislauf „Úr lit- og formsmiðju 1953 – 1976“, og visaði þannig til sýningarinnar í Galleri SÚM þremur árum áður.

Aðspurður um kostinn við að nota lituð límbond í verkum sínum, og hvort það takmarkaði ekki mögulegar útfærslur (vegna takmarkaðs litavals) svaraði

Hörður skýrt og skorinort: „Í myndum eins og þessum verða öll skil að vera hrein og bein, og því er mun þægilegra að vinna þær svona í stað þess að mála þær. Þetta er einfaldlega hagkvæmni. Þetta auðveldar mér einnig að vinna í myndröðum. ... Ég ákvað í byrjun að vinna einungis með frumlitina og því hentuðu límböndin ágætlega. Þetta gerir það að verkum að litirnir blandast á sjónhimnunni en ekki á fletinum og miklu hreinni verkan kemur út úr málverkinu.“<sup>29</sup>

Hið lítaða límband átti eftir að verða mikilvægasti efniviður hans í myndlistinni frá því hann datt fyrst ofan á þetta vinnulag 1971, og málverk hans unnin með þessum aðferðum vöktu strax athygli nýrra kynslóða á kynngi listamannsins; hin hreina lína forms og litar var beinskeytt sem aldrei fyrr, og vangaveltur um eðli litarins, hvernig hann breytist eftir nánd eða fjarlægð urðu mun sterkari en áður, sem og gildi flatarins sjálfs, sem tekur stöðugum breytingum fyrir augum áhorfandans.

Segja má að sýningin á Kjarvalsstöðum 1976 marki ákveðin kaflaskipti í tilvist myndlistarmannsins Harðar Ágústssonar. Upp úr 1977 – 78 hætti Hörður að mestu að starfa sem myndlistarmaður, og sneri sér nær alfarið að „hinum manninum“, arkitektinum, og hefur síðan sinnt af fullum þunga því brekvirkja sem skráning sögu íslenskrar húsagerðarlistar er.<sup>30</sup>

En listaverk Harðar hafa haldið áfram að koma fyrir sjónar almennings í fjölmörgum sýningum, bæði á eldri verkum (t.d. á yfirlitssýningunni í Listasafni Íslands 1983) sem og verkum sem sum hver höfðu verið sýnd áður (t.d. í Listasalnum Nýhöfn 1990), enda af nágu að taka á vel birgri vinnustofunni. Þar leynist enn fjöldi dýrgripa, sem eiga eftir að vejkja aðdáun og gleði listunnenda um langa framtíð.

Það vekur athygli þegar lítið er yfir sýningar Harðar í gegnum tíðina, að þar er ekki um að ræða stöðuga samfellu, þannig að hægt sé að sjá hæga og sigandi framþróun, líkt og gerist með flesta listamenn. Hver sýning er baulhugsuð sem heild, þar sem listamaðurinn hefur tekist á við ákveðin viðfangsefni, en reynist um leið visst uppgjör, því á næstu sýningu á eftir eru áherslurnar gjarna orðnar aðrar, efnistök önnur – og listunnendur burftu því sifellt að vera að setja sig í alveg nýjar stellingar gagnvart listamanninum. Viðbrögð samtimamanna hans í myndlistinni við þeim umbreytingum sem fólust í þessum vinnubrögðum Harðar voru líka oft fálæti og jafnvæl andúð, enda var þessi stöðuga glíma hans við sjálfan sig og viðfangsefni listarinnar nokkuð ólik vinnubrögðum þeirra flestra; það var algengast að menn leituðu ákveðinnar leiðar í listinni og fylgdu síðan um langa hrið, stundum til æviloka. Það er ekki óliklegt að þessar viðtökur annarra myndlistarmanna hafi átt sinn þátt

<sup>27</sup> Þjóðviljinn, 16. maí 1975.

<sup>28</sup> Samtal höfundar við listamanninn 1. apríl 2004.

<sup>29</sup> Dagblaðið 9. okt. 1976, samtal Áðalsteins Ingólfssonar við listamanninn.

<sup>30</sup> Þjóðviljinn, 5. – 6. nóv. 1983; viðtal Árna Bergmann við listamanninn; Morgunblaðið, 29. febr. 2004; viðtal Þórodds Bjarnasonar við listamanninn.

i því að Hörður lagði myndlistina til hliðar og beindi kröftum sínum eftir það einkum að fræðimennsku og ritstörfum.

Hörður Ágústsson hefur ekki verið einhamur í sínu lífsverki, en einkenni þess kristallast með ágætum í ferli myndlistarmannsins. Þar ber fyrst að telja þolgæði þess sem vill rannsaka, kanna, og komast að eigin niðurstöðu á öllum sviðum, fremur en að gleypa hrátt það sem umhverfi eða tískar hverrar stundar reiðir fram; næst er hin hliðin á sama peningi, sem er fordómaleysi hans gagnvart því sem fyrir auguber í fortið og nútið – engu er hafnað sem of gömlu/hefðbundnu eða sem of nýju/óhefðbundnu, heldur er allt sem hann hefur kynnt sér lagt undir mælistiku rannsakandans, vegið og metið á eigin innri verðleikum hins listræna gildis. Loks – og það sem mun halda nafni hans lengst á lofti – er vandvirknin honum í blöð borin; það er ekkert hálfkák í neinu í myndlist Harðar Ágústssonar, engar málamiðlanir, heldur aðeins markviss niðurstaða sem byggist á þekkingu, reynslu og verklegri færni, sem blasir við í öllum hans listaverkum og hver listamaður maetti vera stoltur af.

## Hörður Ágústsson

### The artist

Hörður Ágústsson decided at a young age what he wanted to do with his life – paint in the morning and build buildings in the afternoon.<sup>1</sup> He never wavered in his determination and this helped make him the successful and multi-dimensional artist and academic he would later become.

The Second World War was already underway when Hörður graduated from upper-secondary school in 1941, Iceland was under military occupation and Europe was closed. During the war many of his peers travelled to the United States to study, but for Hörður this was out of the question for two main reasons: he was a young idealist and socialist who wanted as little as possible to do with the capitalist state, and he wanted classical training in the visual arts, which he felt he could only obtain in Europe.<sup>2</sup>

He therefore enrolled in engineering at the University of Iceland for one winter, studied art, and also studied privately under the tuition of an architect. Following the end of the war, however, he sought training in visual art in various countries throughout Europe, most notably in Paris where he would spend the longest period of time. There he joined a group of Icelandic artists who would go on to be influential in Iceland's artistic circles in later years.

Hörður held his first solo art exhibition in the Galerie Raymond Duncan in Paris in the summer of 1949, subsequently bringing the same exhibition to Iceland. The works that made up that particular exhibition focused on the Icelandic worker and had a slightly Christian slant. Reactions to the exhibition were mixed; the socialist paper *Þjóðviljinn* praised it highly, while the more conservative media were not as generous.

Following this, Hörður's interest in abstract painting became more evident. He shunned superficiality and created small works that focused on form and used colour sparingly. Hörður participated in the struggles of the abstract painters as a creative artist, held solo exhibitions, and participated in important joint exhibitions, both in Iceland and abroad. His chosen method of struggle, however, was not least an effort to educate others, through writing articles, giving talks and teaching courses.

In the sixties, Hörður took a post at the Icelandic School of Arts and Crafts, teaching form and colour theory. Parallel to teaching, he immersed himself in studying these concepts in his own work, which led him to completely review his own artistic theories. This study would continue for years and eventually lead him to use coloured tape as a medium instead of oil, in the early seventies. That became his most important medium in visual art and his works created with this new technique opened the eyes of the new generation to Hörður's ingenuity. The clean line of colour and form was straightforward as never before, and musings on the nature of colour and how it changes according to distance became stronger than ever, as did the value of the surface itself, which undergoes constant changes before the eyes of the viewer.

From 1961 onwards, Hörður's visual art work gave way to his research into Icelandic architecture and historic buildings, and in 1968 he accepted the post of Director of the Icelandic School of Arts and Crafts. Following a handful of exhibitions from 1972 onwards, Hörður more or less retired from visual art in 1978 and devoted his energy to 'the other man' – the architect.

Hörður Ágústsson has made significant contributions in many fields in his life's work, yet what is sure to cement his reputation for years to come is his innate thoroughness in everything he does. There is nothing left to chance or lukewarm in Hörður's artistic work, no compromise, only a systematic conclusion based on knowledge, experience and skill, which is evident in all his work and which any artist might be well proud of.

<sup>1</sup> Dagblaðið, 9 Oct. 1976.

<sup>2</sup> *Þjóðviljinn* 5 – 6 November, 1983.







Monsieur Maitre, 1950 | tűsk á pappír, 20,5 x 13,5 cm | Listasafn ASÍ



Monsieur Maitre, 1950 | tűsk á pappír, 20,5 x 13,5 cm | Listasafn ASÍ



Monsieur Maitre, 1950 | kol á pappír, 62 x 47 cm | Listasafn ASÍ




Monsieur Maitre, 1950 | kol á pappír, 62 x 46 cm | Listasafn ASÍ










Bláin, 1953 | ólia á striga, 64 x 105 cm | Einkaeign














# Að byggja klaustur úr orðstráum

## Kennarinn og skólamaðurinn Hörður Ágústsson

Hildur Hákonardóttir

Hann fylgdi með fingrinum eftir línumni meðan hann hafði yfir tyrfin orð sem lýstu lengd og breidd á trébitum og sperrum og þó ég næmi orðin átti ég erfitt með að skilja hvernig hann gat eftir þessum lýsingum formað á blaði teikningar af burðarvirkjum bygginga. Til þess að það megi takast þarf sá miðaldarhugsunarháttur að vera rannsakandanum tiltækur þar sem form er raunhæfur veruleiki miðaður við stærð mannsins sjálfss en ekki abstrakt hugtak með tölfræðilegu inntaki. Likast til var það Þingeyraklaustur, sem hann var að púsla saman eins og módeli meðan bílarnir þustu í báðar áttir yfir höfðum okkar. Litla vinnustofan var í kjallara þar sem Laugavegur og Hverfisgata mælast og umferðarniðurinn stöðugur og í algerri andstæðu við kyrrlatt grúskið. Áður en Miklabrautin var lögð skynjaði ég Reykjavík alltaf eins og kringlulaga flösku og þarna var flöskuhálsinn þar sem vegurinn lá út úr bænum en handan við Ás og Rauðarár tók við viðóttan. Hörður opnaði aðrar víddir. Í niðurgraffinni vinnustofunni leið mér eins og ég sæti við einn brunninn nornanna, ekki skáldabrunninn, ekki spádómsbrunninn heldur við þann brunninn sem hafði í sér fólgna leyndardóma forms og lifs á jörðu. Þar áttu uppsprettu sína þær reglur skynsemi og samræmis sem reist gátu klaustur og haldið óþjálu byggingarefni eins og lifandi grassverði og óregluglega löguðum steinum í skorðum, skapað lifræna og um leið fagurfræðilega heild sem gilti jafnt fyrir manneskjurnar og sólkerfið sjálf.

Hörður benti mér á að Brynjólfur Sveinsson biskup íklæddist fullum skrúða daginn sem reisa skyldi upp veggi nýju kirkjunnar hans í Skálholti. Hann leit á það sem heilaga athöfn — sagði Hörður — því rétt form og rétt hlutföll jafngiltu því að staðfesta tilvist Guðs á jörðu. Ég hef alltaf haldið að Hörður hefði gjarnan viljað vera í fótsporum Brynjólfss þennan dag og hafi meðvitað eða ómeðvitað tekið Brynjólf sér til fyrirmynnar í mörgu. Ég held að i hverju sem hann tók sér fyrir hendur hafi hann viljað þannig vinna í samræmi við hinn alvaldslega vilja.

Þess vegna fórst honum einkar vel úr hendi að taka þátt í að byggja upp skóla. Innviðir skóla eru eins og hús með mismunandi herbergjum og ákveðnu sameiginlegu rými. Hörður var komin úr stétt iðnaðarmanna og sú leið sem farin var í upphafi að hlú að handiðnum og taka praktíkska afstöðu til listarinnar og leggja mikla áherslu á að mennta kennara, eins og forgenglar hans Lúðvík Guðmundsson og Kurt Zier höfðu gert, félh honum vel í geð. Þetta var varfærin og vandlega úthugsuð stefna sem fól í sér að hleypa ekki nemendum út í hrákaldan veruleikann án þess að þeir ættu möguleika á að sjá fyrir sér. Skólanum var ætlað að sinna því hlutverki að endurreisa og treysta undirstöður sjónmennta í landi sem hafði verið svipt þessum menningararfi eins og Hörður þreyttist aldrei á að brýna fyrir hverjum sem hlusta vildi. Að þessu vann hann af heilindum og að því mér virtist í fullri einingu við þá stefnu sem mótuð hafði verið frá fyrstu tið. Það hafði hvorki verið sett á laggirnar sérstök deild fyrir málun né höggmyndir og flestir útskrifuðust með kennararéttindi, sem ekki stefndu á handverk eða grafik. Hugsunin var sú að eftir gott undirstöðunám gætu nemendur aflað sér sérþekkingar á sviði hreinlista erlendis. Þeir myndu síðan snúa heim og miðla öðrum af þekkingu sinni og reynslu og sjá þannig um að nauðsynleg endurnýjun ætti sér stað í faginu. Á fyrstu áratugunum eftir strið, þegar þróunin var hægari, var þetta eðlileg stefna og raunhæf.

Á hinn böginn sá Hörður langt út fyrir þann trausta ramma og innviði, sem hann hafði tekið þátt í að reisa. Í framtíðardraumum sínum sá hann fyrir sér háskóla og kúrsa í hugmyndafræði og heimspeki listarinnar. Sjálfsgagt dreymdi hann, eins og okkur flest, um að fá svör við spurningum sem leita á en við höfum ekki tíma til að kryfja til mergjar eða getum ekki án samráðs við aðra í umfangsmeira þekkingarsamfélagi. Hann skildi vel framrás timans og sá fyrir það sem koma myndi þótt hann tæki ekki beinan þátt í því sjálfur. Til þess var hann að hluta til of alvarlegur og ábyrgðarfullur því það þurfti vissan galskap og

kæruleysi um eigin hag til að henda sér í öldufall listgjörningsins á þessum tíma eins og reyndar oftast er. Listamaður nútímans kastar sér út í tómið — nefndi Yves Klein verk sitt þegar hann á frægri mynd svifur út úr trjárunna fram yfir götuna að því er virðist i lausu lofti.

Uppbygging og skipulagning með ákveðin markmið í huga féll Herði afar vel og hann hafði næga yfirsýn til að velta því fyrir sér hvernig einstaklingar og hópar myndu bregðast annars vegar við félagslegu frjálsræði og hins vegar við fastmótuðum skorðum og hafði fullan vilja til að meta hvað myndi koma samfélaginu og skólanum til góða. En ég held hann hafi ekki haft gaman af daglegum eftirrekstri og eftirliti með kennslu eða nemendum og ekki heldur að honum hafi hentað að blanda geði við fólk alla daga því hugur hans stóð til þess að sinna fræðimennskunni, vinna að list sinni og njóta einveru.

Þó féll honum vel að kenna eða réttara væri að orða það svo að hann miðlaði fúslega öðrum af þekkingu sinni og reynslu. Formfræðin hefur ævinlega verið kennd við hann sjálfan og kölluð formfræði Harðar. Ég hef aldrei grennslast fyrir um að hve miklu leyti hún var hans eigin eða hvað hann kom með í farteski sínu frá Frakklandi og eiginlega vil ég ekki vita það. Engum hefur dottið í hug að fara að kenna formfræðina á sama hátt, eins og þetta væri hvert annað fag á námskrá, svo samgróin var hún honum sjálfum. Ég spurði einu sinni hóp af nemendum hvar þeir leituðu helst fanga þegar þeir ætluðu að takast á við ný viðfangsefni og væru að vinna hugmyndavinnuna. Meirihlutinn nefndi formfræði Harðar. Það kom mér dálitið á óvart af því að Kurt Zier lagði ríka áherslu á að frá náttúrunni væru öll form komin og til hennar yrði alltaf að leita og ég hafði ekki fyllilega átt að mig á því að formfræðin, sem snerist um að leita eftir breytimöguleikum línu, hrings, þríhyrnings og fernings, gæti tekið við því hlutverki. En síðar varð mér ljóst að hún var skipuleg krufning á frumpáttum náttúrulegomálanna eins og maðurinn skilur þau eftir listrænum og stærðfræðilegum leiðum. Hún var klassískur grunnur að formmenntun í okkar menningarheimi en í eðli sinu var hún Zen-búddísk.

Hörður átti fleira sameiginlegt með Brynjólfvi biskupi en ást á formum, en biskup var eins og sögur herma of gáfaður til að taka mark á galdraofsóknunum sem enn eimdi eftir af. Hann sá þær takmarkarínar sem reglugerðir og skipulagsuppbrygging ollu, þótt góðar væru. Það skipti engu máli þótt hann hefði mótað sumt af þeim sjálfur og ég efast ekki um að hann gat eins staðið utan við kerfið og horft á það hlutlausum augum og metið hvað var gott og hvað gekk ekki alveg upp, eins og skóli væri ætið barn síns

tíma hvað varðaði tækni og tísku. Í ógunni eftir menningsgarþitinguna 1968 kom fram krafa í listaskólum vestan hafs og austan um að bylta og horfa ferskum augum á allt hið listræna vinnuumhverfi. Pessi ólga var nokkur ár að berast hingað heim af fullum þunga en árið 1975 bað Hörður mig að taka við síðasta árinu sem hann átti enn eftir að stýra skólanum og hafði áður fengið Gísli B. Björnsson til að taka af sér þrjú ár. Hann gaf mér, græningjanum, aldrei nema eitt ráð og það var áður en ég byrjaði og ég man ekki hvort hann hvíslaði því eða nákvæmlega hvernig hann kom því til skila. Við sáum og skáluðum í örsmáum likjörssstaupum, því Hörður var hinn mesti hófsmaður, og liklega vorum við að tala um listagyðjuna sem hann tignaði á sama hátt og riddari lafði sína. Hann horfði út um gluggann eins og hún væri á flögri þarna úti fyrir gegnsæ en þó merkjanleg og sagði — það er allt í lagi að opna svolitið gáttina og hleypa henni innfyrir. Hann létt mig hins vegar alveg um að skilja hvað hann meinti.

## Building a Convent from Words of Straw

### The teacher and academic Hörður Ágústsson

He traced his finger along the line while speaking abstruse words that described the length and breadth of wooden bits and rafters. Although I understood the words I had a hard time understanding how he could, from those descriptions alone, draw the foundations of buildings on paper. Probably it was the Pingeyraklaustur convent that he was putting together like a model, in his small basement studio where the constant sound of traffic was in complete opposition to the quiet studying going on inside.

Hörður opened up new dimensions. In his studio existed the rules of pragmatism and coordination that could construct a convent and hold difficult building materials like grass and irregularly-shaped rocks firmly in place, creating a living and at the same time aesthetic whole that applied both to the human race and the entire solar system. I believe that, in everything he did, he strove to work in harmony with the omniscient Universal Will.

Hörður came from a social class of craftsmen, and the traditional academic approach of nurturing craftsmanship and taking a practical approach to art, as well as emphasizing the training of teachers, suited him well. This was a cautious and carefully

thought-out strategy that involved not releasing students into the harshness of the real world until they had the means to earn a living.

In his dreams of the future, Hörður envisioned a University that would teach courses in the ideology and philosophy of art. He probably dreamed, as most of us do, of answers to those pressing questions that we don't have time to dissect thoroughly, or cannot without consulting with others in societies with a broader foundation of knowledge. Hörður understood well the passing of time and envisioned what was to come, although he did not get directly involved. For that he was too serious and responsible, for a certain rashness and carelessness about one's own position was required if one wanted to throw oneself into the raging ocean of the art world at that time – as is generally the case, in fact.

Hörður was a natural when it came to taking part in building up a school. The school in question was meant to reconstruct and fortify the foundations of visual art in a country that had been robbed of that cultural heritage, as Hörður never tired of telling anyone who cared to listen. In 1975 he asked me to take over as director of the school in his last remaining year. I was wet behind the ears, yet he gave me only one single piece of advice. We sat and drank a toast in tiny liquor glasses – Hörður was a man of great moderation – and were probably talking about the Muse that he worshipped in the same way a Knight worships his Lady. He looked out of the window as though she were fluttering about outside, transparent yet visible, and said, "It's all right to open the door a little bit and let her in." He left it up to me, however, to understand what he meant.

Teiknitimi í Myndlista- og handiðaskólanum um 1964. Ljósmyndir í eigu Jóns Reykdals.



Kennarar og hluti nemenda úr árgangi 1963 – 67 við Myndlista- og handiðaskólann. Mynd tekin um 1965. Hörður Ágústsson annar frá vinstri í efri röð. Ljósmynd: Halldór Einarsson. Ljósmynd í eigu Jóns Reykdals.



Hörður Ágústsson (t.h.) á þorrablóti Myndlista- og handiðaskólans. Mynd tekin um 1964. Ljósmynd í eigu Jóns Reykdals.



# Að opna augu þjóðar

## Framlag Harðar Ágústssonar til byggingarlistar

Pétur H. Ármansson

„Um fáa menn verður það sagt með sann, að þeir hafi einir orðið upphafsmenn heillar þjóðvakningar. Þetta var þó Herði skapað, þegar hann tók sér fyrir hendur að bjarga húsum úr eyðandi klóm íslendinga, þar sem nálega allt drabbast niður ef það er þá ekki fordjarfað af ásetningi, og nú sem oftar kom trú hans og bjartsýni í góðar þarfir, trú á góðan málstað, þrólaus þolinmæði, fortölur án enda fyrir lengstaf daufum eyrum. Nú vildu vist margir Lilju kveðið hafa, en björgunin er hans verk, verk sem seint mun gleymast.“<sup>1</sup>

Ef nefna ætti eitthvað eitt sem markverðustu tiðindi á sviði íslenskrar byggingarlistar á seinstu áratugum 20. aldar þá er það án efa sú viðhorfsbreyting sem orðið hefur til varðveislu byggingararfins og verndunar gamalla húsa. Merki þessarar vakningar má sjá í flestum byggðum landsins þar sem endugerð hús frá fyrri tið eru orðin helsta staðarprýði og stolt heimamanna, áþreifanleg tenging nýrra kynslóða við mannlif og menningu fyrri tíðar. Vart er lengra en aldarfjórðungur síðan að sjálfsagt þótti að setja jarðytuna á slikar minjar í nafni framfara og uppyggings. Nú á tímum gerist það sjaldnast átakalaust að merkar byggingar séu rifnar eða útliti þeirra umturnað. Gömul hús og bæjarhverfi eru eftirsótt til íbúðar og oftast er reynt að færa útlit þeirra til fyrra horfs þegar gert er við. Vaxandi áhugi er á íslenskri húsagerðarsögu sem endurspeglast m.a. í viðleitni margra íslenskra arkitektta á seinstu árum til að vinna með staðbundin sérkenni í húsagerð og þróa nýjar lausnir á gömlum grunni.

Margir hafa komið við þessa sögu en að öðrum ólöstuðum ber eitt nafn þar hæst, nafn Harðar Ágústssonar. Frá því á 6. áratugnum hefur hann unnið sleitulitið að því að vekja athygli á arfleifð þjóðarinnar á sviði sjónmennta og húsagerðar sem hafði verið lítil metin fram að því. Með skrifum sínum og rannsóknunum á íslenskri byggingarlist lagði hann grunn að þeirri húsværndarhreyfingu sem óx með 68-kynslóðinni. Í afmæliskveðju til Harðar árið 1992 likti

Hjörleifur Stefánsson arkitekt framlagi hans við verk Guðmundar Hannessonar læknis og brautryðjanda á sviði húsarannsókna, en ritgerð hans, Húsagerð á Íslandi, birtist í lönsögu Íslands árið 1943. Sá sé þó munur á að Guðmundur fjalli um byggingarhefðina frá „heilnæmissjónarmiði læknisfræðinnar“ en Hörður skoði hana sem listamaður. „Það er byggingarlistin sem hann skoðar og skýrir, byggingarhefðir i ljósi listræns skilnings.“<sup>2</sup> Frædimennska Harðar Ágústssonar verður ekki skilin til hlitar nema haft sé í huga að þar talar myndlistarmaður, módernist og eldhugi af kynslóð strangflatarmálara 6. áratugarins sem jafnframt var undir miklum áhrifum af italskri endurreisnarlíst. Í rannsóknunum sinum hefur hann leitað heimilda í öllu því sem augað sér, ekki sist því sem lesa má úr myndum og byggingum. Hörður skilur og talar reiprennandi það tungumál sem litir, hlutföll og form hafa að geyma en sem margir textarýnar eru því miður ólæsir á. Vegna þess hefur hann þurft að berjast fyrir sjónarmiðum sínum í samfélagi þar sem hefð er fyrir að meta meir menningargildi texta en mynda og hluta.

Áhugi Harðar Ágústssonar á fortíðinni er hvorki rómantískur né sagnfræðilegur heldur til kominn vegna þeirrar sannfæringar að lexía sögunnar hafi gildi sem fordæmi fyrir skapandi vinnu í samtímanum. Fyrir listamann eins og Hörður verður það að uppgötva hið sama og að skapa. Þetta á ekki aðeins við um sýn hans á heimildir og viðfangsefni, heldur einnig niðurstöður rannsókna hans sem oftari en ekki hafa birst í formi teikninga og jafnvæli heilla bygginga.

Bækur Harðar Ágústssonar hafa sérstöðu meðal íslenskra fræðirita. Í þeim einskorðast framlag höfundarins ekki við textaskrif og myndgreiningu heldur er öll sjónræn framsetning efnisins, grafisk hönnun og umbrot, hans eigið hugverk. Texti, myndefni og bókarform mynda eina listræna heild. Fræðirit Harðar eru sjónlistaverk í sjálfu sér, enda höfundurinn í hópi helstu brautryðjenda í íslenskri bókahönnun. Þá eru mörg rit hans um íslenska húsagerðarsögu öðrum

<sup>1</sup> Kjartan Guðjónsson: Hörður Ágústsson sextugur. Þjóðvillinn, 4.2. 1982.

<sup>2</sup> Hjörleifur Stefánsson, Afmæliskveðja: Hörður Ágústsson, Morgunblaðið, 4. febrúar 1992.

<sup>3</sup> Visindasjóðssýrkþegi: Hörður Ágústsson rannsakar íslenska byggingarlist, [viðtal], Þjóðvillinn, 9. ágúst 1964.

<sup>4</sup> Sama heimild.

<sup>5</sup> Hörður Ágústsson, Byggingarlist, Birtlingur, 1. tölublað 1955, bls. 12.

þræði kennslubækur í sjónmennt, þar sem áhersla er lögð á hin sameiginlegu lögmál formrænnar móturnar í ólikum listgreinum. Bakgrunnur Harðar sem myndlistarmanns veldur því að sýn hans á hið sögulega viðfangsefni er önnur en hjá sérfræðingum á svíði fornleifafræði, sagnfræði, listfræði og arkitektúrs.

Sem barn dreymdi Hörð Ágústsson um að „verða arkitekt frá fimm á morgnana til hádegis en málari eftir hádegið.“<sup>3</sup> Í Menntaskólanum í Reykjavík valdi hann staerðfræðideild því hugurinn stóð til náms í arkitektúr. En það var ekki auðsótt mál þar sem Evrópa var lokað vegna striðsins og Amerika ekki inni í myndinni. Eftir stúdentspróf 1941 lá leið Harðar því í Handíðaskólann þar sem Þorvaldur Skúlason og Kurt Zier voru kennarar hans í myndlist. Á sama tíma stundaði hann nám í tækniteikningu við verkfræðideild Háskóla Íslands, vann á teiknistofu og sótti einkatíma í arkitektúr hjá Einari Sveinssyni borgararkitekt. Varðveisist hafa tvær teikningar frá þessum árum sem sýna vel hinn tvíbætta áhuga: framan á blaði er módelmynd í blýanti en á baki þess tæknileg teikning af húshluta. Á endanum átti myndlistin þó allan hug Harðar og að striði loknu hóf hann nám við málaradeild listaakademíunnar í Kaupmannahöfn. Áhuginn á byggingarlist vék til hliðar um stund en kvíknaði aftur í Ítaliuferð árið 1948, „... er ég sá hinar ævafornu byggingar og sá hvernig nútíð og fortíð eru samtengdar órjúfanlegum böndum í byggingarlistinni.“<sup>4</sup> Í Flórens, við rústirnar á bökkum Arno, uppgötvaði Hörður, að eigin sögn, eðli húsformsins: „hið afmarkaða tóm“.<sup>5</sup> Þar varð einnig á vegi hans rit er átti eftir að fylgja honum allti, „Le nombre d'or“, eftir Matila Ghyka, samantekt um hlutfallafræði endurreisnarmana á borð við Luca Pacioli og Leon Battista Alberti.<sup>6</sup>

Á Parísarárnum tók Hörður að kynna sér stefnu módernismans í arkitektúr, einkum hugmyndir Walters Gropiusar og Le Corbusiers.<sup>7</sup> Viðhorf beggja höfðu afgerandi áhrif á afstöðu Harðar til sjónlista. Gropius með hugsjón sinni um listmenntun, einingu sjónlistanna og hagnýtingu vélarinnar í þágu hönnunar og nytjalaista. Le Corbusier með skrifum sínum um eðli byggingarlistar og sígild móturnarlögmál í arkitektúr sem hann hagnýtti sér í meira mæli við eigin formsköpun en aðrir frumherjar módernismans. Á þeim grunni þráði hann hugmynd að nýju alheimsmálkerfi, Le Modulor, sem Hörður Ágústsson kynnti sem „gullinmát“ í Birtingsgrein árið 1960.<sup>8</sup> Sú staðreynsd, að Le Corbusier vann alla tíð jöfnum höndum að myndlist og arkitektúr og skipti vinnudegi sínum í tvennt, var Herði mikilvægt fordæmi og hvatning til að rækta sitt fjölbætta eðli.

Snemma á 6. áratugnum gekk Hörður Ágústsson til liðs við hóp ungra íslenskra myndlistarmanna sem

hófu að sýna verk í anda svonefndrar strangflatarlistar. Í þeim hópi var hann sá sem mesta áherslu lagði á sampættingu listar og handiðnaðar í anda Gropiusar og Bauhaus-skólans.<sup>9</sup> Í timaritsviðtali árið 1951 var Hörður talinn „mestur „theoretiker“ allra okkar ungu myndlistarmanna, enda hefur hann skrifað mikil um myndlist og flutt fyrirlestra.“<sup>10</sup> Í samræmi við kennigar hollenska listmálarans Piet Mondrians var það skoðun Harðar að strangflatarlist 20. aldar ætti ekki að takmarkast við ramma málverksins og veggi lista safna heldur ættu lögmál hennar að stýra sjónrænni móturn í daglegu umhverfi fólks. Trúr þeirri hugsjón vann Hörður á 6. áratugnum samhlíða myndlistinni að hönnun bóka, timarita og auglýsinga. Hann teiknaði íbúðarhús í móderniskum anda sem stóðust samanburð við verk helstu arkitekta, hannaði innréttningar, setti upp sýningar og veitti ráðgjöf um litaval í fyrirtækjum og heimahúsum.

Hugsjónin um hin hreinu form meðal fólkssins birtist einna skýrast í veggmyndum Harðar Ágústssonar sem hann vann í opinberar byggingar. Sú fyrsta, Dansliljan, var í afgreiðslusal útibús Búnaðarbankans að Laugavegi 114, unnin á árunum 1953 – 54 í samráði við arkitektinn Gunnlaug Halldórsson. Önnur var í kaffistofu Arnarhváls, gerð úr korki, og sú þriðja málud á vegg í tengigangi Samvinnuskólans á Bifröst, báðar frá árinu 1957. Loks var mynd í vinnuskála á Reykjalandi, gerð 1958 – 59. Af þessum myndum hefur sú á Bifröst ein varðveisist.

Er tímarið Birtingur hóf göngu sina árið 1955 kom það í hlut Harðar Ágústssonar að skrifa um „alþjóðlega byggingarlist“, en hann átti sæti í ritstjórn blaðsins allt til ársins 1968.<sup>11</sup> Það var nýmæli að fjallad væri um arkitektúr í íslensku menningartímariti og efninu gert jafnhátt undir höfði og bókmenntum, leiklist, myndlist og tónlist. Í fyrstu grein sinni, Byggingarlist, sem birtist í 1. og 2. tölublaði, leitaðist Hörður við að skilgreina eðli og sérstöðu arkitektúrs fyrir lesendum blaðsins. Öðrum þræði fjallaði greinin um stöðu íslenskrar húsagerðarlistar í rótleysi eftirstriðsárranna. Í næstu tölublöðum Birtings rakti hann sögulega þróun nútíma húsagerðarlistar frá rótum hennar í iðnbytingu 19. aldar til verka Walters Gropiusar og Le Corbusiers.

Er leið á 6. áratuginn varð ádeila Harðar á menningsarleysi Íslendinga í byggingarháttum beinskeyttari. Hann gagnrýndi eftirópunarátt á eldfornri stilgerð í likani húsameistara ríkisins af fyrirhugaðri Skálholtskirkju, birti mynd af Heilsuverndarstöðinni sem dæmi um klúður í byggingarlist og líkti Háteigs-kirkju við kjánalegt leikfang. Í Birtingsgreinunum vitnaði hann oft í andstæður gamla og nýja tímans á Íslandi. Annars vegar væri: „Hið gamla heiðarlega

<sup>3</sup> Áðalsteinn Ingólfsson, Í leit að fullvissu, Hörður Ágústsson 21.03.02 – 05.05.02, [Sýningararkrá], 18, 2002.

<sup>4</sup> Dagur Þorleifsson, Að fortíð skal hyggja ef frumlegt skal byggja [viðtal við Hörð Ágústsson], Víkan, 2. tgl. 1967, bls. 28 – 29.

<sup>5</sup> Hörður Ágústsson, Byggingarlist 8, Birtingur, 3. hefti 1960, bls. 20.

<sup>6</sup> Ólafur Gíslason, Strangir fletir og stórir draumar, Draumurinn um hreint form/Dream of pure form: Íslensk abstraktlist 1950 – 1960.

Listasafn Íslands, 1998, bls. 74.

<sup>7</sup> Geir Kristjánsson, Listaverk er eins og prentverk af mannegum huga: viðtal við Hörð Ágústsson listmálarar, Gandur, 1. tgl. 1951, bls. 1.

<sup>8</sup> Jakob F. Ásgeirsson, Lambagras er alveg jafn merkilegt og suðraen rós, [viðtal], Morgunblaðið, 22. nóvember 1998.

rótgróna Ísland: torfbær, mold, steinn, timbur. Vaxið upp á þessum stað, veðrað af vindum, striðum ómildum vindum og þrálátum eins og suð i barni.<sup>12</sup> Á hinn bóginn var andstæðan: stælingar, tildur og smekkleysi er einkenndi húsabyggingar eftirstriðsárranna um landið allt og var til marks um menntunarskort og menningarlega niðurlægingu þjóðarinnar.

Orsókina taldi Hörður að rekja mætti til hernámsins árið 1940 og afleiðinga þess, ekki síst rofs sögu-legra menningartengsla við danska hefð í sjónlistum sem Íslendingar hefðu lengi notið góðs af.<sup>13</sup> Hörður varð einna fyrstur til að halda á lofti merku framlagi Dana til íslenskrar húsagerðarlistar á hjálendutímanum. Jafnframt varaði hann við því að þeim arfi væri spilti í nafni misskilinnar þjóðernishyggju.

Viðamesta byggingarlistargagnrýni Harðar var án efa umfjöllun hans í tilefni af útkomu ritsins Íslensk íbúðarhús sem fyltti heilt tölublað Birtings árið 1960. Greinin er öðrum þræði kennslubók í „frumlögmálum fagurskyns“ sem fylgt var eftir með samanburði á góðum og vondum dænum úr íslenskum samtíma-arkitektúr.<sup>14</sup> Auk þess að skrifa um arkitektúr í Birting ritaði Hörður Ágústsson árið 1960 ekki færri en fimm greinar<sup>15</sup> í Byggingarlistina, timarit Arkitektafélags Íslands, auk þess að teikna útlit blaðsins. Byggingarlistin var merkurvisir að íslensku fagriti um arkitektúr, en því miður varð ekki framhald á útgáfu þess. Viðfangsefni greinanna voru fjölbreytt: Íslensk listiðn, innréttung eftir Guðmund Kr. Kristinsson og Dieter Roth, bílabjónustan Nesti eftir Manfreð Vilhjálmsson og Neskirkja Ágústs Pálssonar. Sú lengsta var um gamla bæinn á Keldum á Rangárvöllum og sígilda lexíu hans um „hugarfar einfaldleikans og það tillit, sem höfundar húsa þessara hafa tekið til aðstæðna og þess efnis er þeir höfðu til að byggja úr“.<sup>16</sup>

Um og eftir 1960 verða þáttakil í skrifum Harðar Ágústssonar um byggingarlist. Spurningin um íslenskan húsagerðararf verður æ áleitnari: hvert er gildi hans í menningu þjóðarinnar og hvernig má bjarga því sem bjargað verður? Árið 1961 hlaut hann fyrst styrk úr Visindasjóði til að ferðast um landið og rannsaka gömul hús. Styrkeitingin markaði upphafið á skipulegum húsarannsóknum Harðar en áður hafði hann safnað öllum ljósmyndum af gömlum húsum er hann hafði komist yfir.<sup>17</sup> Næstu ár á eftir fór Hörður um alla landshluta með tilstyrk Visindasjóðs, skráði og teiknaði merk hús og safnaði heimildum. Ágrip af niðurstöðum sinum birti Hörður jafnharðan í Birtingi, í greinaflokki er nefndist „Af minnisblöðum málara“. Með honum í för var Skarphéðinn Haraldsson kennari og listmálarí, er tökk og vann flestar ljósmyndir. Þykkar vinnubækur úr ferðum þeirra vitna best um mikilvægi þess starfs sem þeir félagar unnu á þessum árum

með því að mæla upp og festa á filmu fjölmörg hús og mannvirki sem nú eru horfin. Á fyrstu rannsóknararúrum sinum naut Hörður til sagnar og aðstoðar Kristjáns Eldjárns þjóðminjavárdar, Bjarna Vilhjálms-sonar þjóðskjalavarðar og Magnúsar Más Lárussonar prófessors.<sup>18</sup>

Um líkt leyti og Hörður hóf skipulegar rannsóknir á íslenskri húsagerðarlist gerðist hann kennari við Myndlista- og handiðaskólann. Þó að arkitektúr væri ekki hluti af námsskrá skólangs skipaði hann veigamikinn sess í kennslu Harðar, jafn á sviði formfræði og sjónmenntasögu.

Án vafa má þakka það kennslu Harðar við MHÍ og þeirri áherslu sem hann lagði á tengslin milli arkitektúrs og myndlistar að margir íslenskir myndlistarmenn fengu áhuga á íslenskri húsagerðarsögu. Áhrifa frá kennslu Harðar gætir í listsköpun margra þeirra auk þess sem myndlistarmenn hafa verið öðrum hópum virkari í varðveislu og endurgerð gamalla húsa.

Árið 1965 var Hörður Ágústsson skipaður í nefnd til að endurskoða lög um formminjar og byggðasöfn ásamt Kristjáni Eldjárn þjóðminjavárdi og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Nefndin lagði fram drög að frumvarpi árið 1968 þar sem var sérstakur kafli um „friðum húsa og annarra mannvirkja“. Lagt var til að skipuð yrði sérstök „húsafríðunarnefnd“ er sæi um friðunaraðgerðir undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Frumvarpið var samþykkt frá Alþingi og lögin töku gildi sumarið 1969, en segja má að þau marki upphaf opinbers húsverndarstarfs á Íslandi.<sup>19</sup> Á grundvelli laganna tók húsafríðunarnefnd ríkisins til starfa árið 1970. Hörður Ágústsson átti sæti í nefndinni frá stofnun hennar til ársins 1995. Sjálfur hefur Hörður rakið sögu nefndarinnar og þróun húsverndar í landinu með ýtarlegum hætti í seinna bindi ritsins um íslenska byggingarárfleifð.

Árið 1967 kom Þorsteinn Gunnarsson heim frá námi í Danmörku, fyrstur íslenskra arkitekta með sérmennntun í endurgervingu gamalla bygginga. Sama ár var þeim Herði Ágústssyni falið að vinna að húskönnun í gamla borgarhlutanum í Reykjavík innan Hringbrautar, þeirri fyrstu sem gerð var hér á landi.<sup>20</sup> Samstarf þeirra var Herði dýrmætur skóli en á þessum árum fór hann að vinna að sjálfstæðum verkefnum á sviði endurgervingar auk rannsókna á einstökum húsum. Meðal fyrstu verka hans á þessu sviði má nefna endurgerð Búrfellskirkju í Grímsnesi (1966 – 67), endurgerð Laufásvegar 1 að innan að frumkvæði tónskáldsins Jóns Leifs (1967), umsjón með lagfæringu á bæjarhúsum í Árbæ (1968) og til sögn með endurgerð Hvammeskirkju í Norðurárdal (1969 – 70). Árið 1970 hóf Hörður vinnu við rannsóknir á Norska húsinu í Stykkishólmi og áætlun um endur-

<sup>12</sup> Hörður Ágústsson, Af minnisblöðum málara, Birtingur, 3. – 4. hefti 1958, bls. 42

<sup>13</sup> Hörður Ágústsson, Byggingarlist 7, Birtingur, 2. hefti 1958, bls. 19 – 23.

<sup>14</sup> Hörður Ágústsson, Byggingarlist 8, Birtingur, 3. hefti 1960, bls. 28.

<sup>15</sup> Sbr. skrá Harðar Ágústssonar um eigin rit, óbirt handrit.

<sup>16</sup> Hörður Ágústsson, Keldur á Rangárvöllum, Byggingarlistin, 1. tbl. 1960, bls 9 – 11.

<sup>17</sup> B.Ó. [Baldur Óskarsson], Þeir mega ekki setja jarðytu á þetta eins og það væri flag, Timinn, 8. nóvember 1961, bls. 8.

<sup>18</sup> Visindasjóðsstyrkþegi: Hörður Ágústsson rannsakar íslenska byggingarlist, [viðtal], Þjóðviljinn, 9. ágúst 1964.

<sup>19</sup> Hörður Ágústsson, Íslensk byggingarárfleifð II. Varðveisluannáll 1863 – 1990, Húsafríðunarnefnd ríkisins, 2000, bls. 21 – 23.

<sup>20</sup> Sama heimild, bls. 195.

<sup>21</sup> Hörður Ágústsson, Íslensk byggeskik í fortíðen, Nordisk

gervingu þess sem varð eitt helsta verkefni hans á þessu sviði. Í tengslum við það var honum falið að vinna að húskönnum á gamla bænum í Stykkishólmi og voru niðurstöður hennar gefnar út í bæklingi árið 1978. Þá veitti Hörður jafnframt leiðsögn um litaval gamalla húsa. Má þar nefna Grettisgötu 11, Laufásveg 52 og Skálholtsstig 6 (Landshöfðingjahúsið).

Eftir að útgáfu Birtings lauk tók Hörður Ágústsson að rita greinar um rannsóknir sínar í ýmis vísindarit. Ein fyrsta fræðilega ritgerð hans birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1966 og fjallaði hún um klukknapiroði á Möðruvöllum í Eyjafirði. Í tilefni af ráðstefnunni Nordisk byggedag X, sem haldin var í Reykjavík árið 1968,ritaði Hörður yfirlitsgrein á dönsku um þróun íslenskrar húsagerðar frá landnámi til 20. aldar.<sup>21</sup> Í kjölfarið birtust fleiri greinar eftir Hörð um íslenska húsagerðarsögu í erlendum fagritum á sviði arkitektúrs, en á þeim tíma var lítið um aðgengilega texta um það efni á öðrum málum en íslensku.

Árið 1968 tók Hörður Ágústsson við skólastjórn Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Gerði hann þá tímabundið hlé á húsarannsónum og tók aftur til við myndlist.<sup>22</sup> Í hönd fóru stormasamir tímar í menntastofnunum um allan heim með 68-kynslóðinni svonefndu. Einn angri þeirrar bytingar var baráttu ungu kynslóðarinnar gegn niðurrifi gamalla húsa. Nemendur við MHÍ voru fremstir í hópi þeirra sem hófu skipulega baráttu fyrir verndun Bernhöftstorfunnar árið 1970. Sjálfur var Hörður manna virkastur í því andófi, talaði fyrir varðveislu hússanna í kappræðu í sjónvarpinu og var kjórinna í stjórn Torfusamtakanna við stofnun þeirra árið 1973.<sup>23</sup> Vegna yfirburðapekkingu sinnar á íslenskri byggingarsögu varð Hörður sjálfkrafa lykilmaður í þeirri vakningu sem varð á sviði húsverndarmála á 8. áratugnum. Var hann meðal annars fenginn til að flytja fyrirlestra um byggingararfinn og varðveislu hans viða um land. Loks má geta þess að á skólastjórnarárum sinum við MHÍ starfrækti Hörður um briggja ára skeið undirbúningsdeild fyrir nám í arkitektúr og kenndi sjálfur við hana ásamt þeim Þorsteini Gunnarssyni og Leifi Breiðfjörð.<sup>24</sup>

Í tengslum við skipulagningu hátiðarhalda í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 kom fram sú hugmynd innan undirbúningsnefndar að fá Hörð Ágústsson til að mæla fyrir um gerð tilgátulíkans af sögualdarbæ er byggði á rannsóknum hans á fornum húskostí.<sup>25</sup> Frá upphafi var stefnt að því að reisa bæinn í fullri stærð á merkum sögustað í tæka tið fyrir hátiðarhöldin. Hugmyndin mæltist vel fyrir og var efnt til sýningar á líkaninu vorið 1972. Fræðilegar forsendur tilgátuhússins skýrði Hörður í bæklingi sem fylgdi sýningunni.<sup>26</sup> Helsta heimild hans var skálarústini í Stöng í Þjórsárdal sem danski fornleifafræðingurinn

Aage Roussell gróf upp árið 1939. Eldgosið í Vestmannaeyjum í janúar 1973 varð til þess að bygging bæjarins tafðist. Siðla sama ár veitti Alþingi þó fé til að hefja framkvæmdir og var Þjóðveldisbærinn formlega opnaður 24. júní 1977.<sup>27</sup> Honum var valinn staður á Skeljastöðum í Þjórsárdal, skammt frá Búrfells-virkjun og rústinni í Stöng. Hörður vann allar útfærsluteikningar og hafði yfirumsjón með smiði hússins. Tilgátubærinn á Skeljastöðum hafði á sinum tíma þá sérstöðu meðal íslenskra bygginga að vera „niðurstöð[ar] rannsóknar birt í formi húss í stað orða“, bær reistur gagngert til að miðla þekkingu um tiltekið skeið íslenskrar húsagerðarsögu.<sup>28</sup>

Enn urðu þáttaskil á ferli Harðar Ágústssonar um 1977 er hann kaus að draga sig alfarið í hlé á sviði myndlistar til að geta unnið úr því mikla efni sem hann hafði safnað að sér á sviði íslenskrar hússögu.<sup>29</sup> Um það leyti var honum falið að búa til prentunar yfirlitsrit með myndum um þróun húsagerðar á Íslandi sem hann hafði gert frumdrög að árið 1970 í tengslum við stofnum húsafríðunarnefndar. Ætlaði hann sér í fyrstu ár til verksins en brátt varð ljóst að mun meiri tíma byrfti til undirbúnings þess.<sup>30</sup> Fleira varð til að tefja verkið, ekki sist viðamiklar rannsóknir á horfnum kirkjum biskupssetranna á Hólum og Skálholti og útgáfur þeim tengdar í ritröðinni Staðir og Kirkjur. Annað bindið í þeirri röð kom út árið 1989 og nefndist Dómsdagur og helgir menn á Hólum. Viðfangsefni þess var endurskoðun hugmynda um fjalirnar sem kenndar eru við Bjarnastaðarhlíð og Flatatungu í Skagafirði. Dr. Selma Jónsdóttir listfræðingur hafði áður sýnt fram á í doktorsritgerð sinni að þær hefðu í upphafi verið hluti af býsanskri dómsdagsmynd.

Eftir nákvæma skoðun á fjalabrotunum, myndefni þeirra og ummerkjum um festingar komst Hörður að þeirri niðurstöðu að dómsdagsmyndin væri ekki ættuð úr skála í Flatatungu heldur úr Hóladómkirkju þeirri sem Jón biskup helgi Ógmundsson létt reisa úr timbri á árunum 1108 – 1111.<sup>31</sup> Greining Harðar á dómsdagsfjölunum er án vafa eitt merkasta og frumlegasta afrek hans á sviði sjónmenntarannsókna þar sem þverfagleg bekking hans á myndlist og húsagerðarlist varð til þess að skapa nýja og óvænta sýn á rannsóknarefni sem þó hafði verið þaulkannað áður.

Í ritinu Skálholt. Kirkjur, sem út kom árið 1990, endurskapaði Hörður Ágústsson horfnar kirkjur staðarins frá upphafi í formi tvívíðra og þrívíðra teikninga á sama hátt og hann hafði áður endurgert þjóðveldisbæ í mynd líkans og raunverulegrar byggingar. Í kjölfarið ritaði Hörður bók um skrúða og áhöld Skálholtskirkna, þar sem hann var höfundur sex kafla en tveir voru eftir Kristján Eldjárn. Áður hafði hann búið til útgáfu bindi um fornleifarannsóknir í Skálholti sem

<sup>21</sup> Byggedag X, 1968, bls. 21 – 37.

<sup>22</sup> Tiskustefnur eru vaxtarbordar nýrrar hugsunar, [viðtal við Hörð Ágústsson], Morgunblaðið, 22. nóvember 1983.

<sup>23</sup> Íslensk byggingararfrélf II, bls. 225 – 236.

<sup>24</sup> Samkvæmt viðtal við Þorsteini Gunnarsson arkitekt.

<sup>25</sup> Indriði G. Þorsteinsson, Þjóðhátiðin 1974 I – II. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1986, I. bindi, bls. 19 – 20.

<sup>26</sup> Hörður Ágústsson, Hér stóð bær: líkan af þjóðveldisbæ.

<sup>27</sup> Þjóðhátiðarnefnd 1974, 1972.

<sup>28</sup> Þjóðhátiðin 1974, II. bindi, bls. 255 – 256.

<sup>29</sup> Ární Johnsen, Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal [viðtal við Hörð Ágústsson], Morgunblaðið, 24. júní 1977.

<sup>30</sup> Á.B. [Ární Bergmann], Tveir menn í einum. Samtal við Hörð Ágústsson, listmálarar og fornhusafræðing. Þjóðviljinn, 5. – 6. nóvember 1983.

<sup>31</sup> Morgunblaðið, 22. nóvember 1996.

Kristján Eldjárn stýrði á árunum 1954 – 58. Loks ber að geta nýjustu bókar Harðar í ritröðinni Staðir og kirkjur: Laufás við Eyjafjörð – staðurinn, sem er nýkomin út þegar þessi orð eru skrifuð, síðla árs 2004.

Eftir útgáfu bókanna um Skálholt gafst Herði loks tækifæri til að einbeita sér að yfirlitsritinu um íslenska húsagerðararfleifð sem hann hafði gert drög að um 1970. Það kom út í tveimur bindum á árunum 1998 – 2000 á vegum húsafríðunarnefndar ríkisins. Bókin, afrakstur 40 ára rannsóknna, er allt í senn: sögulegt yfirlit um þróun tiltekinna húsagerða, kennslubók í byggingarlist fyrir almenning og varnarrit um íslenska byggingarárfleifð. Í aðfaraorðum fyrra bindis vitnar Hörður í kunna skilgreiningu rómverska arkitektsins Vitruviusar um hið þrieina eðli byggingarlistar: list, notagildi og tækni, sem saman mynda órofa heild í einu verki. Því næst gerir hann grein fyrir þeim sjónlistarlegu bragreglum sem mótuðu evrópska byggingarhefð um aldaraðir. Hann greinir stærðarhætti í verkum íslenskra forsmiða og húsameista frá ólíkum tímaskeiðum og sýnir með því fram á að undirstöðubekking á helstu fagurfraðireglum arkitektúrs var fyrir hendi hér á landi þó svo að flest hús væru lengstum, sökum aðstæðna, reist úr forgengilegu efni.<sup>31</sup> Í seinna bindi ritsins rekur Hörður annál húsavarðveislu á Íslandi og setur í lok þess fram óskir sínar um friðun og verndun einstakra bygginga frá ólíkum tímaskeiðum.

Sem yfirlitsverk um byggingarlistarsögu eru bækur Harðar um íslenska byggingarárfleifð einstæðar að því leyti sem þær endurspeglar höfund sinn. Þær verða ekki metnar að verðleikum nema með vitund um bakgrunn hans á svíði myndlistar, hönnunar og sjónmenntakennslu. Á sama hátt má halda því fram að myndlist Harðar verði ekki skilin til fulls án vitneskju um tilvist fræðimannsins, kennarans og rannsakandans.

Á kennsluferli sínum naut Hörður þess ekki að vera lærlimeistari við íslenskan arkitektaskóla sem eflaus hefði verið honum kærkomið hlutverk. Engu að síður hefur hann skilað námsmönnum í þeiri grein og því skólastarfi sem nýlega er hafið innan végbanda Listaháskóla Íslands hinu dýrmæltasta vegarnesti með ritum sínum og rannsóknum. Skrif hans um arkitektúr munu lifa sem sígilt kennsluefni, hinn íslenski „Vitruvius“ komandi kynslóða.

Merkasta verk Harðar Ágústssonar er þó ef til vill sú skapandi leit sem er lífsverk hans allt séð sem heild: textar, hönnun, rannsóknir og listsköpun. Trúr hugsjón sinni um samfélagslegt gildi sjónlistanna sá hann það sem aðrir sáu ekki, uppgötvaði fjársjóði í því sem talið var fánýtt drasl og barðist fyrir sannfæringu sinni í ræðu og riti. Því margslungna ævistarfi

verður ef til vill best lýst með þeim orðum að Hörður hafi um hálfrað aldar skeið verið sjónmenntalegur uppalandi íslensku þjóðarinnar.

## Opening the Eyes of a Nation

### Hörður Ágústsson's contribution to architecture

If there is one thing that had a more significant effect than any other on Icelandic architecture in the latter part of the 20th century, it would have to be the change in values concerning the preservation of architectural heritage and old buildings. Barely a quarter century has passed since it was considered perfectly acceptable to bulldoze down such historical relics in the name of progress and development. Nowadays, however, important buildings are rarely torn down without a fight, nor their appearance completely altered.

While many people were instrumental in bringing about this change, one name stands out: Hörður Ágústsson. Since the 1950s he has worked undauntingly to call attention to the nation's heritage in visual art and building construction – something that until that point had been severely undervalued. Through his writings and research into Icelandic architecture he laid the foundation for the building conservation movement that grew out of the so-called '68-generation.

As a child, Hörður Ágústsson dreamed of being both an architect and a painter. After the end of World War II, he commenced studies at the Copenhagen Art Academy and his interest in architecture was put on hold for a time, only to be reawakened during a trip to Italy in 1948. During his subsequent years in Paris, Hörður began studying the trend of modernism in architecture, particularly the ideas of Walter Gropius and Le Corbusier.

Back in Iceland, Hörður was enlisted to write about "international architecture" for a new cultural magazine, Birtingur. It was a new concept for architecture to be written about in an Icelandic cultural magazine, to say nothing of it being given as much space as literature, drama, visual art or music. As the 1960s progressed, Hörður's criticism of Icelanders' lack of sophistication in architecture became increasingly harsh. In his writings he often referred to the contrast between the old and new in Iceland. On the one hand there was the old and, in his view, the sincere – turf farms, earth, stone, timber – and

<sup>31</sup> Ólafur Gíslason, Dómsdagur í Hólkirkju, Þjóðvilljinn, 15. desember 1989.

<sup>32</sup> Íslensk byggingarárfleifð I, bls. 13 – 30.


on the other its nemesis: imitation, ostentation and the bad taste that characterized the post-war buildings springing up throughout the country. These, in his view, attested to a lack of education and the nation's cultural degradation. The root of this evil, he believed, was the 1940 military occupation of Iceland with all its implications, particularly the breaking of long-standing cultural ties with Danish visual art that Iceland had long benefited from.

In 1961, Hörður received his first grant from the Icelandic Science Foundation to tour Iceland and research old buildings. In subsequent years, he travelled to all parts of the country, recorded and drew pictures of important buildings, and collected data. A summary of his findings was published almost simultaneously in Birtingur. In 1965, Hörður was appointed to a committee to review legislation concerning ancient relics and regional museums. In 1968 the committee introduced a draft bill containing a special section about the "protection of buildings and other man-made structures". The bill, which was passed by the Alþingi and took effect in 1969, may be said to mark the beginning of official building protection efforts in Iceland.

In 1977, Hörður decided to retire completely from visual art in order to process the vast amount of material he had collected on Icelandic building history. An overview publication about Iceland's building heritage – the result of 40 years of research – was published in two volumes in 1998 – 2000. That work is all at once a historical overview of the development of a particular form of architecture, a textbook in architecture for the general public and a work that warns of the threat to Iceland's architectural heritage.

True to his vision of the communal value of visual art, Hörður saw what others did not: he discovered treasures in things that were considered useless junk and fought for his convictions both verbally and on paper. This intricate life's work may perhaps be best described by saying that Hörður was for half a century the "visual educator of the Icelandic nation".

Veggmynd i útibúi Búnaðarbanksans við Laugaveg, 1953 – 54, fyrsta opinbera myndverkið í anda geómetrískrar listar.  
Ljósmynd: Hjálmar R. Þáðarson.




Frumdrög unnin í gvass. Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur.






Veggmynd úr korki í kaffistofu Arnarhváls, 1957. Ljósmynd: Andrés Kolbeinsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.




Veggmynd á Bifröst, 1957. Ljósmynd: Andrés Kolbeinsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.







Veggmynd á Bifröst, 1957. Ljósmynd: Andrés Kolbeinsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.















Íbúðarhús Magnússar Kristjánssonar, Vogabraut 1, Akranes, 1959. Aðaluppdráttur.























## Til almennings

# Framlag Harðar Ágústssonar til grafiskrar hönnunar

Guðmundur Oddur Magnússon

„Ég segi fyrir mitt leyti að myndlist hefur staðið með miklum blóma hérlandis alveg fram á þennan dag. Ég hef meiri áhyggjur af auglýsingum og bókahönnun. Mér finnst þetta vera eins og með plastmálinninguna, tölvan hefur valdið þar mestu um, mér finnst eins og menn haldi að þeir geti bara hannað þetta sjálfir og því meira sem er á síðunni þeim mun meiri ánægja! Það er einstaka sinnum sem maður sér almennilega auglýsingu.“<sup>1</sup>

Vorið 1956 dvaldist Hörður Ágústsson í París. Þar stundaði hann nám í leturmeðferð og gerð auglýsinga við kvöldskóla. Eftir heimkomuna sumarið 1956 og alveg fram að 1964 starfaði Hörður Ágústsson að grafiskri hönnun hér í Reykjavík. Á þeim tíma var greinin kölluð auglýsingateiknum eða útlitsteiknum bóka og timarita. Almennt var ekki borin mikil virðing fyrir bessari starfsgrein. Félag íslenskra teiknara hafði þó verið stofnað 1953. En það var fremur fámannur hópur teiknara sem flestir höfðu numið hagnýtar listir sem handverksið í Kaupmannahöfn á 3ja áratugnum. Hörður var hugsjónamaður sem með verkum sínum á þessu svíði flutti inn vinnubrögð, sem nánast voru óþekkt hér, á jafn afdráttarlausán hátt. Hafsteinn Guðmundsson var að vísu búinn að innleiða vinnubrögð í anda Tschicholdts við setningu texta og einhver dæmi eru um tilraunastarfsemi og vönduð vinnubrögð. Grafisk hönnun sem sérstök starfsgrein verður nánast ekki til fyrr en með tilkomu offset-prentunar en þetta var allt að gerast eftir að Hörður flyst heim. Þá flyst allur undirbúningur undir prentið á ljósaborðið og menn byrja að klippa og líma í gríð og erg. Offsetprentun hafði viðtæk áhrif á starfshætti í prentiðnaði. Hún byggist á gamla steinþrykkini eða lithógraflunni. Bandaríkjamein voru brautryðendur að vélvæðingu þessarar aðferðar á sjötta áratugnum – áratug aður en þessi tækni varð algeng í Evrópu. Offsetprentun byggist á því að ljósnaðar málimplótur eru notaðar í stað steina og er myndin yfirfærð af filmum á plötur með grafiskri ljósmynda-tækni. Af málimplötunni er litnum þrykkt á gúmmidúk

og af honum á pappír og er þessi yfirfærsla skýring á alþjóðlega orðinu „offset“.

En þessi sérstaka aðferðafræði, sem Hörður innleiðir á hagnýtan hátt úr myndlistinni, var þróuð af módernistunum á millistriðsárnum á öndverðri tuttugustu öld og kölluð „geometrisk konstrúksjón“ eða strangflatar myndgerð.

Þessi aðferðafræði hentar hinni nýju tækni, beinlinis kallar á hana. Þar eru sett fremst á flötinn frumatrið eins og ryðmi, harmónia, kontrastar, hlutföll og dynamik sem áður voru falin í bakgrunni. Þessi aðferðafræði var svo útfærð við framsetningu upplýsinga, timarita og bóka og lagði grunninn að grafiskri hönnun og hönnunarskólum í allri vestrænni menningu beggja vegna hafsins eftir seinni heimstyrjöldina. Hún á rætur sínar að rekja til Rússa og Hollendinga snemma á öldinni – konstrúktifistanna og De Stijl. Frumherjunum var í mun að koma þessum hugmyndum til almennings, því það var nánast grundvöllur hugsjónarinnar að þær væru hagnýttar í hversdagslifinu. Þeim varð strax ljóst að það skipti öllu máli að verkin héngju ekki bara til skrauts og ánægju heldur var tilgangurinn að bæta samfélagið – brjóta niður múra þjóðrembu og hetjudýrkunar, skapa alþjóðlegt óhlutbundið myndmál, og gera þannig myndlistina og hannaða nytjahlutí að almenningseign. Í auglýsingagerð Harðar voru það fyrst og fremst boðberar nýrra strauma í tíma og tilárandar sem nutu starfskrafta hans. Hann vinnur fyrir Loftleidir sem var eitt fyrsta lágfargjaldafyrirtækið og höfðaði til ungu kynslóðarinnar á þeim tíma. Hann hannar fyrir tryggingafélögum sem höfðuðu til framtíðar, húsgagnaframleiðendur sem þurftu að markaðssetja nýjan lífsstíl, málningaráframleiðendur og aðra sem eygðu nýja tíma. Einnig hannaði Hörður alltaf eigin sýningarskrár og bækur. Öll bera verk hans vitni um þennan harðkjarnahugsunarhátt og er athyglisvert að í upphafi gengur hann lengra í grafiskri hönnun en málverki á sama tíma.

Til að skilja mikilvægi þessara hugmynda og gerast kyndilberi þeirra eins og Hörður gerðist snemma

<sup>1</sup> Hörður Ágústsson 6. mars 1996. Úr viðtali sem birtist í sýningarskrá fyrir hönnunarsýninguna MÓT árið 2000.

á sjötta áratugnum þarf ákveðna manngerð. Hún þarf í fyrsta lagi að hafa traustan grundvöll, gott jarðsamband. Eftir stúdentspróf úr stærðfræðideild stundaði Hörður einmitt fyrst nám við verkfræðideild Háskóla Íslands. Á sama tíma fór hann líka í Handlðaskólann og vann hjá arkitekt. Tíðarandi eftirstriðsáraðna í Evrópu einkenndist líka af rannsóknarhyggju, hlutlægni, struktúralisma og rökhyggju. Í öðru lagi þarf manngerðin að vera innblásin söguskilningi og það var Hörður í ríkum mæli, hann var alltaf að leita. Hvort sem það var á námsferðum um Ítalíu eða í London á Courtauld Institute, í París eða í akademíunni í Kaupmannahöfn vetrin 1945 – 46. Þar í Kaupmannahöfn kynnist hann fyrst kenningum Bauhaus-fræðimanna í gegnum *Pedagogisches Skizzenbuch* eftir Paul Klee.<sup>2</sup> Söguinnblástur Harðar verður svo til þess að hann gerist nánast brautryðjandi í rannsóknum og skrifum um íslenskar sjónmenntir, ekki aðeins um arf okkar í byggingarlist heldur ritar hann líka grunninn að sögu grafiskrar hönnunar á Íslandi í 25 ára afmælisrit FÍT frá árinu 1978. Engum blöðum er um það að fletta að Hörður ber höfuð og herðar yfir aðra í söguskilningi er varðar sjónmenntir.

Í þriðja lagi þarf manngerðin að hafa nógum stórt hjarta. Thor Vilhjálmsson skáld og félagi Harðar á Parísaaránum hefur einmitt tjáð sig um þann tíma sem mótaði þá báða. Hann hefur lýst því hvað Hörður hafi haft miklar áhyggjur af mannkyninu og heiminum og hvernig allt færi og öllu farnaðist, og hvað hann lagði á sig til að reyna að bera vitni um það.<sup>3</sup> Það þarf hugsjónaman með hjarta til þess að halda lífi í kyndlinum. Til þess að forgangsraða. Til að setja í rétt samhengi. Átta sig á hvað skiptir máli og hvað skiptir ekki máli. Tónsetja og blaðsetja. Þarna kemur lista-maðurinn til sögunnar. Sá sem hefur uppgötvat og fengið sýndina veit í hjarta sínu hvað hún skiptir miklu máli. Hann ann sér ekki hvíldar. Evrópa var í rúst eftir striðið. Peir sem höfðu haldið loga í kyndlinum höfðu flúið til Bandaríkjanna eða haldið til Sviss eins og Max Bill, sem var einmitt þessi manngerð, eða Svíslendingarnir Karl Gerstner, Richard Paul Lohse og Dieter Roth til að nefna nokkra. Merkilegt nokk, þeir voru allir strangflatarmálarar, tilheyruð sömu grúppunni og stunduðu líka grafiska hönnun og mörkuðu djúp spor í greininni. Peir tilheyruð kynslóðinni sem lagði grunninn að því sem kallað hefur verið Alþjóðastíllinn í grafiskri hönnun á sjötta og sjöunda áratugnum. Raunar má segja að engin önnur liststefna en þessi harðkjarnahugsunarháttur státi af eins mörgum grafiskum hönnuðum og þessi. Einn úr framvarðarsveitinni, Dieter Roth, fluttist til Íslands á vormánuðum 1957 og þar eignaðist Hörður sálfélaga og eina samstarfsmann sinn í greininni en þeir unnu saman um

timi. Milli 1955 og 57 hafði hann nánast verið einn um þessa strangflatarlegu útlitshönnun, en strangflatarlistin var stöðugt milli tannanna hjá gagnrýnendum í blöðunum. Rannsóknir Harðar í formfræði og formfræðikennslan hélst í hendur við verkefni hans í grafiskri hönnun, á beinlinis rætur sínar að rekja til formfræðikennslu hans. Hann er nánast einn um þennan stil þar til Dieter Roth ber að dyrum hjá honum um vorið 1957 og vill fá að sýna honum möppuna. Hann var ekki lengi búinn að fletta begar hann áttædi sig á því að hér var kominn maður með það allra nýjasta í myndlist og grafiskri hönnun. Hörður fól Dieter að útlitshanna fyrsta hefti Birtings frá 1957. Það verkefni dró töluverðan dílk á eftir sér, heilmiklar deilur um leturgerð og útlitshönnun. Þar komu fram þær skoðanir að leturgerð og uppsetning eigi sér sjálfstætt líf sem hafi áhrif á hvernig inntak sé lesið. Kápan á heftinu var eftir Hörð en Dieter hafði snúið henni við. Hörður sá að öðru leyti um allt útlit Birtings með örfáum undantekningum og gerði það óslitið þar til það hætti að koma út 1968.

Hörður hannaði ekki bara bókakápur heldur fór hann að leggja áherslu á allt form bókarinnar frá pappírs- og leturvali til markaðssetningar. Besta dæmið er bókin Hundrað ár í Þjóðminjasafni eftir vin hans, Kristján Eldjárn. Þar fylgdi Hörður öllu eftir, prentun mynda og myndmótagerðar. Niðurröðun ljósmynda var einnig óvenjulegt sambland af floti og blæðingu. Hundrað ár í Þjóðminjasafni er einhver best heppnaði prentgripur sem þá hafði verið gerður hér á landi í langan tíma og í raun fyrsta „moderne“ bókarhönnunin þar sem farið er alla leið. Margir komu strax auga á það en þó heyrðust raddir heimóttarskapar eins og skrif ritstjóra Timans bera vitni. Í umsögn sinni segir hann: „Bókin er það sem kallað er „teiknuð af Herði Ágústssyni“, sem er einskonar vottorð um, að ekki sé hægt að greina á milli hvort þetta er landkynningar-pései, tímarit eða auglýsingarit. Bókarblaer hefur allur verið teiknaður burt og eftir standa afskræmislegar síður með lesmáli í tveimur dálkum, undarlega sérviskulegum spássíum, eins og teiknarinn, stjórnandi útlitsins, álíti að hann þurfi nauðsynlega að vekja rækilega athygli á afreksverki sín til ófarnaðar þessu annars virðingarverða og merka verki.“<sup>4</sup> Prátt fyrir þessar viðspyrnur heimóttarskaparins vann Hörður af djörfung fyrir þau bókaforlög sem voru í sókn á þeim tíma. Forlög eins og Mál og menningu, Helgafell og Bókaútgáfu Menningarsjóðs.

Eftir 1964 stundar Hörður að mestu fræðistörf og hannar einungis eigin bókverk sem hafa verið að koma út fram á þennan dag. Þær eru yfirlætislausar, gerðar í anda minimalisma, lausar við allan óþarfa. Þær nýjustu hvíla á stafagerð þar sem fóturinn er fern-

<sup>2</sup> Guðmundur Oddur Magnússon, Það er engin þjóðleg list til [viðtal við Hörð Ágústsson], MÓT – hönnun á Íslandi · íslenskir hönnuðir. Listasafn Reykjavíkur og Form Ísland, 2000.

<sup>3</sup> Thor Vilhjálmsson, umræður eftir fyrirlestur Áðalsteins Ingólfssonar, Listmennt í viðasta skíningi – hugleiðingar um grafiska hönnun Harðar Ágústssonar, febrúar 2001. Upptaka í eigu Listaháskóla Íslands.

<sup>4</sup> IGP [Indriði G. Þorsteinsson], Á förum vegi, Timinn, 16. nóvember 1962.

ingur. Yfir þeim er heiður svipur þess sem stendur traustum fótum í vestrænni menningu. Þar er klassísk hlutfallafræði undirliggjandi – Bók kennimeistara endurreisnarmannanna, „Divine Proportion“ (Hin guðdómlegu hlutföll), eftir munkinn Lucca Pacioli og Da Vinci myndlýsti, er nálaeg. Hörður ræddi þennan grundvöll endurreisnarinnar sem er hans eigin jörð sem hann stendur á: „Síða er flótur – bara ákveðið form, ákveðin breidd og hæð og á henni er letur. Það fyrsta sem ég sé hérrna eru þessir tveir ferningar sem liggja á þessum stóra ferning – hvernig liggja þeir? Hvernig á ég að láta þá liggja? Þeir eru myndaðir af einingum. Einum staf og hver stafur hefur sitt sérkenni og svo fara þeir í línu þ.e.a.s. þú hefur röð af línum og það er ákveðið bil á milli línnanna. Það er ákveðin staðr hérrna á milli og það er þykktin á stöfnum. Þetta verður þú að hugsa um og síðan er eitt af því sem ég sé að sérstaklega fræðimenn hafa eyðilagt – þeir eru alltaf eins og verkfræðingarnir – að það er eins og það hafi verið varpað sprengju á síðuna.<sup>45</sup>

## To the Public

### Hörður Ágústsson's contribution to the graphic design field

In the spring of 1956, Hörður Ágústsson was in Paris where, among other things, he studied typesetting and advertising design in evening school. From the summer of 1956, when he returned to Iceland, and up until 1964, Hörður worked in the graphic design field. At that time, the trade was not highly thought of. Yet Hörður was an idealist who through his work in the field introduced new ways of working that were virtually unheard of in Iceland.

This particular methodology, which Hörður imported from visual art, was called Geometric Construction and had been developed by modernists in the years between the two World Wars. The pioneers were highly concerned with getting these ideas across to the general public, since it was practically the foundation of their ideology that they be of practical use in daily life. It was clear to them from the start that the works must not hang on walls for mere decoration and amusement, but that they be an integral part of an ideology designed to improve society – to break down the barriers of nationalism and hero-worship and create an international language of images, thereby making visual art and designed utility objects into something the general public could possess.

In the advertising design field, companies that were the harbingers of new trends were those that primarily enlisted Hörður's services. He worked for Loftleiðir, which was one of the first low-fare airlines and appealed to the younger generation at that time. He worked for insurance companies that looked to the future, furniture manufacturers that were marketing a new lifestyle, paint manufacturers and others that had their gaze set on the new times ahead.





To understand the importance of these ideas and to become a torchbearer on their behalf requires a particular character. First, such a character must have a secure foundation; must be grounded. After finishing his matriculation exam with an emphasis on mathematics, Hörður studied engineering at the University of Iceland and at the same time attended the Icelandic School of Arts and Crafts and worked for an architect. Secondly, this particular character must be infused with an understanding of history and this Hörður had in abundance – he was forever searching. This historical understanding gave Hörður the instigation to become a virtual pioneer in research and writing on Icelandic visual art. Thirdly, this type of character must have a big heart. The writer Thor Vilhjálmsson, Hörður's friend from the Paris years, has written about that particular time, which shaped them both. He has described Hörður's great concern for the human race and the world, and how everything was and would turn out.

Hörður Ágústsson was instrumental in forming new trends and ideas in book and magazine design in Iceland. These were not always well received and were in some instances deeply controversial. Yet despite this opposition, Hörður worked boldly for the major book publishers of that time.

After 1964, Hörður devoted himself almost entirely to research and designed only the covers of his own published works, that are still being released. These are simple, designed in the spirit of minimalism and free of all frivolous extras. The latest ones have as their foundation a letter type where the base is a square, exuding the aura of something that stands firm in Western culture.

<sup>45</sup> Guðmundur Oddur Magnússon, Það er engin þjóðleg list til [viðtal við Hörð Ágústsson], MÓT – hönnun á Íslandi · íslenskir hönnuðir, Listasafn Reykjavíkur og Form Ísland, 2000.








**BIRTINGUR**

**BIRTINGUR**



**BIRTINGUR**

**BIRTINGUR**





Tillögur að veggauglysingu fyrir Hörpusilki, seint á sjötta áratugnum.



# **UNDERSTANDING**


**2nd inter-nordic philosophical symposium 1980**

**University of Iceland 29th november - 1st december**


**Uffe Juul Jensen Denmark Lauri Routila Finland  
Þorsteinn Gylfason Iceland Mats Furberg Sweden  
Dagfinn Føllesdal Norway**

**Charles Taylor Special guest**

## Sýningaskrá fyrir sýninguna „Úr lit- og formsmiðju“ á Kjarvalsstöðum, 1976.



## Sýningaskrá fyrir sýninguna „Úr formsmiðju 1961 – 1971“ í galleri SÚM, 1972.







## Endurbirt efni

- 
- 62 „Listaverk er eins og prentmynd af mannlegum huga“  
Viðtal við Hörð Ágústsson, listmálara
  - 63 Við álitum að form og litur búi yfir sérstökum seið  
eða andlegum kraft Kynningarræða 1953
  - 68 Byggingarlist [1], Birtingur 1. hefti, 1955
  - 74 Byggingarlist [2], Birtingur 2. hefti, 1955
  - 81 Mótunarmennt
  - 82 Íslenzk mótnarmennt
  - 83 Á áfangaskilum Félag íslenskra auglýsingateíknara
-

## „Listaverk er eins og prentmynd af mannlegum huga“

### Viðtal við Hörð Ágústsson, listmálara

Geir Kristjánsson

Viðtal G.K. við Hörð Ágústsson birtist í Gandi 29. október 1951, í tilefni af nýafstaðinni sýningu hans á málverkum og teikningum í Listamannaskálanum.

Álitur þú að nútímalist sé ofvaxin skilningi annarra en fára útvalda?

Nei.

Ég held að almenningur í dag sé jafn næmur fyrir listrænum áhrifum og kynslóðirnar á undan, en þjóðfélagshættir okkar og úrelt listform, sem verkar eins og stifla, gera honum erfitt fyrir með að átta sig á nýjungum. Nútímalist er sprottin upp úr okkar þjóðfélagsháttum sem andsvar við þeim og mótmæli gegn því óeðlilega. Þess vegna skirkotar hún til alls almennings og kemur öllum við, og þess vegna ættu sem flestir að eiga þess kost að njóta þessarar listar. Ég álit að abstraktlist nútímans hafi ekki síður möguleika á að skirkota til mannlegra tilfinninga en hin gamla natúralíska list. Ein grein nútímalistar, kúbisminn, sem í upphafi naut litillar almenningsshylli, hefur t.d. á yfirstandandi tínum náð mikilli útbreiðslu og vinsældum í auglýsingabransanum, og þannig mætti lengi telja.

Hin frjósömu vixlährif milli listamannsins og fólksins nauðsynleg.

Það er ekki nóg að eiga menn, sem gera málverk og höggmyndir. Höfuðatriðið er að allt umhverfi fólks sé talandi vitni listrænnar hugsunar, að það alist upp og starfi í sliku umhverfi, og að tilfinning fyrir listrænum verðmaetum seytti inn í blóðið og verði því eðlileg. Þess vegna er fögur borg miklu meiri uppalandi en fullkomín heimilis- og rikislistasöfn. Það má segja, að sérhver hlutur, sem er mótanlegur með höndnum, búi yfir fagurfræðilegum möguleika og geti öðlast tvennis konar gildi: annars vegar notrænt og hins vegar hugrænt gildi (listrænt gildi). Möguleikinn til að njóta listrænnar verðmæta er séreign mannsins og það sem framar öðru skilur milli hans og dýrsins. Það er ekki nóg að þessi möguleiki sé fyrir hendi, heldur verða menn að nota hann, menn verða að ástunda það að sjá meira í hlutunum en einungis hið hversdagslega notagildi þeirra. Pégur hver húsmunur, hver bolli, hver stóll, er gerður af þeirri nærgætni sem felst

i listrænni hugsun, og þegar þeir, sem handfjatla þessa muni daglega, kunna að meta það og þakka fyrir það, þá er náð því sem mér finnst vera hið sanna inntak þess, sem kallað er þjóðfélagslegt raunsæi i list. Listin gerir menn frjálsari gagnvart umhverfinu en dýrin geta nokkurn tíma orðið, því í lífi mannsins eiga hlutirnir aldrei að drottna með notagildi sinu einu saman. Sjálf tjaðingarform hinna fögru lista skiptir ekki svo miklu máli út af fyrir sig.

Er eitthvað hæft í því, að þú hafir í seinni tið hneigzt meir og meir að því að málá abstrakt?

Ég tel mig ekki vera abstraktmálara. Abstrakt eru aðeins þeir málara, sem reyna að gefa útrás hugmyndum og tilfinningum, sem ekki hafa neinn afvaka í hinni ytri náttúru, heldur koma beint úr þeirra eigin sálarlifi, án tengsla við umhverfið. Orðið abstrakt býðir raunverulega allt það, sem hvorki verður séð né breifað á, og þess vegna má til sanns vegar fáa að i allri list sé eitthvað abstrakt.

Afstaða míni til viðfangsefnisins er framrar öðru afstaða ljóðskáldsins. Máli ég t.d. sólflekk á hafi, er það sjálfur liturinn í þessum sólflekk sem hefur áhrif á mig, ekki umhverfi hans eða hnattfræðilegar staðreyndir, og þessi áhrif eru héðan að heiman og mótaskast að því, að ég er Íslendingur.

Myndir mínar eru ekki hugsaðar fyrirfram, heldur vaxa þær fram úr viðureign minni við léreftið og litinn og eiga sér engin nöfn, fyrr en þær eru fullgerðar.

Samt er það ekki svo, að gleðin yfir línumni og línum sé í sjálfu sér nóg til að hrinda mér til að gera slarkfæra mynd, heldur þarf einnig eitthvað annað til að skapa þann fögnum hjá mér, sem er nauðsynlegur til þess að úr einhverju ákveðnu verki verði listaverk.

Listaverk er objekt, er hlutur, en það sem ein-kennir listaverk umfram aðra hluti er, að það er eins og prentmynd af mannlegum huga. Í listaverki er visst subjekt orðið að objekti. Listaverk er fyrst og fremst útrás hugans og þess vegna er rangt að þrælbinda það við ytra umhverfi eins og gert er í hreinni eftirlíkingu ópersónulegrar náttúru.

Hvaða afstöðu takið þið yngstu málaramir til þess, sem er að gerast í heimslistinni í dag?

Það sem er efst á baugi í heimslistinni í dag eru reikningsskil við gamlan natúralisma. Sýn fortíðarinnar er orðin ófrjó, af því að hún er orðin að vana, og list er fyrst og fremst andlegt átak. Við ungu málaramir tökum þátt í þessum reikningsskilum, þótt við höfum aldrei átt þennan natúralisma hér á Íslandi. (Það er t.d. ekki rétt að telja Kjarval, Jón Stefánsson og Ásgrím natúralista, því samkvæmt natúraliskum skilningi Vestur-Evrópu mundu þeir verka sem örgstu

klessumálarar.) Við viljum vera hvort tveggja í senn: Íslendingar og heimsborgarar, að byggja þessa hlið menningarlifsins frá grunni eins og landnámsmenn, og allir þekkja örðugleika landnámsmannsins. Kosturinn er aftur sá, að við höfum ekki í okkur fordóma hinna, sem hafa alízt upp við þessa gömlu myndlistarhefð. Landnámsmaðurinn verður að kanna jörðina, sem hann stendur á, um leið og hann byggir og verður þess vegna auðugri að persónulegri reynslu en hinn, sem fær allt upp í hendurnar fyrirhafnarlaust.

Hvernig leizt þér á Septembersýninguna?

Hún var prýðileg og eitt af því fáa, sem bar vott um menningarlif í Reykjavík. Þar sá maður bezt að Ísland er í lifandi tengslum við það sem er að gerast í listum í veröldinni nú á dögum.

En málverkasafn ríkisins?

Mér leizt vel á myndirnar en illa á húsið. Það er eins og verksmiðja í útborg, með ótal viðbyggingum, reistum eftir hentisemi.

Viðtal okkar var á enda, en að skilnaði segir Hörður:

Viltu svo biðja menn að hafa vakandi auga á Listvinasalnum. Hann ásamt málverkasafni ríkisins eru þáttaskil í íslenzkri myndlist, og geta þeir trútt um tal-að, sem á sínum tíma þurftu að stelast eins og þjófar inn í einkahús til að seðja myndlistarhungur sitt.

G.K.

## Við álíatum að form og litur búi yfir sérstökum seið eða andlegum krafti

Hörður Ágústsson

Kynningaræða Harðar Ágústssonar birtist í  
Þjóðviljanum þann 19. september 1953.

Haustsýningin í Listamannaskálanum var opnuð í fyrrkvöld að viðstöddu miklu fjölmenni. Við opnuna flutti Hörður Ágústsson listmálarí stutta kynningaræðu um sýninguna, og fer hún hér á eftir:

Kæru gestir!

Það er sjálfsgagt að biðjast strax afsökunar á jafn hátiðlegum tilburðum og þeim að fylgja málverkasýningu úr garði með ræðu. Sumum finnst það ef til vill ákaflega ólistamannslegt.

En ég skal segja ykkur alveg eins og er: Það hefur mikið verið kvartað undan því i seinni tið, að listin væri að fjarlægjast fólkis, bilið sífellt að stækka og ískyggilega mikið. Eins hafa menn látið orð falla eitt-hvað á þá leið að listamenn skýrðu ekki ávallt nögu vel út fyrir mönnum hvort þeir væru að fara.

Við sem að bessari sýningu stöndum, töldum sjálfsgagt að taka eitthvað af athugasemdum þessum til greina. Því stend ég hér. Okkur fannst það heppilegra að einn okkar talaði eða spjallaði við ykkur stuttlega í stað þess að skrifa til ykkar eins og venja hefur verið. Þannig mundu kannski myndast gagnkvæmari kynni milli okkar og ykkar.

Ég er enginn Móses að slá vatn úr þeim kletti sem bessar myndir okkar svo oft virðast vera í augum almennings. Það er einnig áhettusamt og erfitt verk að koma fram fyrir sinar eigin myndir, sem eru næstum nýfæddar og eftir því ósjálfbjarga, og hjálpa þeim að koma til móts við áhorfandann, en ég ætla nú að reyna það lítilegla samt.

Þið munið sjálfsgagt öll eftir dæminu sem Halldór Kiljan tók um árið í grein sinni um myndlist okkar að fornu og nýju. Hann sagði frá gömlu íslenzku teppi blómskreyttu, sem hékk heima hjá honum við hliðina á málverki af hestum eftir Þorvald Skúlason. Flestum gesta hans þótti teppið fallegt en málverkið ljótt. Þeir sættu sig ekki við stilfæringu Þorvalds, en dáðu hana hjá höfundí teppisins. Hvers vegna hef ég aldrei get-að skilið.

Í því sambandi dettur mér í hug annað dæmi sem betur á við hér. Menn segja: Þetta er ekki málverk, þetta er dekorasjon, skreyting.

Það er ekki laust við að felist niðrandi merking að baki orðanna. Ég held að óhætt sé að fullyrða að ófremdarástand það sem listin á við að búa í nútímaþjóðfélagi stafi ekki sízt af niðurlægingu skreytilistar og alls listiðnaðar.

En sleppum því.

Athugum hins vegar nánar mótbáru þessa eða ásökun.

Við sjáum í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að menn skoði þessar myndir sem skreytingar, þótt við litum öðruvisi á. Það gildir okkur svo sem einu, hvort þær eru kallaðar veggskraut eða málverk! Áðalatriðið er að menn hafi gleði af að horfa á þær. – Og við skiljum ekki það fólk sem lætur heillast af fléttu í fornri íslenzkri vindskeið eða litglitnu í gömlum vegteppum en virðist vera gersamlega lokað fyrir áhrifum frá myndunum okkar. Við skiljum ekki forgangsrétt litar í ull fram yfir þann í oliu.

Önnur mótbára algeng er sú að auðveldara sé að mála á þann hátt sem hér gefur að líta en hinn hefðbundna figúratífa máta. Í sömu andrá erum við settir eins og á sérbekk og skör lægra meðal listamanna. Við litum hins vegar svo á, að hér sé alltaf um hina einu og sömu list að ræða, sem í aldaraðir hefur verið heillandi viðfangsefni háum sem lágum, yngri sem eldri.

Þó gefur að skilja, að ungir menn leggja vanda-málin öðru vísí niður fyrir sér en þeir sem eldri eru. Þeir sjá og skynja öðru vísí og því mála þeir, höggva eða byggja öðru vísí. Sumir vilja leggja þessa eðlilegu lífssvörum út sem vanmat eða fyrirlitningu þeirra yngri á þeim eldri. Slikt er háskalegur misskilningur og getur valdið truflun á eðlilegri framvindu listar.

Leyfið mér að taka enn eitt dæmi. Jón Stefánsson ritaði eitt sinn í grein um málaralist eftirfarandi:

„Kona kemur inn í búð og vill kaupa hvita könnu sem á að taka einn liter. Henni eru sýndar margar könnur, mismunandi að gerð. Þær eru allar jafnhentugar og jafngóðar að hella úr. Samt tekur konan eina könnu fram yfir hinum af því að henni þykir lagið fall-egra á henni. Hér er sýnilega algerlega óhlutkennd tilfinning fyrir formi sem ræður.“

Pannig farast Jóni Stefánssyni orð. – Eini raunverulegi mismunurinn á afstöðu Jóns og okkar er sá, að við þurfum ekki á mynd könnunnar að halda. Eins og hjá konunni og eins og hjá Jóni sjálfum í mynd-meðferð sinni, látum við hina óhlutbundnu tilfinningu fyrir formi eins og hann orðar það, vera algjörlega ein-ráða. Jón fær myndform sitt úr könnunni. Það kostar að visu ákveðna áreynslu að ná valdi á þessari mynd

og fella hana inn á flötinn. Sumir sjá þar hið eina og sanna kennimerki málverks.

Við tökum hins vegar formið hjá okkur sjálfum úr þeiri tilkenningu sem heitir að vera og finna til.

Það má segja að við könnum frekar innri vidd en ytri. Okkur virðist stundum sem þar búi órannsakaður og töfrumslunginn heimur sem býr yfir ótæmandi möguleikum. Ég held mér sé óhætt að fullyrða að könnun hans krefjist engu minni áreynslu eða sé á nokkurn hátt ógögjufri. Eða eignum við að sýna tón-listinni þá litilsvirðing að álita að manninum sé óhlut-stæð fegurðartjáning óeðlileg. Stendur tónlistin ekki einmitt að sumu leyti næst innstu veru mannsins? Og er það ekki vegna þess að hún gefur nánast samband við hrynjandina sem virðist standa bak við alla hluti?

Óhátiðlegar mætti orða þetta svo: Við álítaum að form og litur búi eins og hijómurinn og tónfallið yfir sérstökum seið eða andlegum krafti. Í viðjum eftir-myndar eru þau að einhverju leyti dreppin í dróma. Það er eins og hún tefji leikinn eða samspilið. Þess vegna er henni sleppt. Þið skuluð því ekki reyna að sjá eft-irlíkingu í þessum myndum. Hún er þar blátt áfram ekki til.

Að lokum: Fyrir alla muni trúið samt ekki þeirri algengu fullyrðingu að við séum frelsað fólk eins og það er kallað, algjörlega vissir í okkar sök. Við erum um fram allt leitendur og vitanlega sprjum við okkur sjálfa eins og aðrir menn, sem reyna að taka líf sitt og starf alvarlega: Stendur verk okkar eða fellur fyrir tímans tönn? En því væri leitin markvisari, að við ættum áhugasama fylgjendur og stuðningsmenn, sem eggjuðu um leið og þeir héldu okkur í skefjum með heilbrigðri og skynsamlegri gagnrýni, – að við hefðum þig með okkur, áhorfandi góður.

Verið öll velkomin.



HÖRÐUR ÁGÚSTSSON:

# Byggingarlist

.... Húsin eiga þannig að vera gróðurstöðvar til mannræktar ....

Hannes Kr. Davidsson.

## Inngangur

Borgin, gatan og húsin eru eins og opin bók sem við lesum á daglega, viljandi eða óviljandi. Hún hefur meiri áhrif en okkur grunrar á líf okkar, á andlegt og líkamlegt atgerfi okkar og síðast en ekki sízt á menningu okkar. Menn lifa og hrærast í borgum, innan um hús, í húsum meir en nokkur sinni áður. Af því má ráða hversu gifurlega uppeldispýðingu hús og borgir hafa og hversu nauðsynlegt er að gefa þeim meiri gaum en gert hefur verið hér um slóðir, því á Íslandi er byggingarlist og borgmenning yfirleitt hroðaleg bók aflestrar. Það var danskur menntamaður á ferð hér fyrir nokkrum árum. Hann gekk inn Laugaveg með einum landa okkar. Hann leit i kringum sig, þagði en spurði svo: Hvorfor bygger de ikke huse? Það eru hörd orð en að mestu leyti sönn og því fyrr sem þau verða okkur ljós og við reynum að bæta um, því betra. Það hefur að vísu verið gert ýmislegt hér seinni ár til þess að fjarlægja líkamlegan sóðaskap og það er i sjálfu sér virðingarvert, en það er hinn andlegi sóðaskapur sem er höfuðóvinur Íslands byggðar og því minnir þessi tiltekt og það skrauttildur sem því fylgir ofurlitið á eina ágæta gamla konu, sem ég þekkti í útlandinu hér um árið og aldrei þvoði hjá sér, en hélt að þrifnaður væri fólginn í því að hella bara nógu miklu af sótthreinsandi vökvum og dufti í skot og kima.

Hugsíð ykkur að þið séuð útlendingar í þessu landi, hafið alízt upp við byggingarmenningu og gangið inn Laugaveginn eins og Dani eða standið á Arnarhóli og virðið fyrir ykkur miðbæinn. Hvergi nokkurstaðar örlar fyrir því að nokkur maður er hendi fór um þessi hús hafi hugsað um stærð eða snið, hvað þá að hér hafi verið unnið af hreinni list. Það er efni í heila doktorsritgerð að skýra það út fyrir okkur hvernig þjóðin gat glatað allt í einu tilfinningunni fyrir formi um sama mund og hún var að verða fullveðja. Eða var þetta eitthvað bundið hatri á Dönum, sem eru sennilega einu mennirnir er byggt hafa hús á Íslandi allt fram á vora daga. Alþingishúsið, Stjórnarráðið, Menntaskólinn, fyrrum aðsetur Hæstaréttar og fangahús við Skólavörðustíg. Það er von að menn verði hneykslaðir þegar þeir sjá svo allt í einu hina framsæknu arkitekta okkar reisa hús þar sem reynt hefur verið að beita

skynsemi i skipulagi, taka ofurlítið tillit til mannsins og um leið til þess klassiska fyrirbæris sem gerir hús: hrynjandi stærða og samræmis eininga. Þá er viðkvæðið: þetta eru bara kassar. En þarna koma menn einmitt upp um sig. Hvað er hús annað en kassi með porportion, kassi, sem þægilegt er að ganga um? Hins vegar er v:ðbúið að menn haldi að byggingarlist sé skraut og birtist í húsum með fjölda útskotum eins og Heilsuverndarstöðinni eða ógurlega stórum eins og Hallgrímskirkju eða húsum með afskaplega flottu pírumpári, stöllum og stiklum helzt í aett við stuðlaberg eins og er utan og innan á Þjóðleikhús:nu.

Við hljótum að telja þá, sem á einhvern hátt stuðla að því að hús risi af grunni, sérstaklega ábyrga aðila í menningarlfífi þjóðarinnar. Við skulum samt ekki láta okkur detta í hug, að við getum skellt allri skuldinni á þá, því við erum öll ábyrg.

Sú listgrein, sem á vestrænum menningartungum hefur verið kölluð arkitektúr, nefnist á íslenzku byggingarlist. „Listin að reisa hús og fegra eftir ákveðnum reglum“ eins og stendur í orðabókinni. Orðið er dregið af griska orðinu arkitekt, sem þýðir eiginlega yfirsmiður eða sá sem hefur menn í vinnu, af „arkos“ sem þýðir yfirmaður og „tekon“ sem þýðir verkamaður.

Það virðist vera einfalt mál að skilgreina á þennan hátt byggingarlist og líklega erum við öll sammála skilgreiningu þessari, en málið vandast fyrst þegar við snúum baki við henni og stöndum andspænis veruleikanum sjálfum, húsum af ýmsri gerð. Áður en við vitum af erum við komin í hár saman.

Ég ætla að byrja að skýra mitt sjónarmið með því að taka tvö hús héðan úr Reykjavík, sem við höfum daglega fyrir augunum og allir Reykvíkingar hafa greiðan aðgang að, rannsaka þau, bera þau saman ef ske kynni að við gætum orðið einhvers vísari um hvað sé í rauninni sönn byggingarlist. Þessi hús eru gamlir kunningjar: Hið virðulega fyrra aðsetur Hæstaréttar við Skólavörðustig og Katólska kirkjan í Landakoti.


En áður vildi ég taka þetta fram: Allir vitrir menn hafa mælt á móti alræðisvaldi smekksins, þessari algengu fullyrðingu að list verði ekki kennd eða skilin. List hefur hvortveggja í vef sínum vit og tilfinningu. Það má komast langt í því að skýra ýmsa þá hluti er torskildir virðast vera fyrst í stað, enda þótt hinu megi aldrei gleyma að hin ferska og upprunalega tilfinning, hið fingerða næmi taugakerfisins að svara á hr:fum umhverfis ræður ávallt úrslitum í list. En það er ekki smekkur.

Sem sagt það er Tugthúsið og Landakostkirkja sem við ætlum að bera saman.

Það er bezt að draga engan á því: Ég tek það fyrrnefnda langt fram yfir hitt. Í mínum augum er það ef til vill merkasta hús á Íslandi frá byggingarlistar sjónarmiði.

## Hvað er byggingarlist?

## Tvö andstæð dæmi:



Fyrverandi aðsetur Hæstaréttar við Skólavörðustíg 9.

Við skulum fyrst athuga þörfina fyrir húsin, eiga þau raunverulega rót sина í þeim tíma sem reisti þau?

Kirkjan? Nú vil ég biðja guðhrædda menn að stilla sig. Hvers krefjumst við af kirkju? Að hún opinberi í formi sínu sanna trú. Hvernig getur hús úr steini borið vitni svo andlegu fyrirbæri? Það hlýtur að vera að öld sú, sem það reisir byggi af innri trúarpörf, en ekki hræsni, að hún finni í því skjól og frið til þess að hafa samband við guð sinn, samband sem hún getur ekki hugsað sér að lifa án. Landakotskirkjan er reist í kringum 1930. Getum við með góðri samvizku sagt að lotningarfull tilbeíðsla og trú á einn sannan höfuðsmið tilveru okkar og allsherjar föður setji svip á á tímann hr heima í kringum Alþingishátiðarsumarið eða þá úti í löndum um það leyti sem Hitler og hans nótar byrja fyrst fyrir alvöru að vaða uppi? Þar með er ekki sagt að slik tilbeíðsla hafi ekki verið æskileg, nema síður sé. Við erum held ég sammála um að hin rammasta heiðni hafi ríkt. Auk þess var það ekkert nýtt hér á Vesturlöndum, því þar hafði ekki einungis gengið yfir ein heldur tvær skynsemis- og efnishyggujaldir. Kirkjan er meira að segja af sumum ágætismönnum talin óþurftar fyrirtæki, stand-



Landakotskirkja


andi í vegi fyrir eðlilegri framrás menningararlífs. Enda kemur það í ljós að kirkjan hættir einmitt um þessar mundir að setja svip sinn á menningarlf þjóðanna, hún er hætt að draga til sin gáfuðustu og mikilhæfustu mennina, hvort sem það eru byggingarsmiðir eða aðrir, hún staðnar eða skreppur saman. Við skulum ekki velta því fyrir okkur hvers vegna, það yrði of langt eins og sagt er, staðreyndin er okkur nóg.

Frum-forsenda hvers húss, að það sé knýjandi þörf fyrir það, að það spretti úr jarðvegi sínum andlegum sem likamlegum líkt og urt eða tré, virðist vera horfin í þessu tilfelli. En segjum nú að samhliða þessum aðal-einkennum aldarinnar hafi samt verið einhver trúarþörf og að hún hafi skapað þessa kirkju. Að hve miklu leyti er hún þá vottur tilfinninga og hugsana þeirra sem byggðu hana?

Í fyrsta lagi vekur það efa um gildi þessa húss sem sannrar byggingarlistar að það ber ekki meGINEINKENNI tímans í dag, og við nánari ath. kemur í ljós, — og það getur hver maður séð, sem gengur upp Túngötu í góðu skyggni og einhverja nasasjón hefur af listasögu, þó ekki sé nema þeirri sem kennd er í menntaskóla, að húsið er stælt eftir gotneskum stil. Þó með

smátilbrigðum, það eru stuðlabergsstöplar á hliðunum. Þá er frumleikinn að minnsta kosti farinn forgörðum. Ef við gerum okkur svo ferð alla leið upp að kirkjumúrnum, sjáum við okkur til enn meiri undrunar að hann er gerður úr járnþentri steinsteypu.

Steinsteypa, gotneskur still, stuðlaberg, eru þetta ekki sem mér sýnist nokkuð ólik fyrirbæri, kannski ósættanlegar mótssetningar, eða liggur gotneski stillinn svo nálaegt okkur í dag að við getum með góðu móti beðið hann ásjár, eða notuðu þeir steinsteypu í gamla daga, eða á náttúrustæling nokkuð erindi inn í byggingarlist, samanber stuðlabergið? Steinsteypan er það ég bezt veit nýtilkomið byggingarefni, það voru tveir Frakkar, sem fundu hana upp í kringum 1870, en sú uppfinning olli mestu um byltingu þá er varð í byggingarlist rétt eftir aldamótin síðustu og hefur verið kölluð Modernismi eða Funktionalismi. Verður nánar vikið að því síðar. Í stuttu máli virðist Gótik vera nafn á öflugri og ósvikinni trúarvakningu er fór um vesturlönd, einkum hin rómönsku lönd á seinni hluta miðalda allt fram á 14. og 15. öld. Í byggingarlist er hún nátengd byggingartæknilegum breytingum eins og öll raunhæf stíltimabil. Þarna var almennur áhugi fyrir guðshúsi. Það var ekkert einkamál preláta eða ríkismana sem ausa fé i skrauthýsi sér til sáluhjálpar. Fólkid sjálft byggði, bakaninn, bóneddinn — og húsið var hræsnislauð helgað guðinum. Það virðist hafa rikt þetta dásaml. samræmi milli listiðnaðar og fagurra lista, milli alþýðu og listamanna, þetta samræmi sem við höfum glatað í dag okkur til óbætanlegs tjóns. Þessi hús voru hlaðin og af þeirri byggingartækni hafa þau fyrst og fremst svip sinn, en ekki hinu sem sumir halda, að húsameistarinn styðji hönd undir kinn: „horfi dulráðum augum á reislur og kvarða“ og hugsi: Nú skal ég finna upp finan stil. Breytingin frá fyrri stiltegund, sem



Gotneskirkja: Dómkirkjan í Beauvais

er hinn rómansi still, er fólgin í þeirri viðleitni að opna hið dimma og skuggalega rómanska guðshús fyrir birtu. Í þann tíma var það gert með því að reisa geysiháa stöpla eða burðarstólpa í nokkurri fjarlægð frá kirkjuhliðinni. Þeir voru svo tengdir þakskeggi og hliðum með mjóslegnum bogmynduðum spöngum sem leiddu þunga þaks og efri veggja yfir á stöplana en það gefur gotneskri kirkju þennan sérstaka svip helgiskrínis eða kniplings sem engin önnur hús hafa. Oddboginn var svo nokkurskonar fagurfræðilegt fiff, en i dag skal allt miðast við hann. Svona geta hlutirnir snúiðt við í höndum grunnhygginna listfræðinga. Við fyrstu sýn virðast þessi hús vera margbrotin, en þegar nánar er athugað eru þau mjög einföld og ljóst hugsuð.

Hér af ætti hver maður að geta dregið þessa einföldu ályktun: Hvílik firra er að reisa hús í afgömlum stil. Er það ekki likt og að nota orf þegar við höfum sláttuvél, eða ganga þegar við höfum hraðfleyg farartæki og erum að flýta okkur eða fara í föt langa langa langafa eða ömmu? Landakotskirkjan e rdæmi um þesskonar afdalahátt. Æg get því ekki séð að þessi hliðarstraumur trúarlifs hafi fengið sanna útrás.

En lítum að lokum á síðustu hlið málssins; ef um stælingu hefur verið að ræða, hvernig hefur hún tekizt? Raunveruleg stæling fer auðvitað strax út um þúfur þar sem hér er byggt úr allt öðru efni en fyrirmyndirnar. Svo í rauninni þýðir ekki að reyna að svara slikri spurningu sem felur í sér algjöra mótsögn. Við skulum því að lokum virða húsið fyrir okkur eins og það kemur okkur fyrir sjónir að öllu öðru gleymdu. Eitt sker strax í augu, staðsetning turnsins beint fyrir framan aðalhúsið. Auðvitað er það ekkert einsdæmi, en það er ekki sama hvernig það er gert. En ég vildi benda mönnum á að í flestum tilfellum er það til óprýði og í upphafi stóð klukkuturninn til hliðar við kirkjurnar og þá eilitið frá, þannig nýtur turninn sín bezt. Hér er turninn alltof stór og þunglamalegur, og skaðast hann og kirkjuhúsið af nálægð hvors annars. Stuðlarnir milli kvisthúsanna eru einungis fagurfræðilegur hégómi sem enga þýðingu hefur fyrir bygginguna og eykur á afkáraskap hennar; stærð kvistanna helzt ekki jöfn aftur fyrir kór, en það eykur enn óróleik útlína. Þó er ekki hægt að segja að byggingin sé beint ljót eða herfileg eins og til dæmis Þjóðminjasafnið.

Þá er það hitt húsið. Við þarfum ekki lengi að hugleiða hvort þess hafi hingað til verið brýn þörf: Það hefur gegnt einu af undirstöðuhlutfverkum hvers þjóðfélags. Það er byggt meira en hálfri öld á undan hinu húsinu, en er að vissu leyti meira moderne en það og flest þau hús er síðan hafa verið byggð hér, hvorki meira né minna. Sigild list er nefnilega alltaf moderne. Steinsteypan var ekki komin til sögunnar og eina byggingaraðferðin sem pekkist á steinhúsum var hleðslan. Húsið er hlaðið og það er ekki verið að fela það, og vert er að gefa því gaum hvernig hleðslumunstrið sem skapast af innri nauðsyn byggingartækninnar er skemmtilega órélegt

við hinar rólegu útlinur þess. Einnig er boginn á gluggunum eðlileg afleiðig byggingaraðferðarinnar, þannig bera steinarir léttilegast þunga veggins. Það er hlaðið úr íslenzku grágrýti ofan úr Skólavörðuholti. En það er ekki nóg að hús sé sprottið af innri nauðsyn hvers menningarskeiðs og i samræmi við þau efni og þær tæknaðferðir er hæfa bezt í það skiptið, þar verður einnig að koma fram skynbragð á snið, stærðir og rúm, hæfileikar sem góður arkitekt er gæddur í ríkum mæli.

Og hér er það sem mig brestur orð til að lýsa þeim áhrifum sem ég verð fyrir þegar ég virði fyrir mér þetta dásamlega hús, þessa frábæru tilfinningu fyrir því að láta hús sitja vel á jörðinni, að meta hæð og lengd forhliðar og skipa gluggaröðunum hæfilega langt frá hverri annarri, að setja þakið á eins og virðulegan hatt við andlit hússins, forhliðina, og sjáið hversu reykháfurinn er gerður af mikilli natni og finleik og hversu vel einnig hann fer við þakið. Hér erum við nefnilega komin að innsta kjarna lista, og þá brestur orðin flug og gildi, en því meir reynir á þroskaða formtilfinningu, sem einmitt fær hvað fullkomnasta svörun í fagurmótuðu húsi sem þessu.

Svo segja menn: Tugthúsið? og yppa öxlum og rífa það ef til vill á morgun. En á sunnudaginn eru þeir visir til að prédika hræsnisfullu andlti eða skrifa alvöruprungra leiðara í blöðin: Berið virðingu fyrir fortíðinni, bræður góðir og varið ykkur á þessum ungu nýjungagjörnu fiflum, atomskálđum, abstraktmálurum, funkishúúsagerðarmönnum.

## Eðli húsformsins

Það má með miklum rétti kalla húsagerðarlist móður allra mótnarlista. Það er svo margt sem styður slika fullyrðingu, einkum þetta tvennt: Í fyrsta lagi hafa myndlist og listiðnaður nær aldrei birzt öðru visi en sem liður í húsi, í öðru lagi felur húsið sjálft í sér höfuðeiginleika annarra listgreina. Húsagerðarlist er til dæmis málaralist að því leyti sem hún fæst við að raða á flót og gefa honum líf með formi og litum, þar sem er sérhver hlið hússins. Hún getur verið myndhöggvaralist að því leyti sem húsið er rúmform og hefur megin eiginleika höggverksins. Það er hægt að sjá það frá ýmsum sjónarhornum, ganga í kringum það.

En húsagerðarlist er meira, einkenni hennar eru ekki eingöngu fólgin í því að vera summa þessara tveggja listgreina. Ég skildi eiginlega ekki fyllilega eðli húss sem rúmforms fyrr en ég stóð fyrir nokkrum árum á bökkum Arno og leit rústirnar kringum Ponte Veccio. Þá skildi ég, að hús er framar öllu poröst eða gegnumsmogið, afmarkað tóm, býkúpa, vikurmoli, þúsund smjúgandi leiðir fyrir menn. Málverk er líf í tvívíðum fleti og höggmyndalist líf í þrívíðu rúmi, en hér höfum við eins og allt í einu upp-götvað hina dulráðu fjórðu stærð: þetta að hafa líf innra með sér: Hús.

Framhald.


Sansedonihöllin í Siena



Svissneski stúdentagarðurinn  
í París



Sofiukirkjan í Konstantinopel



HÖRÐUR ÁGÚSTSSON:

# Byggingarlist

## Sálfræðileg áhrif húsförms

Það er talað um að beizla orku, vatnsorku, raforku. Hér mætti tala um beizlun rúms. Hús afmarkar rúm, umlykur það, gefur því gildi. Hús er rúmeining, samsett eða stök.

Eins og hljómur eða litur hefur rúmið sérstök sálræn áhrif eftir lögun þess eða stærð. Það má einu gilda hvort við skynjum það að utan eða innan. Tign eða reisn húss er mikil komin undir stærð þess. Hugsum okkur t. d. Keopspýramíðann smækkaðan niður í vanalega húshæð. Við myndum að vísu alltaf dást að samræmi í hlutföllum en ægifegurðin væri somstundis flúin. Þar með er ekki sagt að stærðin sé einhlít til að skapa byggingarlist en hún er samt skilyrði fyrir stórfengleik hennar. Þegar hlutfall er jafnt milli hæðar, lengdar og breiddar í húsförmi, verða áhrifin einhliða og hversdagsleg, húsið skortir tilbreytni og spennu. Beinum við sjónum inn eftir gotnesku miðskipi höfum við gott dæmi um ráðandi hæð í rúmförmi; línar og form beina augum okkar upp á við, slíkt vekur alvörugefni, næstum upphafningu. Ef við hins vegar stöndum fyrir framan norðurhlið Alþingishússins hér í Reykjavík höfum við gott dæmi um ráðandi breidd. Það er eins og hún veki jarðneskan virðuleik. Aftur á móti er eins og lengd, eða segium dýpt, veki dul.

Sumir vilja halda því fram að hin ýmsu trúarbrögð mannkynsins hafi óaftitandi eða vitandi fært sér í nyt mismunandi áhrif rúmförmsins til þess að tákna heimsskoðun sína. Þannig þykjast menn sjá í útgröfnum og óreglu-legum musterum Indlands hliðstæður dulspeklegrar heimsatstöðu, þetta óljósa og fljótandi, þar sem vitund guðs rennur yfir, um og í alla hluti. Í grískum hofum eru lengd og breidd og hæð í hvað mestu samræmi, enda virðist birtast í grískri heimsskoðun nokkurt jafnvægi milli hins himneska og jarðneska. Guðirnir byggðu Ólympstind og mennirnir áttu hlutdeild í ríki þeirra. Gotneskt guðshús þykir lýsa vel kristnum viðhorfum, sem voru jarðfjandsamleg og himinhrópandi.

Fleira kemur til greina um sálfræðileg áhrif húsförmsins, einkum afstaðan milli hins opna og lokaða í húshliðinni, milli glugga og dyra annarsvegar og veggflatar hins vegar. Þetta er ekki ólikt samleik skugga og ljóss í myndum. Þegar veggurinn er næstum heill verða áhrifin drungaleg, þyngslaleg, heimsfjandsamleg, samanber fangelsi, virki eða klaustur. Því meira sem veggflöturinn opnast, því meira hýrnar yfir húsinu, það verður glaðlegra, tekur þátt í hag umhverfisins. Mórg nútímahús lýsa þessu vel. Hið skynsamlega,

## Hið opna og lokaða í húshlið



Miðskip kirkjunnar í Amiens



Menntaskólinn í Reykjavík



Pýramýdar



Alþingishúsið í Reykjavík

Proportion —  
Karakter —  
Harmoni

hófsama, virðulega liggur einhversstaðar þarna á milli. Forhlið Menntaskólans er ágætt dæmi þess.

Þír eiginleikar setja svip sinn á allar fagrar byggingar fyrr og síðar, en þeir eru: hlutfall (proportion), sérkenni (karakter) og samræmi (harmoni).

Hvort sem við lítum egypzkan páramíða, grískt hof, gotneska kirkju eða nútíma íbúðarhús, birtist ávaltt sérstök afstaða í mati á hæð, lengd eða breidd: hlutfall. Í gegnum andlit byggingar nemum við það sem kalla mætti sál hennar eða innri eiginleik: sérkenni. Í meistaraverkum byggingarlistar má ávallt sjá hvernig einstök atriði þjóna heildarmarkmiði, ekkert þeirra fær að rjúfa aímarkaða skipan höfundar. Þetta kölluðu Grikkir harmoni: samræmi.

Stærðfræðikennarinn okkar við Menntaskólann skipti nemendum í two hópu, þann sem kunni að skrifa á töflu og hinn sem kunni það ekki. Að kunna að skrifa á töflu taldi hann vera í því fólgis að byrja efst, hafa línumnar beinar og skipa þeim í röð og reglu á svartan flót töflunnar, þ. e. a. s. hafa samband við eða næmi fyrir vidd töflunnar, tengjast henni og tjá sig, þótt á frumstæðan hátt væri, með því að hafa línumnar í einhverri visvitandi afstöðu sín á milli og við rammann, en láta þær ekki leika í kæruleysi niður af fletinum eins og glutur. Hér er komið við kjarna allra mótnarlista. Einmitt þess vegna er byggingarlistin svo þýðingarmikil, að hún krefst miskunnarlæst, eins og menntaskólakennarinn okkar forðum, nákvæmni í allri rúmskipan, í öllu sem lýtur að hrynjandi stærða og forma, og því er hún með réttu nefnd móðir mótnarlista. Enda kemur á daginn að þar sem hámenning hefur einhverntíma þrifist ber byggingarlist einna hæst: Egyptaland, Grikkland, Indland Kína, Toskana, Flæmingjalönd; og í dag fögnum við henni sem frelsun undan ofurfargi hrárrar og blindrar iðnvæðingar, sem hefur hingað til vísað listinni að mestu leyti á bug.


Nú vitum við það að hús eru ekki reist til þess eins að við fáum leikið okkur með stærðir og formmyndir, hús hafa enn annan tilgang: Þau eru okkur skjól gegn veðrum og vind, þak yfir höfuðið, vernd gegn ónaði, vinnustaður, vé. Hús gegna þjóðfélagslegu og einstaklingsbundnu þjónustuhlutverki. Til þess að hús eigi tilverurétt verður að vera þörf fyrir það, og hlutverk þess verður að birtast í útlitinu: Þetta er sjúkrahús, verksmiðja, kirkja, bústaður.

Það kann að þykja hjákátlegt að tala um jafn sjálfsagt mál og að hús eigi að reisa og skipuleggja eftir þeim notum, sem hafa á af því. En það er eins og mönnum sjáist oftast yfir þessa einföldu hluti, því hvarvetna blasa við sjónum okkar um gjörvallan heim hús, sem gætu virzt vera allt annað en einmítt það sem þeim er ætlað. Þetta skildu menn í fornöld, þegar þeir létu svo lítið að hafa segurðina með í ráðum; fá hús í helmi bera hlutverki sínu eins ljóst vitni og Colosseum í Róm. Í allri sannri byggingarlist tengjast not og segurð dulartullum böndum og verða óaðskiljanleg. Um það hafa menn alltaf deilt hvort leggja skuli höfuðáherzu á nytsemi eða segurð, en eitt er víst: í

Not og  
segurð




Theseion-hofið í Aþenu



Hofið í Bhuwaneswar á Indlandi

Vöruhúsið  
i Rotterdam  
(Arkitekt Dudok)



dag er fegurðin hornreka. Á okkar tímum hefur meginhluti alls mótaðs efnis, svo sem bílar, járnbrautarlestir, brýr, verksmiðjur, híbýli, húsmunir, klæðnaður, o. s. frv., verið mótaður að mestu án tillits til listar. Þetta er eitt aeglilegasta ból mannkynsins í dag: listinni, fegurðinni hefur verið bægt frá daglegu lífi mannsins; þegar best lætur er hún munður nokkurra útvaldra sérvitringa. Að vísu eru hinar öfgarnar, taumilicus fegurðardýrkun eða skrautfýsn, engu betri, eins og best kom í ljós á seinni hluta 19. aldar í Vestur-Evrópu og glöggt sést í Sovétríkjum í dag: Algjört hirðuleysi um notagildi hússins ásamt tilgangslausu, næstum barnalegu ofhlæði, þar sem ómögulegt er að sjá hvort húsin eru járnbrautarstöð eða gamalt kóngaslot, skóli eða kirkja, verksmiðja eða hof.

#### Arkitektinn

Hannig mætast í starfi arkitektsins tvær andstæður: list og not. Hlutverk hans er að sætta þær, fá þær til að vinna saman. Til þess verður hann að hafa bæði listamannshæfileika og verkfræðiþekkingu. Hann verður að þekkja til fullnustu hvernig tækni og byggingarefni þjóna best notagildi hússins og traustleik. En hann verður ekki síður að vera búinn listamannshæfileikum og


sköpunarþrá, því hann er maður, sem tjáir sig í leik að stærðum, formum og litum — í mótanlegu, áþreifanlegu og sýnilegu efni.

Auk þess verður arkitekt að vera brot úr þjóðfélagsfræðingi, geta metið þátt þann sem sérhvert hús leikur í þjóðfélagsheildinni. Menn gætu að sjálf-sögðu ráðið hvar og hvernig þeir reistu hús sín, ef þeir byggðu einir í eyðimörkum, en maðurinn er nú einusinni félagsvera og verður að taka afleiðingu um þess. Það er byggt fyrir okkur öll. Starf arkitektsins höfðar því meira en nokkuð annað til skyldutilfinningar, enda liggar það í augum uppi að engin smáraðisábyrgð hvílir á mönnum, sem móta eins mjög sjónskyn okkar og hafa jafnvíðtaek áhrif á alla lífnaðarháttu okkar og arkitektar. Skyldur þeirra við fugurð og list eru engu minni en skyldan við notagildi. Emerson kallaði egoisma allt sem mótað væri án listar; einnig mætti kalla það skort á háitvisti, ef til vill andlegan sóðaskap. Við höfum allskonar heilsugæzlu og vernd gegn líkamlegum krankleik og sorpi, en eignum við ekki einnig heimtingu á vernd gegn þeim andlega sjúkdómi sem heitir fugurðarsncutt umhverfi?



Saintes-Maries de la Mer,  
Apse Fraklandi

Horushofið i Edfu,  
Egyptalandi



### Hnattstaða

Þesskonar heilsuvernd virðist hafa verið í meiri hávegum höfð fyrr á öldum en á okkar dögum.

Að lokum er vert að minnast á atríði, sem ávallt hefur ráðið miklu um móturn og gerð húsa, en það er hnattstaða og það sem af henni leiðir, svo sem sólarhæð, veðurfar, landslag, jarðvegur.

Hugsum okkur t. d. mismunin á afstöðu íslenzks og ítalsks arkitekts til sölutínnar. Hér miðast allt við að fá sem mest af sólskini inn í húsin, á Ítalíu miðast allt við að hlífa fólkvið brennandi skini sólarinnar. Egyptar þurftu ekkert að hugsa um þök af því að það rigndi aldrei hjá þeim, enda eru þau ýmist flöt eða alls engin. Strax þegar norðar dregur og við komum til Grikklands, veitum við því athygli að það eru komnar burstir á húsin. Þar rignir. Kannski er þetta eini raunverulegi munurinn á grískri og egypzkri byggingarlist. Menn byggja öðruvísi á sléttum Flæmingjalandi en í hálendi Alpanna, á nakinni jörð en gróðurmildri. Loks skiptir jarðvegurinn miklu máli, því hann leggur vanalega til byggingarefnis. Hús eru gjörólík útlits eftir því, hvort þau eru hlaðin, smiðuð úr viði eða steypit, viðmót graníts er allt annað en tigulsteins, marmara annað en kalksteins. Þetta skiptir ótrúlega miklu máli sem bezt sést á því, að við Íslendingar eignum engan byggingarsögulegan arf af þeirri einföldu ástæðu að land okkar gaf forfeðrunum ekkert varanlegt efni til að byggja úr. Það er önnur saga, sem síðar verður að vikið.

Framh.

## Mótunarmennt

Hörður Ágústsson

Formáli Harðar Ágústssonar að sýningarskrá Félags íslenskra teiknara, Íslensk bókagerð. Á sýningunni, sem haldin var í lönskólanum í Reykjavík dagana 11. – 19. júní 1965, gaf að líta „best gerðu bækur ársins“ ásamt bestu bókum útvöldum í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Sviss.

Heyrt hef ég gamla menn halda því fram, að umbúnadur allur skipti litlu máli, sé nánast hégómi, innihald ið sé fyrir öllu. Viðhorf þetta er skiljanlegt hjá snauðu fólk, sem Íslendingar hafa verið til skamms tíma, allt nema öflun brýnustu nauðsynja var dæmt úr leik.

Sé litið lengra aftur til þess tíma, er hagur þjóðarinnar var betri, menning hennar fjölskrúðugri og blómlegri, var viðhorfið gagnstætt: fagur umbúnaður var metnaðarmál hins síðaða manns. Skemmt er þess að minnast, að fornar bókmenntir í glæstum umbúnaði máls og bókar hafa borið hróður Íslands hæst.

Hitt er svo sigilt ihugunarefni, hvað sé umbúnaður og hvað inntak, hvað efni og hvað andi. Einkenni glæstra menningarskeiða er ríkuleg tilreiðing umbúnaðar, listmennt i viðtækasta skilningi er viðleitni mannsins að móta hvern hlut, sem hann smiðar, fagursniði. Í listsögunni ber að visu mest á höllum og hofum, en við nánari athugun kemur í ljós, að sérhver smið mannsins, smá sem stór, ber stilbrag síns tíma vitni: stóll eða borð, leturgerð eða bók.

Íslenzk mótnarmennt er í senn gömul og ný, en á skilum fátæktar og velmegunar hafa forn og þó síung gildi skolazt til í straumkasti hins nýja tíma, sum jafnvel glatazt með öllu. Leiðin frá fábrotru og fátæku baðendaþjóðfélagi til nútima borgarþjóðfélags og iðnvæðingar er löng, en farin hér á landi á of skömmum tíma. Hin mikla þversögn sjálfstæðistökunnar er, að þá skyldi formmennt hraka. Margt ljótt hefur verið um Dani sagt á Íslandi, þó stuðluðu danskars menntastofnanir að hollum áhrifum hér á landi í sjónmenntagreinum allt fram til 1940. Í hita sjálfstæðisbaráttunnar varð sú skoðun ríkjandi, að allt danskt væri ljótt, en íslenzkt gott og fagurt. Afdönkuð útlenzk listlizka frá miðoldum, rómansi stillinn, sem lifað hafði í alþýðum handíðum, var dubbaður upp sem alislenzk listhefð, og annað fór eftir því.

Í rauninni eru 18. og 19. öldin, svo fátækar sem þær voru, alls ekki verstu aldirnar í sögu mótnarmennta á Íslandi, heldur upphaf velmegunarára, þeg-

ar hollra danskra menningaráhrifa hætti að gæta, en þjóðin var of vanmegnug og óþroskuð til að koma sér upp menntastofnunum, sem eftir gætu sjónmenntir svo að gagni mætti verða á nútima vísu. Sjálfstæði þjóðar og siðun er ekki að fullu fengin með innlendu stjórnarfari, ekki einu sinni með efnahagslegu sjálfstæði, þótt það sé vissulega mikilvægt. Hin traustasta undirstaða raunverulegs sjálfstæðis er alhliða frjótt menningarlíf, borið upp jöfnum höndum af visindum og listum og nægilega þróttmikið til þess að færa sér í nyt hið bezta úr menningu heimsbyggðarinnar, jafnframt því, sem það ræður yfir þeim miðlunartækjum, sem dreift geta hollum menningaráhrifum til sérhvers þegns þjóðfélagsins.

Bókagerð er einn þáttur mótnarmennta. Eins og fleiri greinir þeirra er hún á bernskuskeiði á Íslandi nú á dögum og því brýnt verkefni að hefja hana til nýs vegs. Bókagerðarmenn og þeir, sem stuðla að bókaútgáfu, maettu reyndar hafa forustu um allsherjar vakningu til fegurri umbúnaðar á öllum svíðum þjóðlifsins, þar sem Íslendingar eru enn sem komið er frægastir fyrir bækur. Að vísu eru vandkvæði bókagerðar og bókaútgáfu mörg i svo fámennu þjóðfélagi: lág upplög, of litlar prentsmiðjur, einhæfur markaðstími, skammvinn reynsla af vélum, skortur á formmóunarstofnunum og margt fleira mætti telja. Er samt ekki ómaksins vert að leggja eitthvað á sig til þess að búa þessari fámennu þjóð alhliða menntunarsnið?

Ég vildi nota þetta tækifæri og stinga upp á því, að boðað væri til ráðstefnu um íslenzka bókagerð nú á dögum, um vanda hennar og úrlausnarefni, hvernig mætti með samstarfshug og samvinnu þeirra aðila, sem að bókagerð standa, hefja íslenzka bókaútgáfur til meiri vefs. Um margt hefir verið ráðgazt af minna tilefni.

Ekki má gleyma því, sem vel hefur verið gert. Benda má á ýmsar tilraunir, sem miða í rétta átt: stofnun prentskóla, virðingarverðar tilraunir sumra bókaútgefenda að fá bókum smekklegt snið, og þá er mér ofarlega í huga brautryðjandastarf Hafsteins Guðmundssonar, sem kalla má með sanni föður nútima bókagerðar á Íslandi. Loks má nefna það framtak Félags íslenzkra teiknara að efna til bókasýningar þeirrar, sem hér gefur að líta. Tilgangur hennar er einmitt sá að stuðla að betri og vandaðri bókagerð, koma á framfæri við almenning því bezta, sem gert hefur verið í þessum efnunum undanfarin ár, og hvetja bókagerðarmenn og útgefendur til stærri átaka. Ég vona, að þessi frumraun megi heppnast og framvegis megi slik sýning auðga íslenzkt menningarlíf á hverju ári.

# Íslenzk mótnarmennt

## Íslenzk endurreisn

Hörður Ágústsson

Formáli Harðar Ágústssonar að sýningarskrá Félags húsgagnaarkitektta, Húsgógn '68. Á sýningunni, sem heldin var í lönskólanum árið 1968, voru húsgögn sem ýmsir félagar höfðu hannað og látið smiða.

Í kjölfar þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga á 19. öld hófst almenn menningarendurreisn. Vakning sú beindist þó framar öllu að bókmenntum og tungu þjóðarinnar. Sízt af öllu vildi ég kasta rýrð á það ágæta starf, sem unnið hefur verið síðan í þessum greinum. Fyrir hitt er ekki að synja, að kennt hefur nokkurrar einsýni í mati Íslendinga á menningararfí sinum. Ekki má gleyma því, að á fleiri sviðum en bókmenntum höfum við skapað verðmæti, sem ástæðulaust er að þeiga um, á ég þar við hinum yámsu greinar mótnarmennta, myndlist, byggingarlist og hibýlakost margs konar, enda þótt örlog hafi ráðið því, að flest er það nú týnt og tröllum gefið. Þetta hlýtur þó hverjum þeim að verða ljóst, er virðir fyrir sér brotabrot af þeim sjóði, er enn gefur að lita á söfnum og í gömlum húsum viða um land. Valþjófsstaðurðin er engin alþýðulist, hún er hámenningar afrek. Mér er næra að halda, að Íslendingar hefðu aldrei skapað hin miklu bókmenntaverk á miðöldum, nema því aðeins að þeir hafi unnið hliðstæð afrek í mótnarmennt. Hinni íslenzku menningarendurreisn, sem hófst með Sveinbirni Egilssyni og Fjölnismönnum, er ekki að fullu lokið fyrr en Íslendingar taka til gangers endurmats skoðanir sínar á sjónlistararfí sinum. Það er timi til kominn að þjóðin geri sér fulla grein fyrir menntunargildi mótnarlista, þar sem snið hlutar og stærðarhlutföll skipta eins miklu mál og vel kveðin visa og vandað málfar. Þannig hefur það áreiðanlega verið á glæstasta skeiði þjóðar sögunnar á miðöldum.

Nú er það góðra gjalda vert að kunna skil á menningarafrekum forfeðranna, og við dáumst að gömlum, góðum húsum og búshlutum, en býðingarlaust er að ætla sér að búa í torfbæ eða eta úr aski í nútímaþjóðfélagi. Nýr timi krefst nýrra viðhorfa, hver kynslóð verður að svara kalli síns tíma. Þannig verður alhliða og frjótt menningarlíf í þessu landi borð uppi af tveim meginþáttum: þjóðin verður að þekkja sjálfa sig og um leið að hafa djörfung til að nýta það bezta úr menningu nútímans.

Listin að smiða húsgögn er einn þáttur mótnar-

mennta. Eins og í fleiri greinum þeirra hefur orðið rof á skilum fátæktar og veltmegunar. Brýnt verk er að hefja hana til nýs vegs. Að vísu eru vandkvæðin mörg á vegi þeirra er hana stunda, sem og annarra listiðnaðargreina í okkar fámenna þjóðfélagi: bröngur markaður, skammvinn reynsla af vélmenningu, skilningsskortur. Pennan vanda verður þó að leysa, ef við viljum teljast í hópi siðmenntaðra þjóða, þennan vanda er verið að leysa með djörfu átaki Félags húsgagnaarkitektta, þar sem er sýning sú, er gefur að lita í lönskólanum í Reykjavík þessa dagana. Með henni er verið að vinna að íslenzkri endurreisn í mótnarmennt. Tilgangur sýningarárinnar er sá, að stuðla að betri og fegurri húsgagnagerð í landinu, koma á framfæri því bezta, sem unnið hefur verið í þessari grein á undanfarandi árum, um leið og bent er fram á við og hvatt til stærri átaka. Ég vona, að slik sýning verði árviss viðburður í menningarlifi Íslendinga framvegis.

# Á áfangaskilum

Hörður Ágústsson

Formáli Harðar Ágústssonar að sýningarskrá Félags íslenskra auglýsingateiknara, Á áfangaskilum F.I.T.: Félags íslenskra auglýsingateiknara 1953 – 78: ágrip af sögu, sýnishorn verka, sem gefin var út í tilefni af 25 ára afmæli félagsins 23. nóvember 1978.

Hvers konar tímamót geta verið ágætt tilefni til að staldra við í amstri daganna og huga ögn að stöðu sinni á skilum liðinna og liðandi tiðar. Aldarfjórðungs-áfangi er e.t.v. ekki merkari en hver annar. Hann er þó gott tækifæri, sem ella yrði ekki nýtt, til þess að gefa gaum að aðdraganda, stofnun og starfi þess hóps manna er safnast hefur undir merki Félags íslenskra teiknara.

Mér verður oft við slikar aðstæður hugsað til ljólinu úr kvæði Matthiasar Jochumssonar: „Hvar skal byrja? Hvar skal standa?“ Fleiri spurningar vakna. Hvers konar félag er þetta, hvað starfa þeir sem því eru bundnir og að íslenskum sið er ekki að ófyrirsynju að spyra: hversu djúpt standa rætur starfsgreina félagsmanna í íslenskri menningu?

Nú er það öllum mönnum kunnugt að Íslendingar tóku að hrista af sér hlekki ánaudar og ófrelsis á síðustu öld. Í kjölfar sjálfstæðisbaráttu og verslunarfrelsis dafnaði þéttbýli smátt og smátt og borgarmenning óx úr grasi. Um svipað leyti reið iðnbyting yfir meginland Evrópu og það fór ekki hjá því að hún skylli og á ströndum Íslands. Allt skeði þetta hér heima á skemmrí tíma en viðast hvar annars staðar. Umskiptin voru sneggri. Þeim fylgdi m.a. aukin fjölbreytni í samskiptum manna, en umfram allt varð verkaskipting meiri. Breytingar þessar, sem næstum má kalla bylt-

ingu, settu að sjálfsögðu gagngert mark á íslenska menningu, ekki síst á þær listir sem tilreiddar voru örðu fremur auganu. Fyrir lönbytingu voru verkþættir sjónlista svo að segja á einni hendi, hugmynd, útfærsla, framkvæmd. Með tilkomu vélarinnar urðu þeir viðskila. Fleira kom til. List og afnot eða nytjar, sem lifað höfðu í farsælli sambúð, urðu smátt og smátt viðskila. Upp á milli þeirra komst tæknivæðingin og reyndar líka grimmt markaðslögsmálið. Listin skrapp saman en tæknin ól nytjarnar líkt og púka á fjósbita. Áður hafði reyndar örlað á annarri sundurgreiningu. Hér er átt við flokkunina í svokallaðar fagurlistir og nytjalistir. Skipt var eftir likamlegum eða andlegum notum. Sest var í stó� en horft á málverk, búið í húsi en höggmynd skoðuð. Skilgreining þessi gat verið réttmæt, en bar í sér þá hættu að beina listrænum sjónum frá nytjalistum, horfa ekki á verk þeirra á sama hátt og málverk eða höggmynd. Með öðrum orðum, gera átti nytjalistir ófinni en fagurlistir. Allar götur fram undir iðnbytinguna gat gullsmiður verið myndhöggvari, bókagerðarmaður málari, múnari arkitekt. Hinn svokallaði listiðnaðarmaður leit á sig fyrrum sem fagurkera og myndlistamaðurinn sem iðnverkamann, enda var þeim báðum lengst af saman á bekk skipað. Ýmsir gegnir menn sáu fljótega hættuna, sem sjónlistinni stafaði af verkaskiptingu iðnbytingar, markaðslögum og aðskilnaði lista og nytja. Þeir spornuðu við fæti með tvennum hætti. Sumir vildu afneita vélinni og hverfa aftur til fornra háttu, aðrir reyndu að gera sér grein fyrir hvernig nýta mætti vélina listinni í vil, tengja aftur það sem sundur hafði slitnað. Fyrri kosturinn reyndist óraunsær, sá seinni sigraði.

Pannig er staðan í stuttu máli á meginlandi Evrópu þegar Íslendingar vakna til sjálfstæðisvitundar á ofanverðri 19. og öndverðri 20. öld. Í raun lauk ekki miðöldum í sjónlistarefnum fyrr en þá. Með þennan bakgrunn í huga verður að virða fyrir sér fyrsta vísí og vöxt nútíma sjónmennta á Íslandi. Eigi að greina

Sigurður Guðmundsson: Pegasus, tákna skáldskapar.





Bréfhaus Slippfélagsins í Reykjavík. Frá upphafi 20. aldar.

120 FETA LANGUR PATENTSIPPUR — ÚTSALA A ALLSKONAR SKIPABMÍDAEFNI OG ÝMSU SKIPUM OG  
ÚTBÚNAÐI ÞEIRRA TILHEYRANDI

**SLIPPFÉLAGIÐ**

ALSKONAR  
SKIPAÐGERÐIR  
FLJOTT OG VEL  
AFHENDI LEYSTAR

SÍMNEPNI: SLIPPEN.  
TALSÍMI 9.  
CDD 5th Ed. A B C.

Reykjavík  
Frittu Skapahjóðum'

skilin milli hins gamla og nýja verða þau helst fundin í einum manni, Sigurði Guðmundssyni. Með honum vakna Íslendingar til vitundar um sjónlistararf sinn, hann stigur fyrstu sporin inn í hina nýju tið. Sigurður er sannkallaður faðir íslenskra nútíma mótnarmennta, allt i senn, málari, arkitekt, listfræðingur og hönn-

uður. Leiksviðsteiknarar rekja og upphaf sitt til hans. Það er táknelegt að á fyrsta áfangaári sjálfstæðisbaráttunnar sníður hann þeirri hátiðarstund sjónrænan umbúnað. Enn var þó langt í land í sjálfstæðisbaráttunni, enn var mikil verk að vinna á vegum myndlista. Til næstu atlögu voru fleiri búnir, menn sem fæddir




Ríkarður Jónsson: Skjaldarmerki Íslands 1919.



voru um svipað leyti og Sigurður féll frá. Upp úr alda-mótunum ruddist fram fyrsta kynslóð myndhöggvara, málara og húsameistara. Hún gengur til verks svo að segja í sama mund og næsta áfanga er náð i sjálf-stæðisbaráttunni, 1904.

Nytjalistamennirnir, að húsameisturum undan-



Merki. Björn Árnason: Eimskipafélagið 1914, Höð íslenska bók-menntafélag 1920. Tryggvi Magnússon: BSR, KR, Landsbankinn. Jóhann Sigurðsson: Dagsbrún. (Öll gerð á árunum 1920 – 1930)



teknum, eru seinastir á vettvang. Allt á það sínar skiljanlegu orsakir. Lönbytingin var tæplega um garð gengin hérlandis fyrr en á fjórða áratugnum og verslunin varla alislensk fyrr. Listfengir iðnaðarmenn reyndu þó að halda á loft merki móttunarmennta. Húsamálarinn spreytti sig á skiltagerð og skrauti,

Tryggvi Magnússon: Frímerki og skjaldarmerki Akureyrar 1930.  
Baldvin Björnsson: Skjaldarmerki Vestmannaeyja 1930.



AKUREYRI OG EVJAFJARDARÞÝLÐA



VESTMANNAYJAR



Ágústa Snæland: Bókarkápa 1936.

# LAMPINN

## KRISTMANN GUÐMUNDSSON

prentarinn og bókbindarinn á þeim marghliða vanda að gera bók vel úr garði, dagblaðsauglýsingin kom og í hlut prentarans, gullsmiðurinn formaði skartið, húsgagnasmiðurinn stól og skáp, klæðskerinn sneið fötin og enn sátu konur við sauma og vef. Til liðs komu listamenn úr öðrum greinum. Eins og fyrr eftdu stórhátiðir til dáða, konungskomur, fullveldishátið, alþingishátið. Myndhöggvarinn Ríkarður Jónsson gerði skjaldarmerki Íslands 1918. Teiknararnir Björn Björnsson og Tryggvi Magnússon og myndhöggvarinn Einar Jónsson gerðu alþingishátiðarpeninga. Í þessum hópi voru gullsmiðurinn Baldvin Björnsson, málarinn Finnur Jónsson og fjöllistamaðurinn Guðmundur frá Miðdal. Tryggvi Magnússon hafði nokkra sérstöðu. Hann vann meir en aðrir við teiknarafagið á þessum árum. Í rauninni má kalla Tryggva forstöðumann greinarinnar hérarendis. Fleira kom að sjálfsögðu til en stórhátiðir einar. Með alísenskri verslun, íslenskum bönkum, innlendri stjórnsýslu og menningarstofnum óx þörfir fyrir gerð myndtákna er gæfu þeim andlit í augum almennings. Hlutabréfum þurfti að gefa svip, prófskíteinum, dagblaðaútfáu. Það er einmitt á þessum hvörfum sem þörfir fyrir sérstaka nytjalistamenn, hönnuði, tekur að láta kræla á sér. Nú var þeirra lag. Skemmtilegt er til þess að vita að

það skuli vera stofnendur FÍT sem riða á vaðið og enn skemmtilegra að það var kona sem braut ísinn. Árið 1933 siglir Ágústa Pétursdóttir Snæland utan til náms i auglýsingateiknum við Listiðnaskólan í Kaupmannahöfn. Tveim árum síðar stefna þeir sömu leið Jörundur Pálsson, Halldór Pétursson og Stefán Jónsson. Fast á eftir fylgia Ásgeir Júlíusson og Atli Már Árnason, eða árið 1938. Í sömu svifum er fyrsta auglýsingastofan sett á laggirnar, árið 1935. Fyrir því stóð Einar Kristjánsson, þáverandi auglýsingastjóri Vísíss. Í upphafi var engan teiknara að finna þar, en brátt kom til starfa hjá honum einn af þeim sem farið hafði til Hafnar. Árið 1937 hefur Stefán vinnu hjá Einar, seinna Jörundur Pálsson, þegar Stefán setti á stofn fyrstu stofu auglýsingateiknara á Íslandi 1939. Allir þessir frumkvöðlar voru komnir í fulla vinnu er heimsstyröldin síðari braust út. Að striðslokum hvarf Jörundur Pálsson til náms í húsagerðarlist og litlu seinna Stefán Jónsson. Þau Ágústa, Ásgeir, Atli og Halldór mótuðu því framar öllu fagið á fimmtra áratugnum. Fljóttlega eftir það gerðust nokkrir listmálarar félagar í FÍT, þeir Kjartan Guðjónsson, Sverrir Haraldsson, Eiríkur Smith og Hörður Ágústsson, og unnu í greininni fram á sjöunda áratuginn uns næsta kynslóð teiknara tók að hasla sér völl, flest fulllært fólk í faginu frá



listiðnaskólam á Norðurlöndum og Þýskalandi. Árið 1962 ganga þau Gisli B. Björnsson, Helga B. Sveinbjörnsdóttir, Kristín Þorkelsdóttir, Matthias Ástþórsson og Friðrika Geirs dóttir í FÍT. Prem árum seinna þeir Ástmar Ólafsson, Guðbergur Auðunsson, Torfi Jónsson og Kristján Kristjánsson. Sá síðastnefndi settist fyrstur teiknara að utan Reykjavíkur í höfuðstað Norðlendinga Akureyri. Á árunum 1967 og 1968 komu til starfa Hilmar Sigurðsson og Pröstur Magnússon og marka að því leyti tímamót að þeir eru fyrstu félagar sem hlotið höfðu undirstöðunám í auglýsingateiknun eða hagnýtri grafik eins og það var kallað við Myndista- og handiðaskóla Íslands.

Sjöundi áratugurinn eikenndist af ferskum og frjóum hugmyndum bessa hóps. Hann bar með sér ný viðhorf og festi teiknarafagið enn frekar í sessi, gaf því það svipmót í huga almennings sem það hefur enn þann dag í dag.

Á þessu timabili, sem hér um getur, voru stofnsettar fyrstu stóru auglýsingastofurnar og enn starfa af fullum krafti. Á næsta áratug, þeim áttunda, bættist svo góður liðsauki ungra og efnilegra teiknara í þann hóp er fyrir var og of langt yrði upp að telja.


Félag íslenskra teiknara var stofnað 23. nóvember 1953 á vinnustofu Halldórs Péturssonar að Túngötu 38 í Reykjavík. Frumkvöðlarnir voru fimm, þeir Ásgeir Júliusson, Atli Már Árnason, Halldór Pétursson, Jörundur Pálsson og Stefán Jónsson. Til stofnenda telja þeir félagar Tryggva Magnússon og Ágústu Pétursdóttir. Með vissum hætti má þó telja samstarfið



eldra. Þess er getið í fyrstu fundargerð félagsins að „þessir 6 menn höfðu áður haft nokkra samvinnu um verðtaxta þ.e. síðan des. 1946“. Um tilgang félagsins segir svo í lögum þess m.a. að „það skuli gæta hagsmunu teiknara og bæta kjör þeirra. Leitast skal við að efla og styrkja atvinnugrein teiknara eftir megni á hvern þann hátt er við verður komið. Að semja og leiðbeina um fagleg efni og lögfræðileg vafaatriði og gæta þess að réttindi félagsmannna séu virt. Að auka menntun teiknara“.

Fyrsta stjórn var þannig skipuð: Ásgeir Júliusson formaður, Jörundur Pálsson gjaldkeri og Stefán Jónsson ritari. Fjórum árum seinna gerðist FÍT þáttakandi í Norræna teiknarasambandinu, NT, á fundi þess í Oslo 23. til 28. maí 1957. Samfara hefðbundnum störfum tók félagið smátt og smátt að láta kveða að sér út á við. Það kvað á um skilmála og verðskrár, tók þátt í innlendum og erlendum sýningum, kom á fastmót aðri stefnu um samkeppni og almenna síðabreytni í starfi, stóð sjálf fyrir bókasýningu, knúði á um þátttöku félagsmannna í gerð frímerkja og peninga. Þá átti félagið góðan hlut að stofnun Listiðnar, sambands listiðnaðarmanna, iðnhönnuða og arkitektu og tók þátt í sýningum þess og stjórnssýslu. Auk þessa og margs annars, sem of langt yrði upp að telja, hefur FÍT práfaldlega reynt að fá stjórnvöld til að lögvernda starfsgrein félagsins en ekki tekist.


EKKI er unnt að horfa yfir starfsferil Félags íslenskra teiknara síðastiðinn aldarfjórðung að ekki sé minnst á hlut Myndista- og handiðaskóla Íslands. Segja má raunar að skólinn og félagið séu nokkurn veginn jafnaldra. Síðari heimsstyrjöldin lokaði fyrir þær hefðbundnu menntaleiðir í sjónmenntum er margir menn höfðu farið fyrir þann tíma. Menntunarþörfina varð hins vegar að leysa. Til móts við þá kröfu kom Lúðvig Guðmundsson með stofnun Handiðaskóla árið 1939. Lúðvig setti snemma á fót námskeið í teiknarafaginu og fékk til leiðsagnar fyrstu kynslóð teiknara. Seinna komu og til ýmsir erlendir



fagmenn. Segja má að sú kynslóð teiknara er kom fram á sjónarsviðið næst á eftir frumkvöldunum hafi með einhverjum hætti slitið sínum myndlistarbarnskóm í MHÍ. Engin festa komst þó á í kennslu sjálfrar greinarinnar fyrr en Kurt Zier réð Gísla B. Björnsson til starfa við nýstofnaða deild í auglýsingateiknun árið 1961. Undir forstu Gísla og að hans frumkvæði óx deildin og dafnaði. Við hlið hans á þessum frumbýlisárum stóð og Torfi Jónsson. Siðan hefur meginhluti íslenskra teiknara hlotið undirstöðumenntun sína í MHÍ enda þótt nokkrir hafi sótt á erlend mið eins og áður tiðkaðist. Gísla má því með sanni kalla föður íslenskrar teiknaramenntunar. Þar á bæ var þá alltaf lögð á hersla á framhaldsnám við erlendar menntastofnanir.

Hvergi segir frá því í lögum félagsins hvers konar starf meðlimir þess stundi. Til þess að skýra það mál ögn nánar er rétt að leita á önnur mið. Kennsluskrár listiðnaskólanna sýna betur en flest annað í hverju vandi teiknaranna er fólgin. Það er sagt að nemendur skuli læra stafagerð og skrift hvers konar, kunna að draga upp merki og veggspjöld, segja til um gerð bóka og vera færir um að lýsa þær, tilreiða umbúðir og setja upp sýningar, fara með ljósmyndavél og helst kvíkmyndavél, ásamt því að verða sér úti um þekkingu á markaðslögum og auglýsingafræðum. Sé litið yfir þessa skrá sýnist teiknara fagið í öndverðu að mestu sprottið upp af prentlistinni. Leturgerðin, skriftin, bókagerðin, lýsingin og auglýsingin, veggspjaldavinnan og jafnvel umbúðirnar voru í höndum prentara fyrir iðnbýtingu. Það áður í höndum listfengra skrifara.

Af þessu sést enn fremur að sumar starfsgreinar félaga FIT eiga sér djúpar rætur í íslenskri menningu. Skrifrar og lýsingameistarar hinna fornu handrita eru



forverar þeirra, innsiglahöfundar og skjaldpentar. Við aukna verkaskiptingu og fjölbreyttari samskipti hins tæknivædda þjóðfélags nútímans hefur starfsvettvanguðin að vísu vikkað. Engu að siðu er kjarni hans sá sami: að koma rétt sniðnum og fagurlega smiðuðum sjónrænum boðtaknum milli manna. Starfið er fölgð í því að gæta þess í flóknum ferlum vélvæddrar framleiðslu að sá þáttur, sem að lögun og lit snýr, sé gerður með listrænum og athyglisverðum hætti.

Hvað eigung við þá að kalla þennan nýja starfsvettvang? Teiknun, hönnun eða eitthvað annað? EKKI er óeðlilegt að nafngiftin sé á reiki, svo stutt er liðið frá umþyltingarárunum. Nú fara nafngiftir ekki alltaf eftir lögðalum skynseminnar, þær eru oft einungis óljóst samkomulag. Orðið teiknari er satt að segja hálfgerður vandræðagripur. Auglýsingateiknari er skárra að minum dómi. Þeir sem þetta sjónmiðlastarf stunda eru þáttakendur í að auglýsa, p.e.a.s. að sýna, birta, kunngera boð, vöru. Að visu teikna þeir, það gera svo margar stéttir aðrar, en þeir gera meira, þeir láta sér detta í hug form og snið og verða að fylgja þeim hugmyndum eftir með fjölbreyttari hætti en teikningu einni saman. Erlendir menn, einkum engilsaxneskir, kalla þetta „design“. Orðin „design“, og „designer“ þýddi Alexander Jóhannesson árið



1952 á íslensku. Sagnorðið „to design“ lagði hann til að yrði nefnt að „hanna“ en nafnorðin „design“ og „designer“ „hönn“ og „hannar“. Þau breyttust fljótt i munni manna í „hönnun“ og „hönnuð“. Eigum við þá að kalla teiknara FÍT auglýsingahönnuði?

Nú getur hannar eða hönnuður hannað einstakan hlut til einstakra nota. Láti hann hins vegar verk sitt í fjöldaframleiðslu breytist starfssviðið og verkþættirnir verða margbrotnari. Þetta kalla enskir „industrial design“ eða iðnhönnun eins og það hefur verið nefnt á íslensku. Eru þá félagar í FÍT iðnhönnuðir eða auglýsingahönnuðir? Á vissan hátt má segja að svareið við þessum spurningum sé jákvætt. Vandinn er sá að velja eða ef valið sýnist ómögulegt að finna þá annað orð enn betra. Framar öllu er þessum spurningum um starfsheitið varpað fram hér til þess að kasta ljósi á verksvið FÍT félaga. Æskilegt væri að umræðan héldi áfram uns menn fyndu orð fyrir þann hóp manna sem hingað til hefur kallað sig Félag íslenskra teiknara og minnist aldarfjórðungs áfanga í starfi sínu.



---

## Æviatriði og verk

- |     |  |
|-----|--|
| 93  | Æviatriði                              |
| 93  | Sérsýningar                            |
| 94  | Samsýningar                            |
| 95  | Viðtöl og afmælisgreinar               |
| 95  | Ritaskrá 1952 – 2004                   |
| 98  | Helstu heimildir um sýningar og störf  |
| 100 | Útvarps- og sjónvarpsefni              |
| 101 | Bóka- og prenthönnun Drög að skrá      |
| 102 | Húsakannanir og endurgervingarverkefni |
| 102 | Hús og innréttigar                     |
-

# Hörður Ágústsson

## Æviatriði og verk

Arndís S. Árnadóttir

Við gerð eftirfarandi skrá var fyrst og fremst stuðst við heimildir í Bókasafni Listasafns Íslands, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og heimildasöfnum Ríkisútvarpsins, við gagnagrunn yfir íslenskar listfræðiheimildir í vörslu Arndísar S. Árnadóttur listfræðings, sem og við samtöl við Hörður Ágústsson og fjölskyldu hans. Leitast var við að hafa skrárnar eins tæmandi og kostur var, en þó má gera ráð fyrir að eitthvað hafi orðið út undan. Vonandi gefst tækifæri síðar til að bæta því sem á vantar við þann grunn sem nú hefur myndast.

Í fyrsta lagi voru tekin saman helstu æviatriði, verðlaun og viðurkenningar og er sú skrá byggð á útgefnum sýningarskráum og viðtölum við Hörður Ágústsson og fjölskyldu hans.

Í öðru lagi eru skrár yfir sérsýningar Harðar Ágústssonar og þær samsýningar sem heimildir finnast um að hann hafi tekið þátt í.

Síðan kemur skrá yfir helstu viðtöl við Hörður Ágústsson og afmælisgreinar um hann sem birst hafa á prenti.

Stærsta skráin er ritaskrá Harðar Ágústssonar sem nær yfir árin 1952 – 2004. Hér hefur verið leitast við að ná yfir allt frumsamið efni eftir Hörður Ágústsson og afmælisgreinar um hann sem birst hafa á prenti, sem og handrit eða þyðingar hans. Er titlum raðað í timaröð og fylgja ritdómar/ritfregnir með þegar á við.

Þar á eftir getur að líta skrá yfir rit um Hörður Ágústsson, sýningar hans og störf sem birst hafa á prenti. Þar koma fram í fyrsta lagi greinar í dagblöðum og tímaritum (A) og í öðru lagi heimildir um hann sem birst hafa í bókum og sýningaskráum (B). Hér eru ekki talin með þau erindi og fyrirlestrar sem fluttir kunna að hafa verið um ævi hans og störf, en hafa ekki enn birst á prenti. Má þar m.a. nefna two fyrirlestra um hann sem myndlistardeild Listaháskóla Íslands stóð fyrir í febrúar 2001. Þar fjallaði Halldór B. Runólfsson um myndlist Harðar og Aðalsteinn Ingólfsson um „Listmennt i viðasta skilningi – Hugleiðingar um grafiska hönnun Harðar Ágústssonar“. Í febrúar 2004

fluttu Árni Svanur Danielsson og Guðrún Harðardóttir síðan fyrirlestur í Hallgrímskirkju í tengslum við trúarleg stef í myndlist Harðar í tengslum við sýningu hans þar.

Þá eru skrár yfir valið efni úr heimildasöfnum Ríkisútvarpsins og yfir helstu verk hans á svíði timarita-, bóka- og prenthönnunar frá upphafi. Að endingu er skrá yfir húsakannanir og endurgervingarverkefni, unnin upp úr 2. bindi ritsins Íslensk byggingarárfleifð, og skrá yfir hús og innréttningar, byggð á upplýsingum úr teikningasafni Harðar. Pétur H. Ármannsson arkitekt hefur tekið saman tvær síðastöldu skrárnar.

## Hörður Ágústsson

### His life and work

The following lists and bibliographies cover:

- Milestones in Hörður Ágústsson's life, including awards and recognitions
- One-man exhibitions by Hörður Ágústsson, and group exhibitions in which he is known to have been represented
- A bibliography of the main interviews with Hörður Ágústsson and articles published to commemorate his birthdays
- A bibliography of Hörður Ágústsson's published work, 1952 – 2004
- A bibliography of published material about Hörður Ágústsson
- A selection of radio and television material
- A preliminary list of Hörður Ágústsson's designs for printing
- Building conservation surveys and restoration projects
- Hörður Ágústsson's designs for architecture and interiors

1922  
Fæddur í Reykjavík, 4. febrúar.  
Foreldrar Guðrún Guðmundsdóttir og Águst Markússon  
veggföðrarameistari.

1941  
Lýkur stúdentsprófi frá stærðfræðideild Menntaskóla Íslands í Reykjavík. Lærir teikningu hjá Finni Jónssyni á menntaskólaárunum.

1941 – 42  
Stundar nám við verkfæðideild Háskóla Íslands.  
Sækir einkatíma i byggingarlisti hjá Einari Sveinssyni arkitekt.

1941 – 43  
Stundar nám við Handíaskóla Íslands. Kennarar Þorvaldur Skúlason og Kurt Zier.

1944 – 45  
Sækir einkatíma hjá Gunnlaugi Scheving.

1945 – 46  
Nám við Det Kongelige Akademie for de Skenne Kunster i Kaupmannahöfn.

1946  
Dvelst í London frá mai til júlí og sækir m.a. tíma í byggingarlistarsögu við Courtauld Institute of Arts. Heldur þaðan til Reykjavíkur.

1947  
Fer til Parísa um vorið.  
Innritast í Académie de la Grande Chaumiére.

1948  
Dvelst í einn mánuð á Ítalíu um sumarið.

1949 – 50  
Sækir einkatíma hjá Marcel Gromaire í París.

1949  
Fyrsta einkasýning hjá Galerie Raymond Duncan í París í júní og fyrsta einkasýning á Íslandi í Listamannaskálunum í Reykjavík í október.

1952  
Flyst heim frá París.

1952  
Stofnandi og í ritstjórn tímartsins Vaka (1952 – 53).

1953  
Kennari við Myndlistarskólanum í Reykjavík (1953 – 59).

Flytur ávarp á Haustsýningunni í Listamannaskálunum í september, fyrstu samsýningu bar sem eingöngu var sýnd hrein abstraktlist.

Gerir fyrstu veggmyndina, Danislíjuna, fyrir útibú Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 118.

1955 – 56  
Fer út til Parísa um haustið sem fararstjóri myndlistarhóps. Fer aftur út í janúar og sækir kvöldskóla í auglýsingateiknum fram á sumar.

1955 – 68  
Stofnandi og í ritstjórn tímaritsins Birtings.

1956 – 62  
Vinnur fyrir sér sem auglýsingateiknari.

1957  
Gerir veggmynd i kaffistofu Arnarhváls.

Gerir veggmynd í Samvinnuskólanum að Bifröst í Borgarfirði.

Gerir teikningar og kápu og sér um útlit ljóðabókar Einars Braga, Regn í mai.

1958 – 59  
Gerir veggmynd í vinnuskála á Reykjalandi.

1958 – 62  
Sítur í stjórn Félags íslenskra myndlistarmanna (FÍM).

1961  
Hlýtur fyrst styrk úr Visindasjóði til að kenna íslenska húsagerði til sjávar og sveita á síðari örðum. Ferðast sumarið 1961, ásamt Skarphéðni Haraldssyni ljósmyndara, um Vestfirði. Rannsóknarferðir í alla landshluta næstu ár á eftir með tilstyrk Visindasjóðs.

Hlýtur styrk úr sjóði Barbóru og Magnúsar Árnasonar. Fer til Parísa.

1962  
Hefur kennslu við Myndlista- og handíaskólanum.

Teiknar innréttningar og sér um litavál fyrir Kópavogskirkju, sem vigð var 16. desember.

1963 – 71  
Í stjórn Árbæjarsafns.

1965  
Hlýtur viðurkenningu Félags íslenzkra teiknara fyrir útlit bókanna Mauridaskógrar eftir Jón úr Vör og Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti.

1965 – 68  
Skipaður í nefnd til að endurskoða lög um formminjan og byggðasöfn ásamt Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara.

1967 – 70  
Fyrsta húsakönnunin gerð, Húsakönnun í Reykjavík, gamli borgarhlutinn, ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt.

1968  
Í starfshópi um ráðgjöf og eftirlit með endurgerð Viðeyjarstofu ásamt Þór Magnússyni og Kristjáni Eldjárn. Endurgerðin var í höndum Þorsteins Gunnarssonar.

1968 – 75  
Skólastjóri Myndlista- og handíaskóla Íslands og kennari þar til 1989.

1969 – 71  
Stofnandi og formaður félagsins Listiðnar.

1970  
Tekur sæti í stjórn húsafríðunarnefndar við stofnun hennar og situr þar til 1995.

1971  
Likán að þjóðveldisbæ fullgert í febrúar.

1972  
Tekur sæti í stjórn Torfusamtakanna.

Sýningin Hér stóð bær. Likán að þjóðveldisbæ opnuð í mars.

1974 – 77  
Gerir verktteikningar af þjóðveldisbæ á Skeljastöðum og hefur umsjón með byggingu hans.

1975  
Tekur sæti í Visindafélagi Íslendinga.

1977 – 81  
Sítur í safnráði Listasafns Íslands sem fulltrúi menntamálaráðuneytisins.

1982 – 2001  
Formaður Hins íslenzka fornleifafélags.

1983  
Haldin er yfirlitssýning á verkum hans í Listasafni Íslands í október-nóvember.

1989  
Hlýtur verðlaun úr Verðlaunajóni Ásu Guðmundsdóttur Wright.

1991  
Hlýtur íslensku bókmenntaverðlaunin 1990 fyrir Skálholt Kirkjur.

Sæmdur heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands.

Félagi í Det Norske Videnskabsakademí.

1992  
Kjörinn heiðursfélagi í Arkitektafélagi Íslands.

1997  
Útnefndur borgarlistamaður í Reykjavík.

1999  
Hlýtur íslensku bókmenntaverðlaunin 1998 fyrir íslensk byggingarárleifð I: ágrip af húsa-gerðarsögu 1750 – 1940.

2000  
Hlýtur viðurkenningu Upplysingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, fyrir bestu fræðibók ársins, Íslensk byggingarárleifð I og II.

2001  
Sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaordu.

## Sérsýningar

1949  
Galerie Raymond Duncan, París. Exposition peintures, dessins, Hoerdur, peintre islandais, 18. júní – 1. júlí 1949 [sýningarskrá].

Listamannaskálinn, Reykjavík. Málarverksýning, 15. september – 26. september 1949 [sýningarskrá].

1951  
Galerie Breteau, París. Hoerdur, 5. – 17. júlí 1951.  
Listamannaskálinn, Reykjavík. Málarverksýning, 14. – 25. október, 1951 [sýningarskrá].

1954  
Listamannaskálinn, Reykjavík. Málarverksýning, 23. okt. – 2. nóv. 1954 [sýningarskrá].

1959  
Listamannaskálinn, Reykjavík. Málarverksýning Harðar Ágústssonar, 29. águst. – 13. sept. 1959 [sýningarskrá].

1960  
Ásmundarsalur, Reykjavík, 14. maí – 24. maí 1960.

	Samsýningar	
1962	Mokkakaffi, Reykjavík. Mai	1954
	1962. Café Scandia, Akureyri.	Ráðhús Kaupmannahafnar, Den officielle islandske kunststudstilling. Maleri og skulptur, 1. – 12. apríl 1954.
1965	Bogasalur Þjóðminjasafnsins, Reykjavík. Svarthvitt, Hörður Ágústsson sýnir teikningar, 5. – 14. nóvember 1965 [sýningarskrá].	1971
		Norræna húsið, Reykjavík. Haustsýning FIM, 4. – 19. september [sýningarskrá].
1972	Galleri SÚM, Reykjavík. Úr formamálu 1961 – 1971, 25. mars – 9. apríl 1972 [sýningarskrá].	1973
		Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Haustsýning FIM, 22. – 30. september 1973 [sýningarskrá].
1975	Listasafn ASÍ, Reykjavík. Landsmáni 1957 – 63, 25. mars – 9. apríl 1972 [myndskrá].	1974
		Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Íslensk myndlisti i 1100 ár, Listahátið i Reykjavík, júní – ágúst 1974 [sýningarskrá].
1976	Norræna húsið, Reykjavík. Hörður Ágústsson, 8. – 18. maí 1975 [sýningarskrá].	1975
		Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Haustsýning FIM, 7. – 22. september 1974 [sýningarskrá].
1983	Listasafn Íslands, Reykjavík. Yfirlitssýning. Okt. – nóv. 1983 [sýningarskrá].	1977
		Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Haustsýning FIM, 8. – 23. október 1977 [sýningarskrá].
1989	Listasalurinn Nýhöfn, Reykjavík. Hörður Ágústsson. Portrett frá Paris-teikningar 1947 – 1949, 2. – 13. sept. 1989 [sýningarskrá].	1978 – 79
		Malmö Konsthall, Malmö. Avant-garde: Elva moderna isländska konstnärer = Eleven contemporary Icelandic artists, 9. desember – 18. febrúar 1979 [sýningarskrá].
1990	Listasalurinn Nýhöfn, Reykjavík. Hörður Ágústsson. Ljóðrænar fansanir frá árunum 1957 – 1963 og 1973 – 1977, 29. sept. – 17. okt. 1990 [sýningarskrá].	1979
		FIM salurinn Reykjavík. Maximal-minimal, júní 1979.
1993	Hólum í Hjaltadal. Hölahátið, ágúst 1993.	1980
		Minnesota Museum of Art, Minneapolis. Í samvinnu við Listasafn Íslands. Icelandic art 1944 – 79, september – október 1979 [sýningarskrá].
2002	Galleri i8, Reykjavík. Hörður Ágústsson, 21. mars – 5. maí 2002 [sýningarskrá].	1981
		Möstings Hus, Frederiksberg. Det størke lys, Nyere islandsk kunst, 27. febrúar – 15. mars 1981 [sýningarskrá].
2004	Listvinafélag Hallgrímskirkju, Reykjavík, 28. febr. – 26. maí 2004.	1987
		Kjarvalsstaðir, Reykjavík. Íslensk abstraktlist, Málverk, höggmyndir, janúar – febrúar 1987 [sýningarskrá].
1949	Salon d'Automne, París, október	1987 – 88
		Helsingfors, Norrköping, Høvik-odd, Reykjavík, Odense. Konkret i Norden, Norraen konkretist 14.11.1987 – 16.10.1988 [sýningarskrá].
1949	Reykjavíkursýningin, í nýreistu húsi Þjóðminjasafns Íslands [sýningarskrá].	
1950	Galerie St. Placide, París. Cinc islandais, 14. – 28. apríl 1950.	
1950	Salon de Mai, París, 9. – 31. maí 1950 [sýningarskrá].	
1951	Ateneum, Helsinki. Nordisk konst = Pohjoismaiden taideita, Nordiska Konstförbundets 5 årsutställning, 25. mars – 23. april [sýningarskrá].	
1951	Salon des Indépendants, París.	
1951	Listasafn Íslands, Reykjavík. Íslensk myndlist, yfirlitssýning, forsyning verka sem áttu að fara til Noregs á vegum menntamálaráðs [sýningarskrá].	
1952	Kunstnernes Hus, Oslo. Den officielle islandske Kunstudstilling 1951. Malerier, skulpturer, akvareller, tegninger, grafikk, sýning í Noregi á vegum Listasafns Íslands í boði Bildende Kunstnernes Styre og Kunstnernes Hus, Oslo, 27. janúar – 18. febrúar. Sýningarstaðir í Noregi, auk Oslo: Stavanger, Haugesund, Bergen, Álasund og Prændheimur [sýningarskrá].	
1952	Salon de Mai, París, 8. – 31. maí 1951 [sýningarskrá].	
1952	Salon des Indépendants, París.	
1952	Palais des Beaux Arts, Bruxelles. Art islandais = Islandæs kunst, 5. – 27. apríl 1952 [sýningarskrá].	
1952	Galerie de Beaune, París. Salon d'Octobre, París. 24. október – 14. nóvember 1952 [sýningarskrá].	
1953	Listvinasalurinn, Reykjavík. „Úr naustum“. Bátá- og sjávarmyndir, október 1952 [sýningarskrá].	
1953	Listamannaskálinn, Reykjavík. Haustsýning, ásamt Eiríki Smith, Karli Kvaran, Svarari Guðnasyni og Sverri Haraldsyni, 17. september – 30. október 1953.	
1955	Listamannaskálinn, Reykjavík. Listsýning til Rómar, forsyning, Islandsdeild norræna listbandalagsins, 4. – 6. febrúar 1955 [sýningarskrá].	
1955	Palazzo delle Esposizioni, Róm. Arte Nordica Contemporanea, á vegum Nordisk kunstförbund, apríl – maí 1955.	
1955	Gorkijgarðurinn, Moskvu. Alþjóðleg listsýning á heimsmóti æskunnar.	
1958	Listamannaskálinn, Reykjavík. Félag íslenzkra myndlistarmanna. Almenn listsýning í Listamannaskálanum 3. – 18. maí 1958 [sýningarskrá].	
1958	Arkivmuseet, Lund.	
1961	Listamannaskálinn, Reykjavík. Myndlistarsýning í Listamannaskálanum. Bókaútgáfan Helgafell (sýning á gjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands), júní 1958 [sýningarskrá].	
1961	1962	
	Listamannaskálinn, Reykjavík. Listsýning í Listamannaskálanum 3. – 11. maí 1962, menningarvika hernámsandstæðinga [sýningarskrá].	
1962	Listamannaskálinn, Reykjavík. Haustsýning FIM, 1. – 16. september [sýningarskrá].	
1964	Listamannaskálinn, Reykjavík. Listahátið Bandalags íslenzkra listamanna. Sýning Félags íslenskra myndlistarmanna í Listasafni Íslands, 7. – 19. júní 1964 [sýningarskrá].	
1964	1965	
	Kópavogur. Kópavogur 10 ára: 1955 – 11. maí – 1965. Samsýning á vegum Félags íslenzkra myndlistarmanna [sýningarskrá].	
1966	1969	
	Haustsýning FIM [sýningarskrá].	

1988  
Listasafn Íslands, Reykjavík.  
Aldarspegl, íslensk myndlist í eigu safnsins 1900 – 1987, 30.  
janúar – 15. maí 1988  
[sýningarskrá].

1996  
Hafnarborg, Hafnarfjörður.  
Íslensk portrett á tuttugustu öld,  
8. júní – 8. júlí 1996 [sýningarskrá].

1998  
Listasafn Íslands, Reykjavík.  
Draumurinn um hreint form /  
Dream of pure form: íslensk  
abstraktlist 1950 – 1960, 11.  
september – 25. október 1998  
[sýningarskrá].

1999  
Listasafn Íslands, Reykjavík.  
Náttúruhrið, 24. apríl – 24. maí  
1999.

Menningarmiðstöðin Gerðu-  
berg, Reykjavík. Petta vil ég sjá:  
Fríðrik Þór Fríðriksson velur,  
21. október – 14. nóvember  
[sýningarskrá].

2000  
Listasafn Íslands, Reyk-  
javík, íslensk myndlist á 20.  
öld, sumarsýning, 24. júní  
– 27. ágúst 2000.

2002  
Listasafn Íslands, Reykjavík.  
Sumarsýning: úrvil verka í eigu  
safnsins, 25. júní – 1. september  
2002.

2003  
Listasafn Íslands, Reykjavík.  
Sumarsýning, 24. maí – 31.  
ágúst 2003.

## Viðtol og afmælisgreinar

1951  
Geir Kristjánsson, Listaverk er eins og prentmynd af mannlegum huga: viðtal við Hörð Ágústsson, listmálara. Gandur: vikublað um bókmenntir, listir og önnur menningarmál 1 [1], 1951.

1959  
B.Ó. [Baldr Óskarsson],  
Heimsarkitektur með ljóðraenni  
andstæðu: Hörður Ágústsson  
listmálarí söttr heim. Timinn,  
2. september 1959.

1961  
B.Ó. [Baldr Óskarsson]. Þeir  
mega ekki setja jarðytu á betta  
eins og það væri flag. Timinn,  
8. nóvember 1961.

1964  
Viðindasjóðsstyrkþegi: Hörður  
Ágústsson listmálarí rannsakar  
íslenska byggingarálist. Pjöð-  
villinn, 9. ágúst 1964.

1967  
Dagur Þorleifsson. Að fortíð  
skal hyggja ef frumlegt skal  
byggja – Rætt við Hörð Ágúst-  
son, listmálarí, um býlingu  
Bauhausskólastans, forna  
íslenska byggingalist o.fl. Víkan  
29 [2], bls. 26 – 33.

1974  
Guðrún Egilson, Listiðnaður á  
Íslandi. Sjónmenntir hafa átt í  
vök að verjast. Guðrún Egilson  
ræðir við Hörð Ágústsson um  
íslenskan listiðnað og hönnun  
fyrir og nú. Lesibók Morgun-  
blaðsins, 17. nóvember 1974,  
bls. 6 – 9.

Menningararfleif Í húsagerð-  
arlist. Rætt við Hörð Ágústsson  
listmálarí. Fyrri grein. Timinn,  
12. maí 1974.

Samspil fortíðar og nútíðar.  
Rætt við Hörð Ágústsson list-  
málarí. Síðari grein. Timinn,  
19. maí 1974.

VS. Kirkjubyggingar að fornu  
og nýju. Rætt við Hörð Ágúst-  
son, Timinn, 3. nóvember 1974.

1975 – 1976  
Jón Valur Jansson, Kirkjubygg-  
ingar og íslenzk menningar-  
saga. Viðtal við Hörð Ágúst-  
son, listmálarí. Orðið 10 [2],  
bls. 9 – 20.

Aðalsteinn Ingólfsson. „Efnið  
og andini. Viðtal við Hörð  
Ágústsson um sýningu hans  
að Kjarvalsstöðum.“ Dagblaðið,  
9. október 1976.

MS. „Þa reið [að] honum  
brúnásinn ...“. Morgunblaðið,  
3. september 1976.

1977  
Niðurstöður rannsóknar birtar  
í húsi í stað orða seigir Hörður  
Ágústsson listmálarí um það  
verk sem hann hefur stjórnad.  
Morgunblaðið, 24. júní 1977.

1979  
U. Stef. Húsakönnun í Stykk-  
ishólmi. Samtal við Hörð  
Ágústsson, listmálarí og forn-  
húsafræðing. Sveitarstjórnarmál  
39 [2], 1979, bls. 68 – 72.

1982  
Kjartan Guðjónsson, Einar  
Bragi, Hildur Hákonardóttir  
og Thor Vilhjálmsson. Hörður  
Ágústsson sextugur. Pjöðvillinn,  
4. febrúar 1982. [Afmælis-  
greinar]

1983  
Á. B. [Árni Bergmann] Tveir  
menn í einum – og báðir vilja  
ráða ferðinni. Pjöðvillinn, Sunnu-  
dagsblað, 5. – 6. nóvember  
1983.

„Hið óskiljanlega skiptir mestu  
máli í myndlist“ – rætt við Hörð  
Ágústsson, sem í dag opnar  
yfirlitssýningu á Listasafni  
Íslands. Morgunblaðið, 29. okt-  
óber 1983.

Tiskustefnur eru vaxtarsprotar  
nýrrar hugsunar. Rætt við Hörð  
Ágústsson listmálarí i tilefni  
yfirlitssýningar hans í Listasafni  
Íslands. Morgunblaðið, 22.  
nóvember 1983.

1987  
Bera Nordal. Viðtal við Hörð  
Ágústsson listmálarí. Konkret  
i Norden/Pohjoisen konkret-  
ismi/Norren konkretist/Nordic  
concrete art 1907 – 1960.  
Helsingfors, Nordiskt Konst-  
centrum, 1987, bls. 178 – 182.  
Texti á íslensku og ensku.

1989  
Ólafur Gíslason. Eigum mynd-  
listarhefð er jafnast á við  
bókmennatahefðina. Rætt við  
Hörð Ágústsson listmálarí.  
Pjöðvillinn, 15. desember 1989.

Flatatungufjallir og Bjarnastaða-  
hliðarfjallir: Nýjar kenninguar um  
uppruna og aldur. Morgunblað-  
ið, 7. desember 1989.

Susanna Svarasdóttir. Hörður  
Ágústsson, listmálarí: Ég hef  
aldrei verið bóhem. Morgunblaði-  
ði, 2. september 1989.

LG. Portrett á móti straumannum.  
Hörður Ágústsson: Íslendingar  
geta enn ekki metið teikning-  
una að verðleikum. Nýtt helgar-  
blað, 8. september 1989.

1992  
Saga hámenningar miðalda.  
Helgarblaðið, 24. apríl 1992.

Pór Magnússon og Hjörleifur  
Stefánsson. Afmaeliskveðja.  
